**JÓNA KRISTÍN HEIMISDÓTTIR FEGURÐARDROTTNING**

*Prófar hjólið í sumar*

• Heilsa • Tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**INGVI HRAFN JÓNSSON**

*Flyst á kvölddagskrá NFS*

Heldur eldræður sínar á besta tíma

FÓLK 38






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. maí 2006 — 116. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Óttast umtalsverða hækkun á eldsneyti

**Erlendir fjölmiðlar spá því að heimsmarkaðsverð á olíu geti hækkað mikið á næstunni. Erfitt að spá fyrir um verðþróun, segja talsmenn stærstu íslensku olíufyrirtækjanna. Spenna á alþjóðlegum vettvangi veldur hækkunum.**

**OLÍUVERÐ** Erlendir fjölmiðlar spá því að heimsmarkaðsverð á olíu geti hækkað mikið á næstu misserum vegna spennu í málefnum Írans. Mikil eftirspurn eftir olíu í Kína og vaxandi deilur milli stjórnarandstæðinga og stjórnvalda í Nígeríu, stærsta olíuframleiðanda Afríku, eru einnig talin hafa áhrif á þróun verðsins.

Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri eldsneytis hjá Esso, segist ekki bjartsýnn á þróun olíuverðsins á næstunni og telur líklegt að það hækki. „Nýjustu fréttir sem varða Íran og kjarnorkutilraunir þeirra eru slæmar og ekki til að draga úr þeirri spennu sem búin er að vera. Markaðurinn virðist ekki þola að menn opni munninn þarna úti því þá fer allt af stað. Þetta er síðan allt háð genginu og ég er ekki bjartsýnn á að við sjáum breytingar til lækkunar.“

Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að eldsneytisverð gæti farið yfir eitt pund á lítra, sem er um 135 íslenskar krónur á hvern lítra. Því er spáð að verðið gæti hækkað umtalsvert í þessum mánuði.

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri vörustýringasviðs Olís, telur margt benda til þess að olíuverð eigi eftir að hækka enn frekar á næstu mánuðum. Erfitt er þó að meta áhrifin til lengri tíma. „Heimsmarkaðsverð er hátt og þá hefur veiking íslensku krónunnar einnig sín áhrif. Það er erfitt að segja til um það hvernig verðþróunin verður á næstu misserum. Það er ljóst að eftirspurn í Kína og spenna í Mið-Austurlöndum, sérstaklega í Íran og Írak, hefur haft mikil áhrif til hækkunar. Eftir því sem spennan eykst í þessum heimshluta þá má búast við því að olíuverð hækki.“

Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri neytendasviðs Skeljungs, vonast til þess að olíuverð hækki ekki meira. „Það eina sem ég get sagt er að ég vona að verðið hækki ekki meira. Markaðurinn virðist vera að sætta sig við hátt olíuverð. En það er ómögulegt að segja og verðið gæti þess vegna lækkað snöggléga en það er fátt sem bendir til þess.“ **- mh/ - shá**




**FRÁ HÁTÍÐARHÖLDUM Í REYKJAVÍK** Fólk á öllum aldri hópaðist niður í miðbæ Reykjavíkur í gær í tilefni baráttudags verkalýðsins. Í fararbroddi gengu fánaberar en Lúðrasveitin verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur sáu um að mynda réttu stemninguna. Í ávörpum dagsins voru hitamál dagsins reifuð en sígild krafa um jöfnuð og réttlæti til handa hinum vinnandi stéttum var þó fyrirferðarmest. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ekki hefur enn verið gengið frá dagskrá Alþingis og enn ósamið um mál:

# Ekkert ákveðið um þinglok

**STJÓRNMÁL** Ekki var gengið frá dagskrá Alþingis um helgina, en ráðgert hafði verið að ljúka henni á miðvikudag eða fimmtudag. Líklegt er að þinglok tefjist fram undir næstu helgi, verði ekki tekin ákvörðun um að gera hlé á þingstörfum á miðvikudag og kalla það saman á ný að loknum sveitarstjórnarkosningunum í lok mánaðarins.

Liðlega tuttugu mál eru á dagskrá þingfundar í dag, flest frá ráðherrum, og eru þau misjafnlega langt á veg komin. Þeirra á meðal er frumvarp um að breyta Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í hlutafélag, frumvarp viðskiptaráðherra um hlutafélög í opinberri eigu, frumvarp um tekjuskatt og tvö frumvörp um breytingar á stjórn fiskveiða.

Nokkur mál stjórnarflokkanna eru enn óafgreidd frá nefndum, þeirra á meðal frumvarp um stofnun hlutafélaga um rekstur Flugmálastjórnar og flugvalla innanlands.

Frumvarp um Ríkisútvarpið er ekki á dagskrá þingsins í dag, en það verður tekið til þriðju og síðustu umræðu á morgun. Fjórar breytingar voru gerðar á því í meðförum menntamálanefndar fyrir helgina. Auk frumvarpsins um RÚV er lögð áhersla á að afgreiða frumvarp iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð, en ágreiningur ríkir um það mál enn. **- jh**

**Hilma Gunnarsdóttir sagnfræðingur**



Skipuleggur söguþing á vordögum. Fjölbreytt dagskrá fyrir grúskara, fræðimenn og forvitna.

MENNING 42

**Af sóðaskap**



Inga Rósa Þórðardóttir vill skera upp herör gegn rusli. Nú skal draga fram refsivöndinn og sekta sóðana sem eru gripnir glóðvolgir.

Í DAG 18

**Leikstýrir vinsælasta þætti heims**

Íslenski kvikmyndatökumaðurinn Egill Örn Egilsson leikstýrir tveimur þáttum í nýjustu þáttaröð CSI: Miami.

FÓLK 38



**Niðurtalningin hafin**



Fréttablaðið og sjónvarpsstöðin Sýn spá saman fyrir um Landsbankadeildina í knattspyrnu sem hefst eftir tvær vikur. Umfjöllunin hefst með liðum ÍBV og Breiðabliks.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGUR Í FYRSTU** í dag verður hæg austlæg átt á landinu en allhvasst suðaustan til í kvöld. Dálítil rigning eða skúrir suðaustan til, annars bjart með köflum en þykknar víða upp síðdegis. Vaxandi úrkoma suðaustan til í kvöld. Hiti 4-8 stig.

VEÐUR 4






**SÆRÐUR MAÐUR** Óbreyttir borgarar færa slasaðan mann á sjúkrahús í Jammu í Indlandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hrottalegar árásir:

# Hindúar myrtir í Indlandi

**INDLAND, AP** Þrjátíu og fimm manns létust í átökum í Indlandi í gær, í ofbeldisöldu sem beinst hefur gegn hindúum í Kasmír-héraðinu, að sögn indversku lögreglunnar.

Vígamenn dulbúnir sem hermenn lokkuðu þorpsbúa út af heimilum þeirra og skutu 22 þeirra til bana í gær og særðu marga, og á sunnudag voru 13 fjárhirðar myrtir. Þó að flestir íbúar Indlands séu hindúar, þá eru múslimar í meirihluta í Kasmír. Múslimskir uppreisnarmenn hafa barist fyrir sjálfstæði Kasmír árum saman og nærri 67.000 manns hafa farist í þeim átökum. **- smk**

Baráttudagur verkalýðsins:

# Margmenni um allt land

**VERKALÝÐSBARÁTTA** Hátíðarhöld í tilefni baráttudags verkalýðsins voru haldin víða um land í gær. Alþýðusamband Íslands fagnaði auk þess níutíu ára afmæli sínu auk fjölda verkalýðs- og sjómannafélaga um land allt sem fögnuðu stórum sögulegum áföngum.

Í Reykjavík stóðu fjögur verkalýðsfélög fyrir kröfugöngu sem náði hámarki í hátíðardagskrá á Ingólfstorgi. Þar voru haldin ávörp og boðið upp á skemmtiatriði sem göngumenn nutu í mildu vorveðri. Að þessu sinni voru skilaboð dagsins „Ísland allra! – velferð alla ævi.“

Á Akureyri var skemmtun í Alþýðuhúsinu en kröfuganga var ekki farin eins og undanfarin ár.

- shá / sjá síðu 6





## SPURNING DAGSINS

*Rannveig, tekur þú það óstinnt upp þegar lyf eru auglýst?*

„Ef það er ekki gert rétt þá tek ég það óstinnt upp.“

Lyfjastofnun kannar auglýsingar á stinningarlyfjum á heimasíðunni www.36.is. Fyrirtækið gæti þurft að fjarlægja auglýsingarnar. Rannveig Gunnarsdóttir er forstjóri Lyfjastofnunar.

Heilbrigðisráðherra segir það taka tíma að finna rými fyrir aldraða sjúklinga:

# Dvelja áfram á sjúkrahúsum

**STJÓRNMÁL** „Nú þegar er búið að gera margt gott en það þarf að fjölga úrræðum og það ræðst af því hvernig okkur í ráðuneytinu tekst að semja við hjúkrunarheimilin um aukinn forgang,“ segir Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, vegna þess fjölda aldraðra sjúklinga sem búa á spítölum þar sem ekki er rými fyrir fólkið á hjúkrunar- eða dvalarheimilum.

Ráðherra vill ekki tímasetja hvenær þeir tæplega hundrað öldruðu sjúklingar sem nú þurfa að dvelja á Landspítalanum mega vænta þess að fá lausn sinna mála. Hún segir ekki eingöngu við ríkið að sakast. „Það er mjög ankannalegt að hlusta á forsvarsmenn sveitarfélaganna því þau hafa gríðarlegum skyldum að gegna. Innan ráðuneytisins munum við skoða á næstu vikum og mánuðum hvað vænlegast sé til bóta. Það er pottur brotinn í vistunarmati og ljóst að það kerfi þarf endurskoðunar við. Mun fleiri aldraðir geta og vilja vera lengur á heimilum sínum og þá þarf að skoða bætta og öflugari heimahjúkrun til að það sé raunhæfur kostur. Við leitum leiða til að auka forgang fólks af spítölum inn á hjúkrunarheimilin og fyrstu skrefin til lausnar hafa verið tekin.“ **- aöe**



**YFIRFULL HJÚKRUNARHEIMILI** Tæplega 100 eldri borgarar bíða þess að komast á hjúkrunarheimili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ofsaakstur á Blönduósi:

## Sáttur við að borga sekt

**LÖGREGLUMÁL** Norðmaður á fimmtugsaldri var handtekinn af lögreglunni á Blönduósi um hálfellefuleytið í gærmorgun eftir að hafa ekið á tæplega 150 kílómetra hraða.

Að sögn lögreglunnar á Blönduósi gaf maðurinn þá skýringu á ofsaakstrinum að hann væri að missa af flugvél sem hann hugðist taka á Keflavíkurflugvelli.

Sagðist hann vera sáttur við að borga „aðeins“ þrjátíu þúsund í sekt því svipaðar sektir í Noregi eru tekjutengdar. Hefði hann því lent heldur verr í því í heimalandinu. **-fb**

Slys á Kanaríeyjum:

## Lést af völdum slæmra áverka

Átján ára piltur, Jónatan Helgi Rafnsson, lést í gær af völdum áverka sem hann hlaut eftir að hafa fallið niður af svölum á fjórðu hæð hótels á Las Palmas á Kanaríeyjum hinn 3. apríl.

Jónatan Helgi höfuðkúpubrotnaði illa við fallið, auk þess að lærbrotna og brotna á brjóstkassa.

Honum var haldið sofandi í öndunarvél á sjúkrahúsi ytra eftir slysið.

Jónatan var fæddur 30. ágúst 1987 og lætur eftir sig kærustu. **- mh**



**BENSÍNI DÆLT** Demókratar í Bandaríkjunum ásaka repúblikana um að fóðra vasa olíuframleiðenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Demókratar um olíu:

## Þingið fórnar náttúrunni

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar í Bandaríkjunum ásökuðu repúblikana á laugardag um að veita olíufyrirtækjum skattaafslátt á sama tíma og iðnaðurinn þénaði meira en nokkurn tímann fyrr og almenningur neyddist til að greiða sífellt hærra bensínverð.

Þingmaðurinn Bart Stupak var afar harðorður í ræðu sem hann hélt í útvarpi og sagði repúblikanastýrt þingið fórna náttúrunni í tilraun til að vinna meiri olíu á heimavelli. Hann hvatti George W. Bush Bandaríkjaforseta til að láta rannsaka hvort olíufyrirtækin væru að plokka peninga af neytendum.

Hagnaður Exxon Mobil Corp., stærsta olíufyrirtæki Bandaríkjanna, jókst um sjö prósent fyrstu þrjá mánuði þessa árs. **- smk**

# Bíða í tíu daga eftir sálfræðiþjónustu

**Fangar á Litla-Hrauni þurfa að meðaltali að bíða tíu daga eftir sálfræðiþjónustu innan veggja fangelsisins. Þetta er of langur tími, segja Atli Helgason, talsmaður fanga, og Þórarinn Viðar Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.**

**FANGELSISMÁL** Meðalbiðtími fanga á Litla-Hrauni eftir sálfræðiþjónustu er samkvæmt upplýsingum fangelsisyfirvalda tíu dagar. „Það þarf að stytta þennan biðtíma,“ segir Þórarinn Viðar Hjaltason, starfandi sálfræðingur á Litla-Hrauni.

Boðið eru upp á sálfræðiþjónustu á Litla-Hrauni þrjá daga vikunnar. Tveir sálfræðingar eru með viðtalstíma á mánudögum en einn sálfræðingur sinnir viðtölum innan veggja fangelsisins á þriðjudögum og fimmtudögum. Geðlæknir er með viðtöl einu sinni í viku, á fimmtudögum.

Þórarinn segir biðtímann eftir sálfræðiþjónustu innan fangelsisins hafa styst á undanförnum árum. „Við reynum að haga málum þannig að biðtíminn sé ekki langur. Við leggjum áherslu á hann sé ekki lengri en gengur og gerist úti í þjóðfélaginu. Ef upp koma alvarleg atvik, þegar fangi þarf á bráðri hjálp frá sálfræðingi að halda, þá reynum við alltaf að bregðast fljótt við því. Ábendingar um slík tilfelli koma ýmist frá föngum, fangavörðum eða fjölskyldum viðkomandi fanga.“



**ATLI HELGASON**

Atli Helgason, talsmaður fanga á Litla-Hrauni, telur að nauðsynlegt sé að meta þörfina eftir sálfræðiþjónustu innan veggja fangelsisins til þess að hægt sé að draga raunhæfar ályktanir út frá tölunum sem fyrir liggja um biðtíma.

Slíkt mat hefur ekki verið unnið. „Það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvort meðaltalsbiðtími eftir sálfræðiþjónustu sé langur eða stuttur tími. Það liggur ekki fyrir mat á þörfinni eftir sálfræðiþjónustu innan fangelsisins, sem er grunnforsenda fyrir því að geta metið aðstæður rétt. En að mínu mati er það alveg ljóst að biðtíminn er of langur.“

Fangar óska eftir viðtali hjá sálfræðingi með því að leggja fram beiðni til fangavarða, sem koma skilaboðunum áfram til sálfræðinga Fangelsismálastofnunar. Atli segir hafa borið á því að beiðnir fanga um sálfræðiþjónustu hafi ekki skilað sér alla leið. „Við höfum að undanförnu verið að kanna hug fanga til heilbrigðisþjónustu innan fangelsisins. Við ætlum okkur að vinna upp úr niðurstöðum könnunarinnar. Ég geri mér fulla grein fyrir því að sálfræðiþjónustan er lítil. En eftir vinnuna við skýrsluna ætti að liggja fyrir hvað þarf að gera til þess að mæta þörfum fanganna.“

**magnush@frettabladid.is**



**FRÁ LITLA-HRAUNI** Fangar á Litla-Hrauni þurfa oft að bíða lengi eftir sálfræðiþjónustu. Ekki hefur verið vel rannsakað hversu mikla þjónustu þarf að bjóða upp á innan veggja fangelsisins á Litla-Hrauni, svo að þörf fanga sé mætt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**PAPINOS** Brotist var inn á pitsustaðinn Papinos við Núpalind í fyrrinótt.

Pitsustaður í Kópavogi:

## Fjórir teknir eftir innbrot

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn á pitsustaðinn Papinos við Núpalind í Kópavogi um þrjúleytið í fyrrinótt. Að sögn lögreglunnar í Kópavogi sást bifreið aka frá staðnum og náðist að stöðva hana skömmu síðar.

Fjórir menn um tvítugt voru handteknir og færðir í fangageymslu. Eru þeir grunaðir um fleiri innbrot undanfarið og er málið í rannsókn. **- fb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldur í blaðagámi** Eldur kviknaði í blaðagámi við Lóuhóla í Reykjavík á miðnætti í fyrrakvöld. Skömmu áður, eða um hálfellefuleytið kviknaði í plaströrum við Geldinganes. Gekk greiðlega að slökkva eldana. Slökkviliðið var einnig kvatt út til að ná í kött sem var fastur uppi í tré í Barrholti.

**Tekinn á Selfossi** Ökumaður grunaður um ölvun við akstur var handtekinn um fimmleytið í fyrrinótt á Selfossi.

## ÍRAN

**Olían greiðir leið** Aðstoðarolíumálaráðherra Írans, Nejad Hosseinian, sagði á sunnudag að ekki kæmi til greina að Sameinuðu þjóðirnar myndu grípa til refsiaðgerða gegn Íran, einfaldlega vegna þess að það myndi valda of mikilli verðhækkun á olíu í heiminum. Öryggisráð SÞ hefur nú mál Írana til umræðu því Íranar hafa neitað að hætta auðgun úrans.




Bandaríkjastjórn fjallar um fanga í Guantanamo-fangabúðunum:

# Þorir ekki að sleppa föngum

**BANDARÍKIN** Bandarísk yfirvöld segjast ekki þora að senda fanga, sem þau halda í fangabúðum við Guantanamoflóa á Kúbu, til síns heima því þau óttast að yfirvöld í heimalöndum þeirra muni ekki koma vel fram við þá. Þar af leiðandi verður engum föngum sleppt á næstunni, að sögn talsmanns varnarmálaráðuneytisins, Jeffrey Gordon. Þetta kom fram á fréttavef New York Times á sunnudag.

Af um 490 föngum í fangabúðunum hafa eingöngu um 10 verið formlega ákærðir, og hafa mannréttindasamtök og stjórnvöld ýmissa landa hvatt Bandaríkjastjórn til að láta loka búðunum vegna gruns um illa meðferð á föngum þar. Bandaríkin hafa brugðist við með því að segjast tilbúin til að sleppa hluta fanganna, en nú virðist lítið ætla að verða úr þeim ákvörðunum í bráð.



**FANGI FLUTTUR** Mynd tekin í byrjun apríl í Guantanamoflóafangabúðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ónafngreindir talsmenn ríkisstjórna heimalanda fanganna hafa sagt gagnrýni varnarmálaráðuneytisins koma úr hörðustu átt, þar sem undanfarin ár og mánuði hefur mikil athygli beinst að meintum pyntingum Bandaríkjahers á föngum, bæði í Guantanamo-búðunum, sem og í Abu Ghraib-búðunum í Írak. Jafnframt hafa dómar fallið undanfarið í Bandaríkjunum vegna pyntinga bandarískra hermanna á föngum í Írak. **- smk**




# Kópavogs dagar

## 4.-11. maí 2006

### Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Kópavogsbær stendur fyrir Kópavogsdögum 2006 dagana 4.-11. maí í samvinnu við lista- og menningarstofnanir í Kópavogi og fleiri aðila en þetta er í þriðja sinn sem þeir eru haldnir. Á Kópavogsdögum verður metnaðarfull og fjölbreytt dagskrá í boði fyrir íbúa Kópavogs og nágrannasveitarfélaga.

**Velkomin á Kópavogsdaga**
**Kynntu þér spennandi dagskrá á www.kopavogur.is**

AP almannatengsl / H2 hönnun

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 28.04.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,54 | 74,9 |
| Sterlingspund | 134,75 | 135,41 |
| Evra | 93,51 | 94,03 |
| Dönsk króna | 12,53 | 12,604 |
| Norsk króna | 12,037 | 12,107 |
| Sænsk króna | 10,051 | 10,109 |
| Japanskt jen | 0,6522 | 0,656 |
| SDR | 109,57 | 110,23 |

*Gengisvísitala krónunnar*
129,8152

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðherra svarar spurningum um pólitíska aðstoðarmenn ráðherra:

# Mega ráða einn til aðstoðar

**STJÓRNMÁL** Ráðherrum er aðeins heimilt að ráða sér einn aðstoðarmann á pólitískum grundvelli.

Þetta kom fram í svari Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar, Samfylkingunni, á Alþingi á föstudag. Jón vísaði í viðtal á NFS við Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, en á henni mátti skilja að hún væri annar tveggja aðstoðarmanna menntamálaráðherra.

Jón spurðist einnig fyrir um stöðu fjölmiðlafulltrúa. Hann sagði að hvergi væri að finna heimild til þess að ráða fleiri en einn aðstoðarmann og spurði hvort farið væri að lögum.



JÓN GUNNARSSON,



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

Forsætisráðherra svaraði að auk heimildar til að ráða sér aðstoðarmenn væri ráðherrum heimilt að ráða til sín ráðgjafa tímabundið til verkefna á ákveðnum sviðum, enda stæðu fjárheimildir til þess. Slíkt væri uppi á teningnum í áðurgreindu tilviki.

Össur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, taldi rétt að ráðherrar fengju að ráða þrjá pólitíska aðstoðarmenn. Hins vegar væru ráðuneytisstjórar í ýmsum tilvikum orðnir full pólitískir.

Undir þetta tók Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, sem sagði að þrír síðustu ráðuneytisstjórar hefðu verið ráðnir á pólitískum forsendum án auglýsingar. - jh

Þingkosningarnar á Ítalíu:

## Berslusconi að gefa eftir

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi hefur gefið til kynna að hann sé reiðubúinn til að segja af sér sem forsætisráðherra landsins svo að Romano Prodi geti myndað ríkisstjórn.

Berlusconi ætlar að hitta ríkisstjórn sína í dag, og sagði hann við ítalska blaðamenn að fljótlega eftir það fari hann á fund Carlos Ciampi, forseta Ítalíu. Líkur eru því taldar á að Prodi geti hafið ríkisstjórnarmyndun strax í næstu viku en talið er að hún muni taka langan tíma. Prodi hafði sigur í þingkosningunum í byrjun apríl með naumum meirihluta en fram að þessu hefur Berlusconi ekki viljað viðurkenna ósigur sinn. - sha

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

## Nýsköpun er á landflótta

**ATVINNULÍF** Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir sérúrræðum frá stjórnvöldum til að sporna við landflótta nýsköpunarfyrirtækja. Í ályktun ráðsins segir að það sé á ábyrgð stjórnvalda að búa til umhverfi sem laðar að sér slík fyrirtæki og skapa þannig verðmæt störf.

Stúdentaráð hefur áhyggjur af þróuninni og afleiðingum hennar. Störfum fækkar í rannsóknartengdum atvinnugreinum og minnkar þar með atvinnutækifæri nýútskrifaðra stúdenta frá Háskóla Íslands í þekkingariðnaði. Til að hámarka þjóðfélagslegan ávinning af átaki Háskóla Íslands um að ná í fremstu röð, verði að vera til nógu mörg störf í þekkingariðnaði til að nýta krafta nemenda sem best. - sdg

Egypska þingið:

## Neyðarlögin framlengd

**EGYPTALAND** Egypska þingið hefur samþykkt að framlengja neyðarlög í landinu um tvö ár sem heimila handtökur meintra hryðjuverkamanna án ákæru. Lögin hafa ætíð verið nokkuð umdeild og hafa ýmis samtök barist hart gegn þeim.



AHMED NAZIF

Forsætisráðherra Egyptalands, Ahmed Nazif, segir að lögin séu mikilvægt vopn í baráttunni gegn hryðjuverkum. Pólitískir andstæðingar Nazifs segja hins vegar að stjórnvöldum hafi mistekist að fækka hryðjuverkum þrátt fyrir neyðarlögin. Neyðarlögin hafa verið í gildi í um aldarfjórðung eða allt frá því að Hosni Mubarak varð forseti landsins eftir morðið á Anwar Sadat. - sha

# RÚV endurgreiði hundruð milljóna

**RÚV þarf ef til vill að endurgreiða afnotagjöld upp á hundruð milljóna ef Eftirlitsstofnun EFTA telur að RÚV hafi þegið ólöglega ríkisaðstoð 1997 til 2005.**

**FJÖLMIÐLAR** Hugsanlegt er að Ríkisútvarpinu verði gert að endurgreiða hluta afnotagjalda ef Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, kemst að þeirri niðurstöðu að RÚV hafi þegið ólöglega ríkisaðstoð árin 1997 til 2005. Upphæðin getur skipt hundruðum milljóna, jafnvel milljörðum króna, ekki síst ef tekið er tillit til vaxta.



**FRÉTTATÍMI SJÓNVARPS** Kærumál gegn RÚV liggur fyrir hjá Eftirlitsstofnun EFTA vegna afnotagjalda sem talin eru hafa gert RÚV kleift að undirbjóða á auglýsingamarkaði.

Ólafur E. Friðriksson, fyrrverandi fréttamaður, segir í lokaritgerð við lagadeild Háskólans í Reykjavík um ríkisrekna fjölmiðla á samkeppnismarkaði, að meginreglan sé sú að ríkisstyrkir séu ólöglegir í Evrópu. Ríkisstyrktir fjölmiðlar verði að hafa skýra skyldu um þjónustu en aðildarríki ESB geti veitt undanþágu og styrki til að þau geti uppfyllt kvaðir um þjónustu.

Árið 2000 fékk Framkvæmdastjórn ESB kvörtun vegna fjárframlaga danska ríkisins til ríkisrekinu sjónvarpsstöðvarinnar TV2, en reksturinn var fjármagnaður með afnotagjöldum og auglýsingatekjum. TV2 hafði fengið mun meiri framlög af afnotagjöldum en hún þurfti og söfnuðust upp sjóðir. Þá var hún undanþegin tekjuskatti. Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að danska ríkinu bæri að endurkrefja TV2 um rúmar 600 milljónir danskra króna ásamt vöxtum, sem svaraði rúmlega einum milljarði danskra króna árið 2004. TV2 hafði verið breytt í hlutafélag í eigu danska ríkisins meðan rannsóknin stóð yfir. Ljóst var að hlutafélagið yrði gjaldþrota ef það yrði krafið um milljarðinn og var farið í endurfjármögnun. Málaferli standa nú yfir.



ÓLAFUR E. FRIÐRIKSSON



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

Hjá ESA er til meðferðar kærumál gagnvart RÚV vegna afnotagjalda sem eru talin hafa gert RÚV kleift að undirbjóða á auglýsingamarkaði. Heildarrannsókn á fjármögnun RÚV stendur yfir og liggur bráðabirgðaálit fyrir. Vakin er athygli á afnotagjöldum og fjárhagslegum fríðindum RÚV og ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins á öllum fjárhagsskuldbindingum og bent á að skylda RÚV sé of víðtæk til að uppfylla kröfur um skýra skyldu um opinbera þjónustu. Bent er á að RÚV hafi margvíslega starfsemi sem falli ekki undir skyldur í almannaþágu, til dæmis á vefsíðu RÚV.

Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, segir að hugsanleg bótaskylda ríkisins hafi ekki verið rædd í nefndinni. „Kærumálið á við ástandið eins og það er núna og frumvarpið er meðal annars hugsað til að bregðast við athugasemdum ESA.“ Sigurður segir ekkert í frumvarpinu sem leiði til þess að íslenska ríkið verði dæmt brotlegt og telur nægilega aðgreint milli almenningsþjónustuhlutverks og samkeppnisstöðu til að uppfylla ákvæði alþjóðlegra skuldbindinga.

Í ritgerðinni segir að í áliti sé talið að RÚV greiði skatta en svo sé ekki. Það getur hækkað endurgreiðsluna enn frekar.

ghs@frettabladid.is

Lagning Dettifossvegar:

## Undrast afstöðu Landverndar

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Sveitarstjórn Skútustaðahrepps undrast mjög afstöðu Landverndar vegna vegarstæðis Dettifossvegar og segir þá sýna heimamönnum lítilsvirðingu.

Eru sveitarstjórnarmenn með öllu ósammála að lagning vegar innan þjóðgarðs sé ógnun eins og Landvernd hefur ályktað um. Samstaða hafi verið um heilsársveg vestan Jökulsárgljúfurs frá öllum sem að komu eftir ítarlegt samráð. Veruleg náttúruvernd felist í að leggja góða vegi að ferðamannastöðum og með viðhorfi sínu sýni Landvernd heimamönnum hroka og tillitsleysi. - aöe

Alexander Milinkevitsj:

## Fangelsi fyrir að mótmæla

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Alexander Milinkevitsj, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi, hlaut fimmtán daga fangelsisdóm fyrir að hafa tekið þátt í óleyfilegri mótmælagöngu í síðustu viku.



BAK VIÐ RIMLANA

Þúsundir manna tóku þátt í mótmælunum, sem haldin voru til þess að koma Alexander Lúkasjenko forsætisráðherra úr embætti.

Bandaríkin, Atlantshafsbandalagið, Öryggis- og samvinnustofnun Sameinuðu þjóðanna og fleiri vestræn ríki og alþjóðastofnanir hafa fordæmt handtökuna. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur í borginni** Lögreglan í Reykjavík svipti mann ökuleyfi sínu eftir að hann mældist á 156 km hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði var 80. Hefur þeim fjölgað mjög undanfarið sem lögregla hefur afskipti af vegna hraðaksturs.


BÍLL DAGSINS
FORD 350 LARIAT
Nýskr 06.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 38 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VINDASAMAUR MORGUNDAGUR
Það er lægð að nálgast suðaustanvert landið og fer að rigna frá henni þegar líður á daginn. Þessi lægð er nokkuð kröpp sem þýðir að eftir sem hún nálgast vex vindur og eru horfur á nokkuð vindasömu veðri, strax í kvöld suðaustan til og víðar á landinu í nótt og á morgun meðan hún gengur fram hjá.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Hæg austlæg átt og bjart veður framan af degi. Þykknar upp þegar líður á daginn. Hiti 5-8 stig í dag.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Allhvöss austanátt sunnan og vestan til. Hægari á NA-landi.

*» fimmtudagur*



Fremur stíf suðaustanátt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9˚C skúrir | London | 15°C léttskýjað | Alicante | 24°C heiðskírt |
| Billund | 12°C skúrir | París | 22°C alskýjað | Róm | 20°C heiðskírt |
| Osló | 4°C skúrir | Frankfurt | 17°C hálfskýjað | New York | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C hálfskýjað | Madríd | 25°C hálfskýjað | San Francisco | 18°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Friedrichshafen | 19°C skýjað | Orlando/Flórída | 28°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.sko.is




SMS hjá Símanum kostar
**10,00 kr.**

SMS hjá Og Vodafone kostar
**10,70 kr.**

SMS hjá SKO kostar
**4,90 kr.**

Gerðu verðsamanburð og kynntu þér hvað þú getur sparað mikið með því að færa GSM símanúmerið þitt yfir til SKO, **www.sko.is**

**14,90 kr.** Mínútuverð | **4,90 kr.** SMS verð | **0,00 kr.** Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.



## KJÖRKASSINN

*Heldurðu að Eiður Smári Guðjohnsen verði seldur frá Chelsea í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 78,9% |
| Nei | 21,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttastu frjálsa för verkafólks hingað til lands?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Skiptar skoðanir um frumvarp Valgerðar um Nýsköpunarmiðstöð:

# Enginn augljós ávinningur

**STJÓRNMÁL** „Ég leggst eindregið gegn frumvarpi ráðherra vegna þess að af þessu er enginn augljós ávinningur annar en að búa til enn stærri Byggðasjóð en verið hefur,“ segir Hákon Ólafsson, forstjóri Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa ýmsir þeir aðilar sem komið hafa fyrir iðnaðarnefnd vegna frumvarps Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um að steypa Rannsóknarnefnd byggingariðnaðarins, Iðntæknistofnun og Byggðastofnun í eina sæng undir nafni Nýsköpunarmiðstöðvar gert alvarlegar athugasemdir. Er Hákon einn þeirra en hann segir ekkert sameiginlegt með annars vegar rannsóknarstofnununum tveimur og hins vegar stofnun sem hefur það markmið að ýta undir nýsköpun á landsbyggðinni.

„Ég er ósáttur við frumvarpið enda tel ég sýnt að gjörningurinn sé aðeins til að varpa stoðum undir Byggðastofnun. Að bjarga því sem bjargað verður þar en á kostnað hinna tveggja stofnananna. Það sem ég gagnrýni helst er að hagræðingin verður engin að mín viti. Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnunin eiga margt sameiginlegt en þær tvær nánast ekkert með Byggðasjóði. Að auki á að fjarstýra þeim frá Sauðárkróki sem ég tel út í hött því öll meginstarfsemi þeirra er í Reykjavík og verður ekkert flutt þaðan.“ - aöe



**HÁKON ÓLAFSSON FORSTJÓRI** Líst illa á sameinaða Nýsköpunarmiðstöð Valgerðar Sverrisdóttur.

Japönsk unglingsstúlka:

# Bloggaði um morðtilraun

**JAPAN** Japanskur fjölskyldudómstóll hefur dæmt 17 ára unglingsstúlku, sem eitraði fyrir móður sinni og hélt dagbók um málið á netinu, til vistunar á betrunarskóla, að því er kemur fram á vefsíðu BBC.

Stúlkan setti þallín, sem oft er notað í rottueitur, í te móður sinnar um skeið. Hún hélt blogg-dagbók á netinu um veikindi hennar sem fylgdu í kjölfarið og birti þar myndir af móður sinni. Konan féll í dá sem hún liggur enn í.

Stúlkan gaf þá skýringu á athæfi sínu að hún vildi „gera tilraun“. Betrunarkólanum er ætlað að kenna stúlkunni hversu alvarlegt afbrot hennar er. - smk

LAGERSALA
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !
H&M ROWELLS
OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)




**UPPREISN GEGN RANGLÆTI** Rauði liturinn er tákn verkalýðsbaráttunnar. Alþýðusambandið er 90 ára í ár en baráttumálin breytast lítt. Í gær var meðal annars vakin athygli á sífellt vaxandi mun á tekjum fólks á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hafa áhyggjur af vaxandi tekjumun

**Mikill mannfjöldi fagnaði baráttudegi verkalýðsins í gær. Dagurinn var hátíðlegri en oft áður vegna þess að Alþýðusambandið og fjöldi verkalýðs- og sjómannafélaga um allt land fögnuðu stórum áföngum.**

**VERKALÝÐSBARÁTTA** Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins 1. maí var haldinn hátíðlegur um allt land í gær. Alþýðusamband Íslands er 90 ára á þessu ári og fögnuðu samtökin afmæli sínu í gær undir yfirskriftinni „Ísland allra! – Velferð alla ævi.“

Í Reykjavík voru hátíðarhöld með hefðbundnum hætti. Kröfuganga fjögurra verkalýðsfélaga í Reykjavík hófst með því að fólk safnaðist saman við Hlemm um klukkan 13.00 og hélst síðan við undirleik Lúðrasveitar verkalýðsins og Lúðrasveitarinnar Svans, niður Laugaveg, Bankastræti og Austurstræti og inn á Ingólfstorg til að njóta hátíðardagskrár.

Dagskráin hófst með ávarpi Ingibjargar R. Guðmundsdóttur, formanns Landssambands íslenskra verzlunarmanna, sem sagði að vaxandi tekjumunur og sókn stórfyrirtækja þangað sem ódýrt vinnuafl fæst sé umhugsunarefni allra launamanna en Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, gerði stofnanavæðingu stéttarfélaga að umtalsefni í sínu ávarpi. Boðið var upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem mikill fjöldi fólks á öllum aldri naut í mildu vorveðri.

Í 1. maí ávarpi verkalýðsfélaga var opnun vinnumarkaðar efst á baugi en lög um frjálsa för verkafólks frá nýju Evrópusambandslöndunum tóku einmitt gildi í gær. Þar segir að opinn vinnumarkaður valdi því að erfiðara sé að standa vörð um réttindi og kjör verkafólks og í skjóli leyndar þrífist mannréttindabrot. Einnig er meint aðgerðarleysi stjórnvalda gagnvart aukinni verðbólgu gagnrýnt, varað við að leggja niður Íbúðalánasjóð og forstjóralaun tekin sem dæmi um sífellda aukningu á misrétti á Íslandi.

Á Akureyri var hátíðardagskrá í Alþýðuhúsinu en engin kröfuganga var farin ólíkt því sem tíðkast hefur á undanförnum árum. Á Ísafirði var mikið um dýrðir, enda öld liðin frá stofnun fyrsta verkalýðsfélagsins á Ísafirði og 90 ár frá stofnun Verkalýðsfélagsins Baldurs og Sjómannafélags Ísfirðinga. Mikið var einnig um dýrðir á Akranesi, í Borgarnesi og á Siglufirði þar sem 40 ára stofndags Verkalýðsfélagsins Vöku var minnst.

svavar@frettabladid.is



FANNEY, KARITAS, RAGNHILDUR OG ANNA.

## Kröfur á lofti

„Þessi dagur hefur mjög mikla þýðingu fyrir okkur. Við erum frá Iðnnemasambandinu. Við erum alltaf með skilti til að halda á lofti kröfum um réttindi iðnnema. Þannig að þetta hefur mikla þýðingu fyrir okkur og það er sígilt. Eins og sést á öllum þessum fjölda sem kemur hingað til að vekja athygli á kröfum sínum. Ég er að ganga í þriðja skiptið og við höfum allar komið áður.“



ÁRNI ÞORMÓÐSSON

## Mikilvægur dagur

„Já, ég hef gengið mjög oft, ég veit ekki einu sinni hversu oft, alveg frá því að ég var unglingur. Þetta er mikilvægur dagur af því að þetta er baráttudagur verkalýðsins, alþýðunnar í landinu fyrir betri kjörum og betra þjóðfélagi almennt, hugsjónum lýðræðis, frelsis og friðar í heiminum,“ segir Árni Þormóðsson. „Þessi dagur skiptir enn máli þótt það sé fleira sem glepur en á árum áður.“



HJÓNIN SIGURJÓN ÞORBERGSSON OG ÞÓRUNN GUNNÞÓRSDÓTTIR

## Viljum jöfnuð

„Ég hef gengið frá því að ég var barn. Fór oft með ömmu og afa hér áður fyrr,“ segir Þórunn Gunnþórsdóttir. Hún segir daginn þýðingarmikinn. „Ég hef gengið reglulega, allavega síðan ég var á miðjum aldri. Dagurinn hefur þýðingu vegna þess að það verður að vera jöfnuður í þjóðfélaginu. Það ættu allir að geta tekið undir það,“ segir Sigurjón Þorbergsson.

Kynjaborgin Reykjavík
Kvenfrelsi krefst viðhorfsbreytingar hjá báðum kynjum!
Tryggjum breytt viðhorf í kynjaborginni Reykjavík
Kjósum til vinstri í vor
VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð




T.E.C. HJÓLHÝSIN
hafa slegið í gegn!



Við bjóðum upp á landsins mesta úrval af ferðavögnum. Hjá okkur finnur þú örugglega vagn við þitt hæfi!
Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
www.seglagerdin.is
EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203

# KYNNING
3. MAÍ KL.16:30
# Á MORGUN

## Nám samhliða starfi

Á morgun 3. maí verður kynning á þeim gagnlegu og spennandi námsleiðum sem í boði verða í NÁMI SAMHLIÐA STARFI hjá Endurmenntun HÍ næsta vetur. Kynningin verður í húsnæði Endurmenntunar HÍ að Dunhaga 7 og hefst kl. 16:30.

### Gullið tækifæri

Nám samhliða starfi er kjörið fyrir þá sem vilja auka menntun sína án þess að að láta tímabundið af störfum. Ein námsgrein er kennd í einu og gefur tiltekinn fjölda eininga á háskólastigi. Oft getur slíkt nám leitt til betri stöðu og launahækkunar.

**Að auki er það skemmtilegt og lifandi!**

***Umsóknarfrestur fyrir NÁM SAMHLIÐA STARFI rennur út 10. maí.***

***Hægt er að fá nánari upplýsingar eða sækja um á www.endurmenntun.is eða í síma 525 4444.***

### Fjölbreytt úrval námsleiða

- Mannauðsstjórnun
  - einnig í fjarnámi
- Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
  - einnig í fjarnámi
- Rekstrar- og viðskiptanám
  - einnig í fjarnámi
- Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna

argus 06-0256






## VEISTU SVARIÐ

1 Hversu löng eru nýju veggöngin sem opnuð voru í Færeyjum um helgina?

2 Hvaða frækni knattspyrnumaður ristarbrotnaði í leik Man. Utd, og Chelsea?

3 Hvað kallast nýr raunveruleikaþáttur sem sjónvarpsstöðin Sýn ætlar að setja í loftið síðsumars?

SVÖR Á BLS. 38

Rannsókn á flugvallarráninu í Gautaborg miðar vel:

# Fjórir til viðbótar grunaðir um ránið

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska lögreglan handtók í síðustu viku fjóra menn til viðbótar grunaða um aðild að peningaráni á Landvetter-flugvellinum fyrir utan Gautaborg í Svíþjóð í síðasta mánuði. Einn maður sem handtekinn var skömmu eftir ránið situr enn í haldi. Lögreglan gaf ekki upp nöfn mannanna, sem eru á aldrinum 22 til 37 ára, en sagði að sumir þeirra tilheyrðu mótorhjólagenginu Bandidos.

Lögregla hefur ekki látið uppi hversu mikið fé mennirnir höfðu á brott með sér. - smk



**FLUGVÉL SAS** Byssumenn rændu peningasendingu úr þessari vél skammt frá Gautaborg í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR

Seltjarnarneskaupstaður fékk kaupstaðarréttindi 9. apríl 1974. Landstærð kaupstaðarins er um 160 til 170 hektarar. Íbúafjöldi 1. desember 2005 var 4.471.

**Úrslit kosninganna 2002**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá:** 3.362
**Fjöldi greiddra atkvæða:** 2.735 (81,4%)
**Fjöldi auðra og ógildra seðla:** 63

**Listi Sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi (D)**
1.610 atkv., 4 fulltr.
**Neslistinn – Listi Bæjarmálafélags Seltjarnarness (N)**
1.062 atkv., 3 fulltr.

**Bæjarfulltrúar D-listans:**
Jónmundur Guðmarsson stjórnmálafr.
Ásgerður Halldórsdóttir viðskiptafr.
Inga Hersteinsdóttir verkfræðingur
Bjarni Torfi Álfþórsson kerfisfræðingur

**Bæjarfulltrúar N-listans:**
Guðrún H. Brynleifsdóttir lögfr.
Sunneva Hafsteinsd. framkv.stj.
Árni Einarsson uppeldisfr.

**KOSNINGAR 2006**
**Neslistinn**
**1.** Guðrún H. Brynleifsd. b.fulltrúi., lögm.
**2.** Sunneva Hafsteinsdóttir bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri
**3.** Árni Einarsson bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri
**4.** Brynjúlfur Halldórsson matreiðslumeistari
**5.** Edda Kjartansdóttir kennari

**Sjálfstæðisflokkurinn**
**1.** Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri
**2.** Ásgerður Halldórsdóttir bæjarfulltrúi og viðskiptafr.
**3.** Sigrún Edda Jónsdóttir viðskiptafr.
**4.** Lárus B. Lárusson flugmaður
**5.** Þór Sigurgeirsson ráðgjafi






Einkennilegur stuldur:

# Þjófar stela 150 plómutrjám

**UNGVERJALAND, AP** Þjófar gerðu sér lítið fyrir á dögunum og stálu 150 plómutrjám úr aldingarði í Austur-Ungverjalandi, að sögn ungversku lögreglunnar.

Þjófarnir hafa læðst inn í aldingarðinn, grafið hvert eitt og einasta tré upp með rótum og haft á brott með sér. Lögreglan getur ekki sagt til um hvenær þjófnaðurinn átti sér stað, því ekki komst upp um hann fyrr en eigandi aldingarðsins sneri nývirið heim úr vetrarfríi. Verðmæti trjánna er talið nema 700.000 krónum. - smk

## ÁSTRALÍA

**Námumenn í sjálfheldu** Tveir ástralskir gullnámumenn sem höfðu verið fastir um kílómetra ofan í jörðu í um vikutíma fundust á lífi á laugardag og unnið var að björgun þeirra í gær. Einn maður hafði áður fundust látinn í námunni eftir að lítill jarðskjálfti kom af stað grjóthruni í námugöngunum.



**SELTJARNARNES** Kosið verður 27. maí næstkomandi.

# Bjart yfir Seltjarnarnesi

**Sjálfstæðisflokkurinn og Neslistinn bjóða fram á Seltjarnarnesi. Sjálfstæðismenn hafa setið í meirihluta í bænum í 44 ár.**

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006 Seltjarnarnes**

**KOSNINGAR** Tveir listar hafa tilkynnt framboð sitt til sveitarstjórnarkosninga í Seltjarnarneskaupstað, Sjálfstæðisflokkurinn og Neslistinn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í meirihluta bæjarstjórnar Seltjarnarness í 44 ár. Neslistinn samanstendur af fólki úr öðrum flokkum og óháðum.

Jónmundur segir bjart yfir Seltjarnarnesi og að kjörtímabilið hafi verið árangursríkt.

Að sögn Guðrúnar voru tvö hitamál á kjörtímabilinu, skólamál og skipulagsmál. Neslistinn vill endurskoða sameiningu grunnskólanna tveggja og hvort rétt sé að setja aftur tvo skólastjóra yfir skólana.

Guðrún segir klúður hafa átt sér stað í skipulagsmálum hjá meirihlutanum og að heildarmynd yfir skipulagsmálin skorti. Jónmundur segir viðhorfskannanir sýna að bæjarbúar séu ánægðir með þjónustu grunnskólanna. Enn fremur sé sátt um skipulagsmál í bænum og að íbúum hafi gefist kostur á að kjósa um tillögur á kjörtímabilinu.

Bæði lýsa þau yfir áhyggjum með fólksfækkun en íbúum hefur fækkað um 200 frá seinustu kosningum. Jónmundur segir að brugðist verði við þessari þróun með fjölgun íbúðarhúsnæðis á svæðinu. Guðrún segir þörf á að efla þjónustu við íbúa til að sporna við fólksfækkuninni. - sdg

Jónmundur Guðmarsson D-lista:

## Áfram traustur rekstur



Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri leiðir lista sjálfstæðismanna eins og fyrir fjórum árum.

Helstu stefnumál D-lista eru áframhaldandi traustur rekstur bæjarfélagsins. „Við munum lækka útsvar og tryggja að fasteignatengdar álögur Seltirninga verði áfram lægstar á höfuðborgarsvæðinu. Loks munum við hrinda í framkvæmd uppbyggingaráformum á Hrólfsskálamel og við Bygggarða á grundvelli aðalskipulags sem liggur fyrir."

Guðrún H. Brynleifsdóttir N-lista:

## Skipulagning miðsvæðisins



Guðrún Helga Brynleifsdóttir bæjarfulltrúi skipar efsta sæti Neslistans líkt og í seinustu kosningum.

Að sögn Guðrúnar leggur Neslistinn áherslu á skólamál og vill stefna að því að bjóða upp á ókeypis skólamáltíðir. „Við viljum að leikskólar verði gjaldfrjálsir þar sem þetta er í raun fyrsta skólastigið." Neslistinn vill deiliskipuleggja miðsvæði Seltjarnarness í samráði við hagsmunaaðila og íbúa. Í öldrunarmálum vill N-listinn endurskoða þjónustu aldraðra og miða við að þeir geti búið eins lengi heima hjá sér og hægt er.




Breyting frá Arctic Trucks
Rúmgóður og áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!
Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!
Verðið á Nissan Patrol er frá 4.490.000 kr.
Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

# Sófa dagar

# 15-60% afsláttur

## Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 6. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**ÓGURLEGUR ÓGNVALDUR** Maður skoðar gríðarstóran hvítháf í Kawasaki í Japan í gær. Hákarlinn fannst dauður á floti í höfn borgarinnar í október og ákváðu borgaryfirvöld að stoppa skepnuna upp og sýna, enda er þetta einn stærsti hvítháfur sem fundist hefur, fimm metra langur og 1,1 tonn á þyngd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjávarleður framleiðir skinn fyrir Nike og Dior:

# Stjörnur klæddar í fiskroð

**VIÐSKIPTI** Íþróttavörufyrirtækið Nike er stærsti kaupandinn á roði frá Sjávarleðri á Sauðárkróki en roðið nota þeir í framleiðslu á íþróttaskóm.

Eins hafa Dior og Dolce og Gabbana keypt roð af fyrirtækinu í veski, skó, kjóla og aðrar kventískuvörur.

„Ég hef heyrt af því að það hafi átt að nota roð frá okkur í skó frá Thierry Henry en ég veit ekki hvað varð úr því,“ segir Gunnsteinn Björnsson framkvæmdastjóri. „En þeir hafa framleitt hlaupaskó og svokallaða backstreet-skó úr roði frá okkur.“ Hann segir enn fremur að fyrir síðustu jól hafi Nike framleitt um 1.500 pör úr laxaroði frá þeim.

Sjávarleður vinnur einnig hlýraroð sem hefur verið vinsælt hjá tískuvöruframleiðendum.

Árlega framleiða þeir hjá Sjávarleðri um 92 þúsund roð. Einnig hafa íslenskir framleiðendur nýtt sér þessar sjávarafurðir en skóframleiðandinn María Kristín Magnúsdóttir hefur framleitt kvenskó úr hlýra frá Sjávarleðri.

Sex manns vinna hjá fyrirtækinu í fullu starfi. - jse



NIKE-SKÓR ÚR LAXAROÐI



**FYRIRSÆTA Í HLÝRAKJÓL** Einhverjum þykir eflaust lítið til hlýraroðs koma en það hefur heldur betur tekið á sig glæsilega mynd í höndum Sjávarleðursmanna og tískuvöruframleiðanda.

Snjóþungur vetur í Japan:

# Þrír fórust í stóru snjóflóði

**TÓKÝÓ, AP** Þrír fjallgöngumenn fórust og tveir særðust í snjóflóði í Japan í gær. Þrjár konur og einn maður voru að klífa fjallið Harinokidake þegar snjóflóðið, sem var 40 metrar á breidd og 300 metrar að lengd, hrifsaði þau með sér.

Hjálparsveitarmenn grófu upp úr snjónum þá tvo sem særðust og flogið var með þá á spítala. Eins manns er enn saknað. Undanfarinn vetur var sá snjóþyngsti í Japan í langan tíma og fleiri en hundrað dauðsföll tengd snjónum hafa verið tilkynnt síðan í byrjun desember, samkvæmt þarlendri veðurathugunarstofu. ■

Þingið í Mexíkó:

# Samþykkir að leyfa fíkniefni

**MEXÍKÓ, AP** Þingið í Mexíkó hefur samþykkt lög sem heimila einstaklingum að vera með lítið magn af eiturlyfjum í fórum sínum. Til þess að lögin taki gildi þarf forseti landsins að undirrita þau, en reiknað er með að hann geri það bráðlega.

Samkvæmt lögunum verður fólk ekki ákært fyrir að hafa í fórum sínum 25 milligrömm af heróíni, fimm grömm af marijúana eða hálft gramm af kókaíni, auk þess sem tilgreind eru leyfileg mörk fjölmargra annarra fíkniefna. - gb



**ÁFRAM REYKT** Ýmsir spáðu því að erfitt yrði að fá Spánverja til að hætta reykingum á opinberum stöðum.

Tóbakslögin á Spáni:

# Virt að vettugi

**SPÁNN** Þrátt fyrir að lög um tóbaksreykingar hafi tekið gildi á Spáni um áramótin síðustu virðast fáir landsmenn virða lögin og enn er reykt á opinberum stöðum þar sem þær eru með öllu bannaðar.

Þetta kemur fram í neytendaritinu Consumer sem framkvæmdi úttekt á því hversu víða banninu væri fylgt. Á bannið að gilda í opinberum byggingum, lestarstöðvum, félagsmiðstöðvum og víða annars staðar þar sem almenningur kemur saman. Spænskir reykingamenn láta sér lögin í léttu rúmi liggja og kveikja í eins og ekkert hafi breyst. - aöe

# Kröfðust umbóta í málum innflytjenda

**Hundruð þúsunda manna tóku þátt í baráttufundum í Bandaríkjunum í gær, 1. maí, til að berjast fyrir rétti ólöglegra innflytjenda þar í landi.**

**BANDARÍKIN, AP** Gífurlegur fjöldi ólöglegra og löglegra innflytjenda í Bandaríkjunum lagði niður störf á frídegi verkalýðsins í gær og heimtaði umbætur í innflytjendalögum landsins.

Aðrir mættu til starfa, en keyptu ekkert. Enn aðrir mótmæltu í hádegisverðarhléinu eða söfnuðust saman eftir vinnu, og skólafólk gekk út úr tímum. Víðs vegar voru mótmælagöngur skipulagðar, kirkjuathafnir, fjöldafundir og vökur við kertaljós.

Tilgangurinn var að mótmæla fyrirhugaðri lagabreytingu á innflytjendalögum landsins, sem myndi gera það alvarlegan glæp að vera ólöglegur innflytjandi í Bandaríkjunum, að viðlögðum fangelsisdómi.

Talið er að um 11,5 milljónir ólöglegra innflytjenda séu búsettar í Bandaríkjunum, og komast margar þeirra inn í landið frá Mexíkó. Fjörutíu prósent þeirra hafa búið í landinu í innan við fimm ár, og þrír fjórðu hlutar þeirra voru fæddir í Rómönsku Ameríku. Flest starfar þetta fólk við landbúnað, samgöngur og í byggingariðnaðinum.

„Við erum ekki opinberlega að skipuleggja verkfall, hver og einn verður að ákveða fyrir sig hvernig hann tekur þátt. Við viljum ekki að fólk missi vinnuna, en við viljum hvetja fólk til þess að berjast fyrir rétti sínum,“ sagði Maria Rodriguez, yfirmaður Innflytjendabandalags Flórída.

Deginum var ætlað að sýna hversu miklu máli innflytjendur skipta í bandarísku þjóðfélagi og fékk hann spænsku yfirskriftina „Un Dia Sin Inmigrantes,“ eða Dagur án innflytjenda, en 1. maí er annars ekki haldinn hátíðlegur í Bandaríkjunum.



**BARIST FYRIR RÉTTI INNFLYTJENDA** Hundruð þúsunda manna tóku þátt í útifundum og mótmælagöngum í Bandaríkjunum í gær og á sunnudag, til að berjast fyrir rétti ólöglegra innflytjenda. Myndin var tekin í Flórída á sunnudagskvöld, og pilturinn fremst á myndinni, Aurelio Perez, er upprunalega frá Gvatemala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Telja sumir fréttaskýrendur að sívaxandi hreyfing innflytjenda í Bandaríkjunum sé sambærileg við réttindabaráttuna sem fram fór þar í landi á sjöunda og áttunda áratugnum.

En þótt deginum hafi verið gífurlega vel tekið meðal innflytjenda, var andstaða gegn honum víðtæk, og kom sum gagnrýni að því er virtist úr hörðustu átt. Talsmaður innflytjandans og kvikmyndaleikarans Arnolds Schwarzenegger, sem jafnframt er þingmaður repúblikana í Kaliforníu, sagði að mótmælin myndu „skaða alla“.

Demókratar í Kaliforníu sendu hins vegar frá sér ályktun þar sem þeir sögðust styðja fólk sem legði niður störf þennan dag, en fleiri ólöglega innflytjendur er að finna í því ríki en nokkru öðru.

Aðrir studdu mótmælin, en báðu fólk um að fara varlega. Borgarstjórinn í Los Angeles, Antonio Villaraigosa, hvatti nemendur til að mæta í skólann og taka svo þátt í fundum um kvöldið, og varaði fólk jafnframt við því að veifa fánum heimalanda sinna. „Þið ættuð að veifa bandaríska fánanum,“ sagði hann. „Það er fáni landsins sem við erum öll stolt af og viljum tilheyra.“

smk@frettabladid.is



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Stefán Jón og Áslaug Thorlacius skrifa undir samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sjónlistir á Korpúlfsstöðum:

# Frumkvöðlar fá stuðning

**MENNINGARMÁL** Samkomulag um Sjónlistamiðstöð sem tekur til starfa á Korpúlfsstöðum í haust var undirritað í gær.

Með stofnun miðstöðvarinnar er stefnt að því að veita fjölbreyttu frumkvöðlastarfi á sviði sjónmennta stuðning. Gerð hefur verið áætlun um fyrirkomulag og framkvæmd verkefnisins og mun samningurinn gilda til fimm ára.

Stefán Jón Hafstein, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar, Áslaug Thorlacius, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna, Hrafnkell Birgisson, formaður samtaka hönnuða, og Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntæknistofnunar, undirrituðu samninginn. - fb

## KÍNA

**Skaðabætur greiddar** Kínversk stjórnvöld hafa greitt konu skaðabætur en sonur hennar var barinn til bana af lögreglu árið 1989. Talið er að hundruð eða þúsundir manna hafi látist í aðgerðum kínverska stjórnvalda í mótmælaöldu sem geisaði í landinu í kjölfar atburðanna á Torgi hins himneska friðar í maí árið 1989. Er þetta í fyrsta skiptið sem kínversk stjórnvöld greiða fórnarlambi atburðanna skaðabætur.

## NÁTTÚRA

**Opnað fyrir stífluna** Lífríkið í Elliðaárdalnum tók á sig nýja mynd um helgina því opnað hefur verið fyrir stífluna í dalnum og mun lónið sem þar er þá að mestu leyti tæmast.






Femínistafélag Íslands fékk jafnréttisverðlaun:

# Ötul barátta gegn staðalímyndum

**VERÐLAUN** Femínistafélag Íslands hlýtur jafnréttisverðlaun Reykjavíkurborgar árið 2006. Þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunin eru veitt en til þeirra er stofnað af jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar. Fjölmargar tilnefningar bárust og voru vefsíður, námsbrautir í háskóla, félög og einstaklingar þar á meðal.

Dómnefnd sem lagði mat á tilnefningarnar var einhuga í afstöðu sinni en Femínistafélagið hefur með ötulli baráttu og opinskárri umfjöllun á ýmsum vettvangi unnið að jafnrétti kynja á mörgum sviðum. Þar má nefna vefsíðu félagsins, virkan póstlista, ýmsar sýningar og uppákomur sem ætlað er að vinna gegn staðalímyndum kynjanna og fegurðardýrkun.



**STEINUNN VALDÍS OG KATRÍN ANNA** Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands, ásamt Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra.

Talskona félagsins, Katrín Anna Guðmundsdóttir, tók við verðlaununum í Höfða og námu þau 150.000 krónum. - fb/sdg

## Ástsælustu söngvarar þjóðarinnar og Sinfóníuhljómsveit Íslands



**Flytja Le Pays/Föðurlandið**
Í porti Hafnarhússins 26. og 27. maí.
Miðaverð: 3.900 kr.
Alfesca

## „Undraverðar mjaðmahreyfingar"
– New York Times

**Grupo Gorpo - langvinsælasti dansflokkur S-Ameríku í dag**
Borgarleikhúsinu 12., 13. og 14. maí.
Miðaverð: 3.500 kr.
Síminn

**Örfá sæti laus 12. maí!**





## „Einn áhrifamesti flutningur sem ég hef orðið vitni að"
– The Guardian

**Miriam Makeba – Grand Finale**
Laugardalshöll 20. maí.
Miðaverð: 5.500 / 5.000 kr.
GLITNIR

**Örfá sæti laus!**

Tryggið ykkur miða
á glæsilega viðburði Listahátíðar

# Miðasalan Bankastræti opnar í dag kl. 12

Opið 12 til 18. Sími: 552 8588

## „Tónlistaruppgötvun ársins"
– í Frakklandi

**Motion Trio**
**– stórskemmtilegt pólskt harmónikkuband**
Nasa 13. og 14. maí. Miðaverð: 3.000 kr.
SJÓVÁ
**Örfá sæti laus 13. maí!**





## „Kemst næst því að hlýða á englasöng á jörðu niðri"
– Time out



## „Ógleymanleg lífsreynsla"
– The Guardian

**Enski sönghópurinn I Fagiolini flytur gleðileik og madrigala**
Landsbankinn
Sögumaður: Hilmir Snær Guðnason.
Íslensku óperunni 25., 26. og 28. maí
Eskifirði 27. maí. Miðaverð: 3.200 kr.

samson
**Búlgarski kvennakórinn Angelite**
Hallgrímskirkju 20. og 21. maí. Miðaverð: 2.800 kr.



**Einn albesti djasspíanisti samtímans**
Anders Widmark og tríó flytja tónlist úr Carmen.
Nasa 1. og 2. júní. Miðaverð: 3.000. **Örfá sæti 1. júní.**
BAUGUR GROUP



**Skærasta stjarnan**
Mugison og hljómsveit flytja nýja tónlist í nýjum búningi.
Austurbæ 28. maí. Miðaverð: 2.500. **Örfá sæti.**
GLITNIR



**La Strada – kvikmynd og tónleikar**
Mögnuð tónlist úr kvikmynd Fellini, La Strada, eftir ítalska tónskáldið Nino Rota í flutningi Kammersveitar Hafnarfjarðar.
Hafnarborg, Hafnarfirði 21. maí. Miðaverð 2.500
Kvikmyndin La Strada sýnd í Kvikmyndasafni Íslands 20. og 21. maí



**Mr. Skallagrímsson**
Einleikur eftir Benedikt Erlingsson Frumsýning í Landnámssetri Íslands, Borgarnesi 14. maí. Miðaverð: 2.500



**Caput hópurinn og Stina Ekblad**
Frumflytja stórvirkið Tár Dýnoísusar.
Háskólabíói 17. maí.
Miðaverð: 2.500

**Mögnuð miðnæturmúsík**
Vorvindar, Dívan og djassmaðurinn og Benni Hemm Hemm –stórhljómsveit. Iðnó 13., 20. og 27. maí
Miðaverð: 2.500

**Kammersveit Reykjavíkur – Mozart 250 ár**
Ásamt Einari Jóhannessyni klarinettuleikara, Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara og Víkingi Heiðari Ólafssyni píanóleikara. Langholtskirkju 21. maí. Miðaverð: 2.500.

**Sunnudagsmorgnar með Schumann**
Fimm íslenskir píanóleikarar úr fremstu röð leika nokkur af þekktustu píanóverkum Schumanns á þrennum tónleikum.
Ými 14., 21. og 28. maí. Miðaverð: 2.300.

**Dagskrárbæklingur**
Listahátíðar liggur frammi í miðasölu Listahátíðar í Bankastræti 2

Sjá nánar um alla viðburði Listahátíðar í Reykjavík 2006; myndlist, tónlist, dans, leiklist, spennandi ráðstefnur ofl. á www.listahatid.is

Miðasala á **Við erum öll Marlene Dietrich FOR** hjá Íslenska dansflokknum.
Miðasala á **Galdraskyttuna** og **Umbreytingu – ljóð á hreyfingu** í Þjóðleikhúsinu.

**Miðasalan Bankastræti 2:**
Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar 12 til 16.
Sími 552 8588
Miðasala á netinu á www.listahatid.is

Listahátíð í Reykjavík
2006 hátíðin

KB BANKI · ICELANDAIR · SAMSKIP · Radisson SAS


**HOLLENSKIR TÚLÍPANAR** Ferðamenn létu ekki rigninguna í gær á sig fá, heldur örkuðu varðir regnhlífum um blómagarðinn í Lisse í Hollandi þar sem túlípanarnir skörtuðu sínu fegursta. Kalt vor hefur seinkað vexti túlípananna þar í landi.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Drög að ályktun um staðfesta samvist á prestastefnu:

# Staðfest samvist fái blessun

**ÞJÓÐKIRKJAN** Helgisiðanefnd Þjóðkirkjunnar lagði fram tillögur um form fyrir blessun staðfestrar samvistar á prestastefnu í gær.

Tillögurnar ganga út frá því að um sé að ræða par sem þegar er í staðfestri samvist og lögformlegur gerningur hafi því átt sér stað áður. Kristján Valur Ingólfsson, formaður helgisiðanefndar, telur ekki að kirkjan muni hafa frumkvæði að því að trúfélög fái rétt til að staðfesta samvist samkynhneigðra eins og staðan sé nú. „Kirkjan er með þessum tillögum að fylgja því umboði sem hún hefur í dag. Í frumvarpinu sem liggur fyrir á Alþingi um réttarstöðu samkynhneigðra er ekki gert ráð fyrir að vígsluheimild liggi hjá kirkjunni og við getum ekki gengið lengra en frumvarpið segir til um.“

Að sögn Kristjáns er Þjóðkirkjan að kalla eftir meiri umræðu um málið innan kirkjunnar, meðal safnaða og hjá samkynhneigðum sjálfum. Skiptar skoðanir hafa komið fram á prestastefnunni.

„Ég tel það sem við gerðum í dag mjög stórt skref í átt til meiri réttinda samkynhneigðra.“

Tillögurnar verða teknar til afgreiðslu á prestastefnu og Kirkjuþingi 2007. **- sdg**


**PRESTASTEFNA 2006** Fjöldi presta og djákna var saman kominn á prestastefnu sem lýkur í dag.

Starfshópur um velferð:

# Lífeyriskerfið verði einfaldað

**KJARAMÁL** Tillögur starfshópa Landssambands eldri borgara, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands um úrbætur á fimm meginsviðum velferðarríkisins voru kynntar í liðinni viku. Þær lúta að almannatryggingum, atvinnuþátttöku, menntun og endurhæfingu, búsetu og samfélagsþátttöku, aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Tillögurnar miða sérstaklega að málefnum lífeyrisþega.

Meðal tillagna er að lífeyriskerfið verði einfaldað, tekjutenging á grunnlífeyri verði afnumin og menntun verði löguð að þörfum fatlaðra og eldri borgara. **- sdg**


# Vilt þú skara framúr?



## Námskeið í sölutækni og þjónustufærni fyrir verslunarfólk.

HH Ráðgjöf býður nú uppá sölu- og þjónustunámskeið fyrir sölufólk verslana.

Um er að ræða heildstætt og hagnýtt námskeið þar sem m.a. er farið yfir samspil þjónustu og sölu, meginháhrifaþætti kaupákvörðunar og þá sölutækni sem starfsfólk verslana þarf að tileinka sér til að ná hámarksárangri.

Á námskeiðinu er m.a. fjallað um:

- Ytri þætti
- Samskiptatækni
- Hvernig veita skal afburðaþjónustu
- Hvað eru kaupmerki
- Viðbrögð við mótbárum
- Lokun sölu
- Hvernig tryggja má endurtekin viðskipti



**Leiðbeinandi:**
**Hulda Helgadóttir**
*Framkvæmdastjóri*

HH RÁÐGJÖF

Námskeið fyrir alla sem vilja veita afburðaþjónustu og hámarka sölu
*Í boði eru opin námskeið en einnig er hægt að sérpanta námskeið fyrir hópa.*

**Námskeiðið tekur 3 klst.**

**Nánari upplýsingar og skráning: • Sími 561 6365: • tölvupóstur hhr@hhr.is: • www.hhr.is**



BAKKAVÖR GROUP – HLUTHAFAFUNDUR 9. MAÍ 2006

Hluthafafundur hjá Bakkavör Group hf. verður haldinn þriðjudaginn 9. maí 2006, kl. 16:00 í Ársal Hótel Sögu, 107 Reykjavík.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Kynning á þriggja mánaða uppgjöri félagsins.
2. Kynning á kaupum Bakkavör Group á Laurens Patisseries Limited.
3. Tillaga til breytinga á samþykktum.
   Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. gr. samþykkta félagsins:
   Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að 85.000.000 króna að nafnvirði, með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að þessum nýju hlutum, skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 9. maí 2007 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.
4. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.
Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Stjórn Bakkavör Group hf.

1986 BAKKAVÖR 2006 ÁRA

www.bakkavor.com

TUNGLIÐ



**BANDAMENN STINGA SAMAN NEFJUM** Fidel Castro ræðir innilega við Evo Morales, forseta Bólivíu. Hugo Chavez, forseti Venesúela, brosir enda mikill tímamótasigur unninn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sögulegur samningur

**Forsetar Bólivíu, Kúbu og Venesúela hafa skrifað undir sögulegt samkomulag og ætla að vinna gegn bandarískum áhrifum í Rómönsku Ameríku.**

**RÓMANSKA AMERÍKA, AP** Hinn nýi vinstrisinnaði forseti Bólivíu, Evo Morales, skrifaði undir tímamótaviðskiptasamning við Kúbu og Venesúela í Havana á laugardag. Þar með hefur myndast nokkurs konar sósíalískt þríeyki sem vill verjast ágangi bandarískra áhrifa.

Kúba og Venesúela höfðu þegar myndað bandalag en Morales ákvað að ganga til liðs við þau eftir að hann var kosinn til embættis í desember síðastliðnum. Við komuna til Kúbu sagði Morales: „þetta er söguleg samkoma þriggja kynslóða og þriggja uppreisna.“ Hann sagði einnig að hann teldi Kúbu og Venesúela bestu bandamennina til að koma til leiðar breytingum í Bólivíu.

Eitt markmið samningsins er að vinna gegn bandarískum áhrifum í Rómönsku Ameríku en Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur heitið því að byggja upp hagkerfi og pólitíska samstöðu í Suður-Ameríku án hjálpar frá Washington.

Samningurinn er talinn góð blanda pólitíkur og hagfræði. Kúba og Venesúela hafa þegar grætt mikið á viðskiptum sínum hvort við annað en Venesúela selur olíu til Kúbu í skiptum fyrir landbúnaðarvöru. Sambandið mun styrkjast enn frekar með tilkomu Bólivíu sem er ríkt af jarðgasi.

Sem hluta af hinu nýja samkomulagi hefur Kúba lofað að senda lækna til Bólivíu til að annast fátæka og að auki kennara til að stuðla að læsi.

Venesúela ætlar að útvega Bólivíu olíu auk þess sem það mun verja 100 milljónum dollara í þróunarverkefni og þrjátíu til viðbótar í félagsmál.

Þá hafa löndin samþykkt að kaupa alla uppskeru sojabauna í Bólivíu en markaður þeirra hrundi eftir að Kólumbía gerði viðskiptasamning við Bandaríkin.

Fjöldi fólks var samankominn á torgi uppreisnarinnar í Havana á Kúbu til að fagna undirrituninni enda þykir hún marka tímamót. Búist er við að löndin þrjú reyni að fá fleiri til liðs við sig eða eins og Fidel Kastro sagði við þetta tækifæri: „Í dag erum við þrír. Ég trúi því að einn daginn verði öll [Rómönsku amerísku] löndin hér.“ **solveig@frettabladid.is**

Olíuframleiðendum bregður við orð Pútíns forseta:

# Vill láta færa olíuleiðslu í Síberíu

**RÚSSLAND, AP** Vladimir Pútín Rússlandsforseti sagði í síðustu viku að færa yrði fyrirhugaða olíuleiðslu um Síberíu 40 kílómetra fjær stærsta ferskvatns-stöðuvatni heims, Baikalvatni. Olíuframleiðendum brá við orð Pútíns, en umhverfisverndarsinnar voru kampakátir yfir þeim.

Rússnesir vísindamenn hafa lagt til að leiðslan verði færð um þessa vegalengd svo að olíuleki myndi ekki menga vatnið. Pútín sagði nauðsynlegt að hugsa um komandi kynslóðir, en olíuframleiðendur höfðu hugsað sér að leggja leiðsluna innan við kílómetra frá vatninu.


**VLADIMIR PÚTÍN**

Í Baikalvatni er um fimmtungur allra ferskvatnsbirgða heims. **- smk**




HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

# 4x4xBarnavagn




Fullbúinn CR-V með lipurð og rými fyrir þig, þína og allt sem fylgir á Honda góðu verði.

honda.is

Víðáttumikið innrarýmið, þægileg hæð og gott aðgengi ásamt fótvissum fjórhjóladrifsbúnaði gera Honda CR-V að frábæra borgarjeppanum fyrir alla fjölskyldusnúningana. Fjölskylduævintýri er staðalbúnaður í ferðum með börnin og vagnana, hvort sem þær eru í asa á annatíma milli leikskóla og vinnu eða syngjandi gleði á leið til ömmu í sveitinni. ABS hemlarnir ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal fjölmargra annarra kosta sem tryggja öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## „ORÐRÉTT"

### Heppin þjóð

**„Við sem þekkjum Halldór vitum að heiðarlegri og traustari maður er vandfundinn."**

INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR FRAMSÓKNARMAÐUR UM HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FRAMSÓKNARMANN Í GREIN Í FRÉTTABLAÐINU.

### Óheppinn flokkur

**„Það er orðið nokkuð ljóst að það voru mistök hjá þátttakendum í prófkjöri Samfylkingarinnar að veita Steinunni Valdísi ekki brautargengi í prófkjörinu."**

STAKSTEINAR MORGUNBLAÐSINS.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HALLDÓR HALLDÓRSSON, BÆJARSTJÓRI Á ÍSAFIRÐI

## *Fjöruhverfi fyrirhugað á Eyrinni*

„Það er allt fínt að frétta," segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði. „Hér var mikil hátíð í síðustu viku og 200. fundur bæjarstjórnar var haldinn hátíðlegur með hátíðarfundi þar sem Ruth Tryggvason í Gamla bakaríinu var útnefnd heiðursborgari Ísafjarðarbæjar. Fimm hundruð gestir voru á fundinum. Ég hef aldrei setið bæjarstjórnarfund með jafn marga áhorfendur. Þetta var skemmtileg stund. Þetta var stysti og skemmtilegasti fundur sem ég hef setið."
Annríki var hjá Halldóri um helgina því dóttir hans var fermd á sunnudag. „Hún bað mig að setjast niður með sér á dögunum, horfði í augun á mér og sagði: Pabbi, engir fundir á sunnudaginn, ég er að fara að fermast og ég vil engan fund þá. Pabbinn lofaði náttúrlega öllu fögru," segir Halldór og bætir svo við að um helgina hafi líka verið annríki hjá skíðafólki bæjarins. Á laugardaginn hafi verið elsta skíðaganga landsins, Fossavatnsgangan, sem sé sjötíu ára. Fossavatnsgangan er hluti af alþjóðlegri mótaröð og því var allt fullt af fólki fyrir vestan um helgina.
„Hingað kom fjöldi útlendinga og svo var hér frægasta skíðagöngulið í heimi, Team Fast, sem hélt námskeið og dóttir mín var meðal þeirra sem mættu á það. Liðið tók svo þátt í Fossavatnsgöngunni. Ef þetta væri í körfubolta væri Team Fast NBA-meistararnir þannig að það er alveg brilljant að fá liðið hingað. "
Vestfirðingar hafa ekki farið varhluta af þenslunni í landinu og segir Halldór að ekki hafi verið jafn mikið byggt síðan á áratug skuttogaravæðingarinnar. „Það er aukin bjartsýni og léttara yfir fólki,"



segir hann. „Það er margt um að vera og við höfum varla undan að úthluta lóðum. Við höfum úthlutað flestum lóðunum sem eru í nýju hverfi í fjarðarbotninum. Þar er búið að úthluta tæplega sjötíu lóðum undir einbýlishús og parhús. Fimm hús eru þegar í byggingu og svo á ég von á að framkvæmdir fari af stað í vor," segir hann.
„Svo erum við að vinna skipulag fyrir Eyrina niðri á Suðurtanga og við Mugison skrifuðum nýlega undir samning um að hann fái þar lóð til að byggja sér einbýlishús og hljóðver. Hann er alþjóðlegur Ísfirðingur og hefur búið fyrir vestan, í Reykjavík og í Asíu. Hann býr í Reykjavík núna og ætlar að flytja vestur með konu og barn."

## SJÓNARHÓLL

**SKORÐUR VIÐ UPPLÝSINGUM UM LYF**



## *Erfitt á upplýsingaöld*

„Þarna togast á tvennt, annars vegar upplýsingar og hins vegar auglýsingar," segir Hjalti Úrsus Árnason, kerfisfræðingur og kraftakarl, um athuganir Lyfjastofnunar á vefnum 36.is en þar eru kostir stinningarlyfja tíundaðir. Bannað er að auglýsa lyf en óljóst hvort heimilt sé að auglýsa vef með upplýsingum.
Hjalti segir erfitt að sporna gegn upplýsingum á 21. öldinni og hugar að hagsmunum neytenda. „Ég vil frekar að fólk fái að njóta vafans og hafi aðgang að upplýsingunum þótt þær hafi auglýsingalegt gildi." Hann bendir líka á að ef reistar verða skorður gegn upplýsingum hérlendis verði heimasíður í staðinn vistaðar hjá erlendum netþjónum.
Hjalti geldur þó varhug við lyfjaauglýsingum. „Því fylgir ákveðin hætta að auglýsa lyf. Þá getur orðið til neysla sem ekki er bráðnauðsynleg og því er ég ekki hlynntur," segir Hjalti Úrsus Árnason.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Ekki hægt að segja nei

**Sumum þurfti að segja það tvisvar sinnum að Gísli S. Einarsson, fyrrverandi alþingismaður Alþýðuflokks og Samfylkingarinnar, væri bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins á Akranesi. Það kom honum sjálfum á óvart að til hans væri leitað.**



**ÓVÆNT BÆJARSTJÓRAEFNI** Það kom Gísla Einarssyni sjálfum á óvart þegar sjálfstæðismenn báðu hann um að verða bæjarstjóraefni flokksins á Akranesi. Gísli hefur unnið í álverinu á Grundartanga síðasta eina og hálfa árið og sinnir þar einkum eftirliti og viðhaldi.
MYND/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON

Gísli rekur ástæður þess að sjálfstæðismenn leituðu til hans um að verða bæjarstjóri Akraness til þreifinga nokkurra bæjarbúa um að efna til sérframboðs í kosningunum í vor. „Ég hafði ekki áhuga á því en þetta spurðist út og um leið var vitað að ég hefði ekkert unnið með Samfylkingunni. Þetta varð svo til þess að sjálfstæðismenn spurðu mig hvort ég vildi gefa gaum að því hvort ég ætti með þeim samleið og væri tilbúinn að gerast bæjarstjóraefni þeirra," segir Gísli og bætir við að þessi málaleitan hafi komið sér á óvart. Hann ráðfærði sig við fjölskyldu sína og nánustu vini og svaraði játandi tveimur dögum síðar. Gísli tekur skýrt fram að tilboði Sjálfstæðismanna hafi ekki fylgt neinar kvaðir, hvorki að hann segði sig úr Samfylkingunni né gengi í Sjálfstæðisflokkinn. Hann afréð hins vegar að segja skilið við sinn gamla flokk og segir það hafa reynst sér auðveld ákvörðun. „Fyrir rúmu ári leitaði Samfylkingarfólk til mín um að ég undirbyggi kosningarnar með því. Ég gaf því grænt ljós og lagði fram ákveðnar hugmyndir. Ég taldi þær fá ágætar undirtektir en hef ekkert heyrt í þessu fólki síðan."

Þrátt fyrir að vera varaþingmaður Samfylkingarinnar hefur Gísli verið í litlum tengslum við flokkinn og það er helst að hann heyri annað slagið í Össuri Skarphéðinsyni. Formannsskiptin í flokknum breyttu þó engu til eða frá. „Ég studdi Össur en lýsti því jafnframt yfir að ég myndi styðja nýjan formann, hver sem það yrði og ég kann ágætlega við Ingibjörgu Sólrúnu."

Gísli sat á þingi á tíu ár en náði ekki endurkjöri í síðustu kosningum. Þá var hann í sjö ár í bæjarstjórn Akraness og um skeið forseti bæjarstjórnar og er því gjörkunnugur bæjarmálunum. „Ég þekki þetta mæta vel og Akranes er náttúrulega bærinn minn," segir Gísli sem fluttist á Skagann fimm ára að aldri úr Súðavík. Hann segir miklar breytingar hafa orðið á bænum á umliðnum árum og þróunin sé ánægjuleg. „Áður en ég fór til þings þekkti ég nánast hvert einasta mannsbarn á Akranesi en ekki lengur því hingað hefur flutt svo margt fólk að undanförnu. Akranes hefur margt fram yfir höfuðborgarsvæðið því hér er mjög heimilisvænt samfélag."

Það er ekki síst í ljósi væntumþykju til Akraness að Gísli ákvað að hella sér í bæjarmálapólitíkina. „Það er ekki hægt að segja nei þegar tækifæri býðst til að hafa áhrif á framgang mála," segir Gísli sem vinnur nú að því að Sjálfstæðisflokkurinn fái hreinan meirihluta í bæjarstjórn.

Eins og áður sagði náði Gísli ekki endurkjöri til Alþingis í kosningunum 2003 og sneri sér þá að sjónum. „Ég var með eigin útgerð á trillu en hætti þar sem leiguverð á kvóta og fiskverð var orðið þannig að ég hafði ekki afkomu heldur tapaði á þessu. Síðasta eitt og hálfa árið hef ég svo unnið hjá Norðuráli." Gísli er vélvirki og vélstjóri að mennt og sinnir eftirliti og viðhaldi í álverinu á Grundartanga auk þess að koma að mannaráðningum. Og í frístundum spilar hann á harmónikuna sína. „Ég spila mikið og þær eru færri helgarnar en hitt sem ég kem ekki einhvers staðar fram," segir Gísli sem meðal annars skemmti sextíu kvenna hópi á föstudagskvöldið og lék þar vitaskuld við hvurn sinn fingur.

**bjorn@frettabladid.is**



FIMM FRÉTTIR
Alla virka daga kl. 17
NFS
digital ísland
vísir VEFTV



Maí tilboð
ÓTRÚLEGT VERÐ
Alltaf ódýrari!
Office1
Akka bréfabindi
Vörunúmer: 0073214/0073218
Vönduð plasthúðuð bréfabindi frá Akka með vasa fyrir merkingu á kili.
Aðeins 199,- stk.
43% afsláttur
Office1
Blaðabakkar
Vörunúmer: 3501027
Han blaðabakkar í mörgum litum.
Aðeins 198,- stk.
Verð áður 349,-
Office1
Skrúfblýantur
Vörunúmer: 690p0686180
Laglegir skrúfblýantar í mörgum litum.
Aðeins 29,- stk.
ÓTRÚLEGT VERÐ
20% afsláttur
Office1
Ruslafötur
Vörunúmer: 3501818
Ruslafötur frá Han 18 lítra.
Aðeins 395,-
Verð áður 495,-
Office1
Post-it tilboð
Vörunúmer: 001654make
12 minnisblokkir frá Post-it og þú færð frítt með tvær nýjar blokkir í sniðugri snyrtitösku.
Aðeins 1.359,-
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Límrúllur og standur
Vörunúmer: 001db4
Þú kaupir fjórar Scotch límrúllur og glæsilegur standur fylgir með. Allt í einum pakka.
Aðeins 1.175,-
Office1
Tímaritabox
Vörunúmer: 671e4
Tímaritabox úr pappa fáanleg í 11 litum.
Aðeins 149,-
100 stk. í pakka
Office1
L-vasar
Vörunúmer: 86013288*
Lífgaðu upp á sumarið á skrifstofunni með lituðum L-vösum. A4 100 stk. 0,11 g.
Aðeins 1.490,- pakkinn
Office1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18, laugardaga frá 11-16, sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-14
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18, laugardaga frá 10-16

## Svona erum við

> Algengustu tvínefni karla

| Nafn | Fjöldi |
|---|---|
| Jón Þór | 214 |
| Gunnar Þór | 187 |
| Jón Ingi | 161 |
| Gunnar Örn | 146 |
| Jón Gunnar | 142 |
| Arnar Þór | 140 |
| Andri Már | 130 |
| Arnar Freyr | 127 |
| Bjarni Þór | 122 |
| Stefán Þór | 115 |

Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** CURIE-MÆLIEININGIN Í KJARNORKU

# *Curie-hjónin og kjarnorka*



Kjarnorka hefur verið mikið í fréttum undanfarið, því 20 ár voru í síðustu viku liðin frá slysinu í Tsjernóbyl sem hafði gífurleg áhrif á hundruð þúsunda manna og gætir áhrifa slyssins enn í Úkraínu og nágrannalöndunum. Jafnframt hefur kjarnorkuáætlun Írana vakið mikla athygli upp á síðkastið, því á föstudag rann út fresturinn sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gaf Írönum til að hætta auðgun úrans, en Íranar hafa staðfastlega neitað að verða við þeim tilmælum þar sem kjarnorkuframleiðsla þeirra er eingöngu í friðsamlegum tilgangi, að þeirra sögn. Í þessum umræðum hefur curie-mælieiningin komið upp, sérstaklega í tengslum við slysið í Tsjernóbyl.

**Hvað er curie?**

Curie, eða Ci, er mælieining sem notuð er til að mæla geislamengun. Eftir slysið í kjarnakljúfi 4 í Tsjernóbyl kjarnorkuverinu breiddust geislavirk ský yfir stór svæði Sovétríkjanna fyrrverandi og Evrópu. Í um 100 kílómetra radíus í kringum kjarnorkuverið mældust yfir 40 Ci af sesíum-137 frumefninu og fór magnið minnkandi eftir því sem fjær dró verinu.

Mælieiningin er nefnd eftir hjónunum Marie og Pierre Curie, og samsvarar 3,7x1010 hrörnunum á sekúndu. Ci-einingunni hefur nú að miklu leyti verið skipt út fyrir Bq-eininguna, sem samsvarar einni hrörnun á hverja sekúndu.

**Hver voru Curie-hjónin?**

Marie og Pierre Curie voru einir frægustu eðlis- og efnafræðingar sögunnar. Hjónin hlutu Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði árið 1903 fyrir rannsóknir sínar á geislavirkni og frumefninu radíni, sem þau uppgötvuðu árið 1898. Marie er ein fjögurra manna sem hlotið hefur Nóbelsverðlaunin tvisvar, því árið 1911 fékk hún þau á nýjan leik í efnafræði fyrir rannsóknir sínar á frumefnunum radíum og pólóníum og rannsóknir sínar á eðli radíums. Hjónin veiktust bæði af geislarannsóknum sínum og lést Marie, sem var af pólskum ættum, úr hvítblæði árið 1934, en Frakkinn Pierre varð fyrir hestvagni árið 1906 og fórst því af slysförum.

Pierre uppgötvaði einnig áhrif hitastigs á meðseglun, sem er þekkt sem lögmál Curies. Hann uppgötvaði líka að járnseglandi efni breyttu seguleiginleikum sínum við ákveðið hitastig og er þetta hitastig nefnt eftir honum, Curie-markið.

**SPURT & SVARAÐ**
STÓRIÐJA

# *Útblástur rannsakaður*



ERNA INDRIÐADÓTTIR

Samkvæmt frummatsskýrslu sem Alcoa skilaði inn til Skipulagsstofnunar 7. apríl sýna rannsóknir að áhrif útblásturs frá álveri Alcoa Fjarðaráls á Reyðarfirði séu innan viðmiðunarmarka og staðla sem miðað er við, hvort sem þurrhreinsun er notuð eingöngu eða bæði þurr- og vothreinsun. Hvorki loftmengun né mengun í sjó fer yfir þau mörk sem miðað er við, samkvæmt rannsóknum Alcoa. Bygging álversins á Reyðarfirði stendur enn yfir og vinnsla í álverinu er ekki hafin. Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa, segir rannsóknirnar viðamiklar.

**Hvernig er hægt að rannsaka útblástur sem ekki er neinn?**

„Þetta eru rannsóknir sem eru gerðar með flóknum líkönum sem líkja eftir loftdreifingu og veðurfarsaðstæðum á Reyðarfirði. Við loftdreifingarrannsóknirnar er stuðst við tvö módel, sem heita CALMET og CALPUFF. Þetta eru líkön sem eru notuð til þess að mæla áhrif útblásturs og hafa verið notuð til sambærilegra rannsókna af umhverfisstofnun Bandaríkjanna."


**Réttu tækin í þrifin**
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði

Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur





**6.888 kr.**
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.



**48.888 kr.**
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

**Bjarnþór Þorláksson**
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6206B




**JÖKULL EINANGRAÐUR** Starfsmenn Verbier skíðasvæðisins einangra Tortin jökulinn í Sviss, í von um að hægja á bráðnun jökulsins sökum gróðurhúsaáhrifanna. Meðalhiti Alpanna er hærri nú síðan árið 1500 og óttast margir eigendur skíðastaða framtíðarhorfur sínar. Myndin var tekin í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Svissnesku jöklarnir bráðna hratt

**Gróðurhúsaáhrifanna gætir mikið í Ölpunum, og er nú svo komið að uggur fer um skíðasvæðaeigendur á hverju vori.**

Kalt er í veðri í 2.000 metra hæð á Aletsch-jöklinum í Sviss, jafnvel þó að sólin á nær heiðum himninum baði hvítan jökulinn geislum sínum. Brosandi skíðafólk brunar niður brekkuna í átt að hótelum og veitingastöðum, þar sem því býðst gómsætur hádegisverður í þessari undraveröld vetrarins.

En þegar litið er yfir víðfeðmi Aletsch-jökulsins, sem síðasta ísöld skildi eftir í djúpum dal undir tindum Bernese Oberland, birtist allt önnur mynd en þegar horft er til skíðafólksins.

Jökullinn hefur hopað um 3,4 kílómetra síðan hann var stærstur árið 1860, þá 23 kílómetra langur, að sögn Hanspeter Holzhauser, landfræðings við Háskólann í Zürich, en hann er sérfræðingur í jöklunum á þessu svæði. Þar af hafa 1,4 kílómetrar horfið á seinustu 56 árunum og eftir situr bert grjótið.

Þróunin er uggvænleg, því jafnvel þótt hitastig jarðarinnar myndi standa í stað nú, þá myndi jökullinn halda áfram að minnka því áhrifa hækkaðs hitastigs seinustu áratuga hefur enn ekki gætt að fullu, að sögn Holzhausers.

Samkvæmt tölum alþjóðasamtaka sem hafa eftirlit með jöklum heims, WGMS, voru nærri 4.474 ferkílómetrar Alpanna þaktir jöklum árið 1850. Rúmri öld síðar þöktu jöklarnir eingöngu 2.903 ferkílómetra og árið 2000, höfðu þeir minnkað niður í 2.272 ferkílómetra. Fyrstu 120 árin sem þessar mælingar stóðu yfir minnkuðu jöklarnir um 2,9 prósent á hverjum áratug, að sögn Michaels Zemp, talsmanns samtakanna. „Frá áttunda áratug 20. aldarinnar og fram til ársins 2000, sáum við 8,2 prósenta minnkun á hverjum áratug, og mest frá 1985," sagði Zemp.

**Ógnvaldur**

Altesch-jökullinn er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Fyrr á öldum óttuðust íbúar dalsins hann mjög því ísinn seildist inn á byggð svæði og markar gríðarstór viðarkross þakkir sem þorpsbúar færðu þegar ísinn hafði ógnað heimilum þeirra en síðan hopað á ný. En þessa dagana stafar meiri hættu frá auknum flóðum í dalnum vegna ört bráðnandi íssins.

Svissneskur vísindahópur, OCCC, telur að meðalhiti á sumrin þar í landi muni hækka um þrjár gráður fyrir lok þessarar aldar, og að ofankoma muni jafnframt aukast um 10 prósent, sem þýðir að jöklar svissnesku Alpanna muni minnka um 75 prósent.

Þó segja vísindamenn WGMS að ekki sé fullvíst að þessi verði raunin; sumrin gætu reynst svalari og ofankoman gæti komið sem snjór á veturna, frekar en rigning á sumrin. Hvort heldur sem er, þá er þróun mála heldur ískyggileg fyrir skíðasvæði Sviss. „Jafnvel þótt hitinn hækki bara um eina gráðu, þá þýðir það 40 prósenta minnkun jöklanna," sagði Zemp.

Skíðavertíðin hefur verið að styttast á undanförnum árum, því meðalhitinn í Ölpunum er nú hærri en hann hefur nokkurn tímann verið frá árinu 1500 og margir fræðimenn kenna gróðurhúsaáhrifunum um.

Forráðamenn skíðastaðanna hafa þurft að færa viðskiptavinina sífellt hærra í fjöllin, svo þeir geti áfram iðkað skíðaíþróttina, að sögn Brunos Messerli, annars landfræðings sem rannsakar fjöllin umhverfis Aletsch.

Í skýrslu sem umhverfisskrifstofa Evrópusambandsins gaf út í fyrra kemur fram að Alpajöklarnir minnkuðu um 10 prósent sumarið 2003. Höfundar skýrslunnar spá því að þrír fjórðu hlutar jökla Sviss verði horfnir árið 2050, ef þróunin verður sú sama og hingað til.

**Örar breytingar**

En á svona viðkvæmu svæði hefur hlýnandi veður gífurleg áhrif, og þótt bæði vísindamenn og íbúar dalsins reyni nú á ýmsa vegu að koma í veg fyrir örar náttúrubreytingar svo komandi kynslóðir geti notið Aletsch-jökulsins, þá virðist fátt vera hægt að gera til að sporna við þróuninni.

„Þetta þýðir gríðarlegar breytingar í ferðamannaþjónustu," sagði Messerli, en nú starfa um 100.000 manns við ferðamannaþjónustu í svissnesku Ölpunum.

Bráðnunar jöklanna mun einnig verða vart víðar, því margar stærstu ár Evrópu eiga upptök sín í Ölpunum: Rínarfljót, Rón og Dóná. Til að byrja með mun vatnselgur ánna aukast, en síðar gætu þær horfið með öllu, að sögn fræðimanna.

Sums staðar hafa íbúar Alpanna hafið það sem kalla má heldur örvæntingarfulla björgunaraðgerð. Meðal þeirra eru ráðamenn Verbier-skíðasvæðisins í Rónardalnum. Í fyrra þakti starfsfólkið 2.500 fermetra af Tortin-jöklinum með ljósblárri einangrandi plastábreiðu, í von um að minnka annars öra bráðnun jökulsins, að sögn Erics Balet, yfirmanns skíðalyftufyrirtækisins í Verbier.

Andermatt-skíðasvæðið hefur einnig tekið til svipaðra ráða.

En þrátt fyrir einangrunina, þá neyddist Verbier til að opna tveimur vikum seinna í vetur heldur en í fyrra, að sögn Balets.

Þó að einangrandi ábreiður geti haft einhver áhrif til skamms tíma, eru þær engin langtímalausn, að sögn Michels Ferla, yfirmanns hjá ferðamannaráði Sviss. „Það er afar mikilvægt að vernda náttúruna eins vel og við getum," sagði Ferla. „Besta leiðin er að breyta lifnaðarháttunum og keyra færri bifreiðar."

Um 70 prósent ferskvatns jarðarinnar eru bundin í jöklum heimsins.




FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

# KALDIR DAGAR

**TROÐFULL BÚÐ AF KÆLI- OG FRYSTITÆKJUM MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI**

## LOKAÐ Í DAG
## VEGNA ÁRSHÁTÍÐAR
## STARFSMANNA



## OPNUM AFTUR
## ÞRIÐJUDAGINN 2. MAÍ
## KL. 10 MEÐ FRÁBÆRUM
## TILBOÐUM Á KÆLITÆKJUM

**YFIR 100 MISMUNANDI GERÐIR Á TILBOÐI**

**TAKMARKAÐ MAGN**

**FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Þvingunarfjárfestingar Orkuveitunnar.

## Eftirlíkingar athafnamanna

Síðustu ár hafa einkennst af algjörri uppstokkun í íslensku atvinnulífi. Fyrirtæki hafa runnið saman, gamlar valdablokkir hafa horfið og nýjar orðið til. Íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl á erlendum vettvangi. Alþjóðavæðingin hefur opnað nýjar gáttir. Íslenskir athafnamenn hafa sýnt og sannað að alþjóðavæðingin hefur ekki síst gefið litlum efnahagskerfum aukið olnbogarými.

Þetta er þróun sem orðið hefur fyrir þá sök fyrst og fremst að grundvallarreglur um viðskiptafrelsi hafa vikið forsjárhyggju til hliðar. Í okkar litla þjóðarbúskap hefur þetta gerst jafnt sem á alþjóðavísu. Að vissu leyti kalla þessi umskipti á endurmat á viðfangsefnum stjórnmálanna.

Þessi nýi veruleiki sem við blasir þarf ekki endilega að þýða að hlutverk stjórnmálanna minnki eða verði gildisminna en áður. Breytingin ætti einkum að vera fólgin í því að stjórnmálin snúist fremur um grundvallarspurningar en skyndiráðstafanir eða afskipti af einstökum þáttum samkeppnismarkaðarins. Og það er um nóg að tala í þeim efnum.

Margir stjórnmálamenn sýnast hins vegar hafa fengið ofbirtu í augun af framrás íslenskra fyrirtækja í nýju alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Ekki svo að skilja að þeim líki hún ekki vel. Heldur virðist hitt hafa gerst í of ríkum mæli að þeir telji sér trú um að þetta geti þeir líka gert með skattpeninga eða opinberan einokunarhagnað að bakhjarli. En þetta er vondur pólitískur misskilningur.

Stofnun Ríkisútvarpsins hf. og nýr lagagrundvöllur fyrir virkri þátttöku þess á samkeppnismarkaði fjölmiðlunar er eitt dæmi um þennan grundvallarmisskilning um hlutverk stjórnmálanna á markaðstorgi viðskiptanna. Annað dæmi er uppbygging og fjárfestingarstefna Orkuveitu Reykjavíkur.

Hún hefur á skömmum tíma orðið jafnoki Landsvirkjunar að stærð með samruna margra veitukerfa. Stærð fyrirtækisins er ekki áhyggjuefni, nema síður sé. Það er hugmyndafræðin um pólitískt hlutverk á markaðnum sem ekki gengur upp.

Gagnrýni á fjárfestingar Orkuveitunnar hefur oftast snúist um það hvort þær væru arðsamar eða sukksamar. Þó að slíkar spurningar geti verið góðar og gildar lúta þær þó ekki að hugmyndafræðinni um hlutverk opinberra fyrirtækja af þessu tagi.

Orkuveitan er að stærstum hluta einokunarfyrirtæki. Hún selur Reykvíkingum heitt vatn á mun hærra verði en nauðsyn krefur. Sá umframhagnaður er bakbein fjárfestinga í veitingahúsnæði, sumarhúsabyggðum, fiskeldi og hugsanlega grunnneti Símans og á fjölmörgum öðrum sviðum. Kaupendur heita vatnsins geta hins vegar ekki leitað neitt annað með viðskipti sín.

Kjarni málsins er sá að opinber einokunargróði er nýttur sem grundvöllur fjárfestinga á ýmsum sviðum á samkeppnismarkaði. Heimilin og fyrirtækin eru í raun og veru þvinguð til þátttöku í þessum fjárfestingum í gegnum einokunarviðskiptin.

Þetta er grundvallar misskilningur um hlutverk stjórnmála í viðskiptum. Stjórnmálamenn hafa ærið hlutverk í nútímaþjóðfélagi. En það er að hafa endaskipti á hlutunum þegar þeir freista þess að verða eftirlíkingar athafnamanna á samkeppnismarkaði.

Ekkert mælir því mót að stjórnmálamenn séu virkir þátttakendur í þjóðlífinu, í almannasamtökum eða fyrirtækjarekstri. Hitt er fráleitt að þeir noti skattpeninga eða opinberan einokunarhagnað til þess að gerast leikarar á því sviði.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Sópransöngkonur**
Íslenska óperan blés til dansleiks síðastliðið sunnudagskvöld og vildi með því kanna hvort ekki mætti stofna til nýrrar hefðar og veita gestum af gnægtarbrunnum sínum í leiðinni gegn hófstilltu verði. Skemmst er frá því að segja að þar sté á fjalirnar hver dívan á fætur annarri og skemmti gestum með aríum eða lögum úr söngleikjum og tók salurinn vel undir með fjöldasöng þar sem við átti. Davíð Ólafsson bassasöngvari var veislustjóri og fór á kostum. Kallaði hann óperufrumkvöðulinn Garðar Cortes upp á svið og sýndi gestum myndskeið frá árdögum sjónvarpsins þar sem Garðar hafði séð um allt. Hann afhenti Garðari eintak af upptökunni gegn því að hann sýndi það ekki nokkrum manni. - Davíð sagði margt líkt með sópransöngkonum og hryðjuverkamönnum. Þó væru þær frábrugðnar þeim að einu leyti, því hægt væri að semja við hryðjuverkamenn en ekki sópransöngkonur.



**Flugvöllur hf.**
Frumvarp frá Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra var á dagskrá samgöngunefndar Alþingis fyrir helgina. Það fjallar um að breyta Flugmálastjórn í hlutafélag og þar með rekstri flugvalla. Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, stýrir fundum samgöngunefndar en nefndin kallaði ýmsa á sinn fund fyrir helgi, þeirra á meðal fulltrúa starfsmanna Flugmálastjórnar. Ef rétt er skilið lýstu þeir andstöðu við hlutafélagavæðinguna. Munu menn hafa haft all stór orð um efni frumvarpsins. Gerðist Guðmundur formaður brúnaþungur og sleit fundi með fulltrúum starfsmanna í skyndingu. Er það ekki kallað að reka menn út?

**Landkynning**
Guðmundur Páll Ólafsson, rithöfundur og náttúruverndarsinni, sakar eiginlega íslenska sendiherrann í Þýskalandi um að bregðast skyldum sínum þegar opnuð var í Berlín sýningin „Einnota land“. Í forsíðufrétt Morgunblaðsins í gær kemur fram að sýningarstjórinn hafi beðið Ólaf Davíðsson sendiherra um að senda upplýsingar um sýninguna til Íslendinga í Þýskalandi með póstlista sínum. Við þessu var ekki orðið og enginn frá sendiráðinu mætti við opnunina sem sýnir afleiðingar atvinnustefnu stjórnvalda við Kárahnjúka, eins og það er orðað. - Spyr sendiráðið hvort menn fylgi stefnu íslenskra stjórnvalda áður en þjónusta er veitt? johannh@frettabladid.is

## Refsivöndinn gegn rusli

Í DAG
SÓÐASKAPUR



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Það mætti t.d. sekta um 26 þúsund krónur fyrir að spýta út úr sér tyggigúmmíi á víðavangi.*

Íslendingar telja sig fallega þjóð. Við erum vel menntuð, efnuð, víðsýn og umburðarlynd. Þetta virðist almennt sýn þjóðarinnar á sjálfa sig. Við viljum öllum vel og leggjum okkur fram við flest sem við gerum. Við erum vinnusöm og dugleg, sjálfstæð og heiðarleg. Það er ekki amalegt að tilheyra þessum framúrskarandi hópi.

„Heimskt er heimaalið barn“ segir málsháttur sem flestir þekkja og vísar í að það sé menntandi og fræðandi að ferðast og kynnast menningu og háttum annarra þjóða. Seint verður það sagt um Íslendinga að þeir séu mjög „heimaaldir“ því nú þykir sjálfsagt að ferðast um heiminn, helst árlega og jafnvel oft á ári. Heimskan ætti því ekki að vera almenn en mikið væri óskandi ef öll þessi ferðalög til annarra landa gætu kennt okkur snyrtimennsku og almenna kurteisi í umgengni.

Auglýsingar, sem birst hafa að undanförnu í sjónvarpi, eru mjög góð áminning. Flestir hafa trúlega séð þessar myndir, þar sem falleg og vel til höfð fjölskylda situr við matarborðið en gólfið umhverfis er þakið umbúðum og hverskyns rusli. Fjölskyldufaðirinn kemur ríðandi mótorfáki inn á gólf og fleygir þar frá sér sígarettustubbi. Íslendingar, þessi fallega, menntaða og vel til hafða þjóð gengur trúlega ekki svona um heima sér – innandyra. Hins vegar ganga ótrúlega margir svona um utan dyra. Það þykir sjálfsagt að fleygja sígarettustubbi á jörðina, fólk spýtir tyggigúmmíinu út úr sér þar sem það stendur fyrir aðra að stíga á og umbúðir skyndibitans fljúga út um bílgluggana. Ruslið sem ég tíni saman í garðinum mínum oft á ári kemur þangað vegna þess að umhverfissóðar hafa fleygt því frá sér, ekki inn í garðinn minn en það fýkur þaðan sem því er fleygt. Í hvert sinn sem menn fleygja frá sér tómri drykkjarfernu, sælgætisumbúðum eða sígarettustubbi jafngildir það því að fleygja því frá sér inni á heimili vina og vandamanna eða sínu eigin heimili. Slíkt dytti trúlega engum í hug en hver er í raun munurinn?

Í Malasíu liggja þung viðurlög við því að fleygja frá sér rusli af nokkru tagi á víðavangi enda sést þar hvergi tyggjóklessa né sígarettustubbur. Það vilja nefnilega flestir vernda budduna sína þótt þeir hafi ekki alltaf vit á að vernda umhverfi sitt. Þar – og víðar í heiminum – hefur því verið gripið til þess ráðs að kafa djúpt í buddu þeirra einstaklinga sem láta eins og göngustígar, gangstéttir, götur og náttúran öll sé ein stór ruslafata sem megi fleygja í að vild. Og þetta virkar víða ágætlega. Væntanlega krefst þetta nokkurs eftirlits, a.m.k. í byrjun meðan verið er að kenna fólki að ganga um eins og siðmenntaðir einstaklingar en ekki eins og sóðar. En með hæfilegum fjársektum næðist árangur trúlega fljótt og vel og tekjur vegna þeirra gætu skilað drjúgt í ríkiskassann. Við getum velt því fyrir okkur hvað séu hæfilegar sektir fyrir sóðaskap. Það mætti t.d. sekta um 26 þúsund krónur fyrir að spýta út úr sér tyggigúmmíi á víðavangi, hver sígarettustubbur gæti þá kostað um 20 þúsund krónur, tóm drykkjarferna gæti lagt sig á 24 þúsund krónur og í þessu samhengi mætti setja nokkur hundruð þúsund króna verðmiða á akstur utan vega.

Síðan ég var barn – og það er býsna langt síðan – hafa ítrekað birst auglýsingaherferðir gegn sóðaskap almennings. Árangur hefur stundum náðst, tímabundið, og stundum ekki. Kannski er kominn tími til að grípa til refsivandarins. Hitt virðist ekki duga. Það er ótrúlegt að verða vitni að því að rusli er fleygt út um bílglugga á rauðu ljósi, út úr 3-4 milljóna króna bíl af vel til höfðu og vel klæddu fólki. Iðulega hef ég heyrt „siglt“ fólk, nýkomið frá útlöndum, dást að því hvað allt hefur verið hreint þar, hvergi rusl að sjá, munur eða hér heima. Hvernig væri að læra af ferðalögunum og sýna sömu snyrtimennsku hér og þar? Vissulega er ástandið ekki alls staðar til fyrirmyndar en við ættum hins vegar að geta tilheyrt fyrirmyndarhópnum. Það ætti að vera hægt að venja þrjú hundruð þúsund manna þjóð af þessum sóðaskap. Ég veit að stundum hafa einstaklingar, sem orðið hafa vitni að athæfi sem þessu, hnippt í sóðann og bent honum á að „þeir hafi misst eitthvað“. Jafnvel eru dæmi um að fólk hafi tekið upp rusl sem aðrir hafa hent frá sér og hlaupið sóðann uppi til að skila ruslinu. Þetta er góð hugmynd en hvort hún dugir sem lexía veit ég ekki. Nóg er að minnsta kosti af ruslinu og nú á vordögum, þegar fólk keppist við að taka til í görðunum sínum, er ruslið á göngustígum og opnum svæðum alveg æpandi vitnisburður um sóðaskapinn.

## Festum flugvöllinn í sessi

UMRÆÐAN
REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON
ODDVITI F-LISTANS Í REYKJAVÍK

Stærsta ágreiningsmálið og um leið þýðingarmesta skipulags- og samgöngumál í Reykjavík í komandi kosningum er flugvallarmálið. Þar liggja skýrar átakalínur, þar sem F-listinn vill einn flokkanna í borginni halda flugvellinum í Vatnsmýri.

Það yrðu óafturkræf mistök að missa Reykjavíkurflugvöll úr Vatnsmýrinni, þar sem hann er vel staðsettur m.t.t. innanlands-, sjúkra- og öryggisflugs og einnig sem ómissandi varaflugvöllur fyrir millilandaflugið. Um þýðingu flugvallarins fyrir samgöngur og öryggismál á landinu öllu og fyrir atvinnulíf í Reykjavík þarf ekki að fjölyrða. Þeir valkostir innan höfuðborgarsvæðisins sem nú er rætt um eru mun lakari. Hólmsheiðin liggur hærra en Vatnsmýrin og nálægð fjalla gerir flugöryggi minna þar en niðri við sjó. Lönguskerjaflugvöllur yrði hins vegar allt of dýr framkvæmd til að koma nokkurn tíma til greina. Það ylli gífurlegum náttúruspjöllum að setja heila eyju út í Skerjafjörðinn og sjávarstaða og sjávarrok veikja einnig þennan valkost. Ljóst er að Reykvíkingar þurfa að verja flugvöllinn í Vatnsmýri nú þegar Íslendingar taka við rekstri Keflavíkurflugvallar og kröfur eru háværari en nokkru sinni að flytja starfsemi Reykjavíkurflugvallar til Keflavíkur. Útilokað má telja að samgönguyfirvöld fallist á að brjóta niður flugvöllinn í Vatnsmýri og mannvirki tengd honum til að flytja starfsemi hans með ærnum tilkostnaði.

Það blasir einfaldlega við að Reykvíkingar og aðrir landsmenn munu missa flugvöllinn til Keflavíkur ef ekki er haldið fast á málum. Það myndi leiða til þess að innanlandsflug legðist að mestu niður og núverandi flugumferð færðist út á vanbúna þjóðvegi landsins. Það gæti þýtt fjölgun dauðaslysa í umferðinni um 5-10 slys á ári. Fyrirætlanir um allt að 20.000 manna byggð í Vatnsmýri eru ekki raunhæfar vegna þeirrar umferðarteppu sem hlytist af aukinni umferð bíla inn á Hringbrautina sem næmi 60.000 bílum á sólarhring. Reykjavíkurflugvöllur á hins vegar samleið með því þekkingar- og vísindaþorpi, sem rísa á í Vatnsmýrinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson er flutt í **Síðumúla 9**

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 8 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900
HAFNARGÖTU 25 **(áður Ljósboginn)** KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

# Stærsti framleiðandinn

## mesta úrvalið – og gæðin frá SAMSUNG

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 LCD TV Samsung LE40M61B

**Háskerpu LCD veggsjónvarp**
**Valið besta LCD sjónvarpið 2005-2006**
6,4 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa 5000:1
Upplausn 1366X768





SAMSUNG

**LE-40M61BX**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **399.900,-**

**LE-32M61BX**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **249.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
3,2 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround
XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni







imago

SAMSUNG

**LE-46M51B**
**46" LCD sjónvarp**
Verð: **449.900,-**

**LE-40M51B**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **329.900,-**

**LE-32M51B**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **219.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
3,2 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround
XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni









SAMSUNG

**LE-40R51B**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **299.900,-**

**LR-32R41B**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **199.900,-**

**LR-26R41B**
**26" LCD sjónvarp**
Verð: **159.900,-**

**LE-23R41B**
**23" LCD sjónvarp**
Verð: **119.900,-**

## Umboðsmenn:

**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Reykjanes:** Ormsson, Keflavík.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

# Hvað verður um kosningaloforðin?

**UMRÆÐAN**
KOSNINGA-
LOFORÐ



**JÓHANN BJÖRNSSSON**

Einn er sá flokkur hér í borg sem hefur öðrum fremur verið duglegur við að lofa kjósendum gulli og grænum skógum fyrir kosningar. Flokkur þessi sem vanalega hefur gengið undir nafninu Framsóknarflokkur kallast víst exbé í þessum kosningum en gæti allt eins kallast Loforðaflokkurinn. Út frá siðfræðilegu sjónarhorni eru loforð af hinu góða og í sjálfu sér ekkert út á þau að setja. Loforð exbé eru hins vegar annars eðlis og ekki sett fram af siðfræðilegum ástæðum heldur öllu fremur til þess að laða kjósendur til fylgis við flokkinn og á því er meginmunur.

Loforð stjórnmálaflokka er ekki bara stefna viðkomandi flokks, þetta er eitthvað sem flokkurinn lofar kjósendum sínum að framkvæma hvað sem tautar og raular. Stefna stjórnmálaflokka er það sem stefnt skal að, en engu lofað, kosningaloforð eru hins vegar loforð um framkvæmd. Loforðum fylgir ströng skuldbinding. Ef flokkur lofar að gera eitthvað fyrir kjósendur er hann að segja að hann ætli sér að standa og falla með því sem var lofað, að öðrum kosti telst hann óheiðarlegur.

Nýjasta loforð Framsóknarflokksins var hrist fram úr ermi eins frambjóðanda flokksins á fundi í Nýlistasafninu nýverið. Forsvarsmenn Nýlistasafnsins boðuðu frambjóðendur á sinn fund til þess að ræða málefni samtímalistar og er það lofsvert framtak. Eftir að hafa rætt málefni safnsins og menningarmálanna í borginni dágóða stund kom fulltrúi exbé fram með kosningaloforð þess efnis að flokkurinn ætlaði að veita 50 milljónum til tiltekins verkefnis sem tengist samtímalist í borginni. Eðlilega urðu fundarmenn glaðir. En sú gleði var skammvinn. Þegar stjórnmálaflokkur kemur með kosningaloforð er nefnilega nokkrum spurningum ósvarað og það rak fulltrúi exbé sig illilega á á umræddum fundi. Spurningar þessar sem Loforðaflokkurinn exbé þurfti að svara hafa með raunhæfni loforðanna að gera: Hversu raunhæft er að kosningaloforð verði að veruleika? Hvernig ætlar flokkur sem víst er að nær ekki hreinum meirihluta að standa við gefin loforð? Þegar fulltrúi exbé þurfti að svara þessu voru svörin á þá leið að loforð væru umsemjanleg, það yrði samkomulagsatriði á milli stjórnmálaflokka sem mynduðu meirihluta. En þá má spyrja á móti hvort það kallist loforð sem hægt er að semja um, selja og kaupa eins og öðrum sýnist burtséð frá þeim sem lofað var í upphafi þ.e.a.s. kjósendum? Nei það er ekki loforð, það er hreinn og klár óheiðarleiki. Það væri óskandi að stjórnmálamenn gerðu sér grein fyrir því hvað felst í því að lofa og hver munurinn er á því sem lofað er og því sem stefnt er að.

Framsóknarflokkurinn virðist því miður halda að kjósendur falli endalaust fyrir fögrum loforðum flokksins og hefur aðra skilgreiningu á loforðum en gengur og gerist, en nú hlýtur mælirinn að fyllast, ekki síst þegar frambjóðendur flokksins eru tilbúnir að selja loforð hverjum þeim sem hæst býður. Fellur einhver fyrir slíkum loforðum lengur?

*Höfundur skipar 8. sætið á V-lista Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í Reykjavík.*


Skómarkaðurinn

Vorum að taka upp mikið af nýjum vörum

T.d. Sanilet sandalar margir litir
Flott dömustígvel og skór
Flottir sumarskór á börnin
Herraskór í úrvali
Sumarsandalar á alla fjölskylduna

ATH. 50-80% afsláttur

Skómarkaðurinn
Skeifunni og Valmiki


# Að „háeffa“ flugvelli landsins

**UMRÆÐAN**
FLUGSAM-
GÖNGUR



**JÓN BJARNASON**
ALÞINGISMAÐUR

*Uppbygging og rekstur flugvalla landsins er fjármagnaður að meginhluta með beinum fjárframlögum ríkisins eins og þjóðvegirnir. Markmið hlutafélagaformsins ganga þvert á samfélagsleg gildi sem opinberum samgöngumannvirkjum er ætlað að starfa eftir og þjóna.*

Einkavæðingaræði Framsóknar og Sjálfstæðisflokks er orðið að hættulegri þráhyggju eða ofsatrú sem virðist engin takmörk sett. Nú er ráðist að flugvöllum landsins. Til þessa hefur verið þjóðarsátt um að samgöngumannvirki skulu vera byggð upp og rekin sem opinber þjónusta. Þá sátt á nú að rjúfa: „Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar Íslands og tengda starfsemi. Tilgangur félagsins skal vera að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa, að annast rekstur og uppbyggingu flugvalla, svo og aðra skylda starfsemi“, segir í nýju frumvarpi um háeffun á flugvöllum landsins.

### Grunnet almenningssamgangna

Flugvellirnir eru hluti af grunnneti samgangna landsins og rekstur þeirra mikilvægur hlekkur almannaþjónustunnar. Þótt kveðið sé á um að allt hlutafé hins nýja fyrirtækis skuli vera í eigu ríkisins og það ekki selt, hefur reynslan sýnt að slík loforð eru ekki einnar messu virði.

Engin ákvæði í frumvarpinu hindra að hægt sé að búta félagið niður eða selja út úr því verkefni þótt hlutaféð standi eftir. Menn þekkja sögu Landssímans sem var hlutafélagavæddur undir hástemmdum yfirlýsingum um að hann yrði ekki seldur. Og þegar krafist var þess að grunnfjarskiptakerfinu yrði haldið eftir var svar einkavæðingarflokkanna að það væri ekki hægt. Nú er Síminn að bjóða grunnnetið sérstaklega til sölu sem sýnir að ekkert er að marka loforð eða yfirlýsingar Framsóknarsjálfstæðisflokksins í þessum málum.

Uppbygging og rekstur flugvalla landsins er fjármagnaður að meginhluta með beinum fjárframlögum ríkisins eins og þjóðvegirnir. Markmið hlutafélagaformsins ganga þvert á samfélagsleg gildi sem opinberum samgöngumannvirkjum er ætlað að starfa eftir og þjóna.

Einkavæðingin, háeffunin á rétt á sér þar sem markmið eigendanna er að ná sem mestum arði af hlutafénu, ábyrgð eigendanna takmarkast aðeins við hlutafjárupphæðina, tekjurnar koma frá samkeppnisrekstri og hlutir geta gengið kaupum og sölum. Fyrirtækið getur þess vegna orðið gjaldþrota ef svo ber undir. Þegar á nú að háeffa m.a. flugvellina á Ísafirði, Gjögri, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum, alla flugvelli landsins, hlýtur hver og einn að spyrja sig hvort ríkisstjórnin sé gengin af göflunum.

### Aðför að starfsmönnum

Starfsmenn flugvalla og flugþjónustu vítt og breitt um landið eru nú opinberir starfsmenn og bera ábyrgð og kjör samkvæmt því. Með frumvarpinu er stofnaður nýr lögaðili, sem lýtur umgjörð einkarekstrar, hlutafélag sem yfirtekur uppbyggingu og rekstur flugvalla. Öllu starfsfólki er sagt upp og þó margt af því sé endurráðið hjá hlutafélaginu er það nýr viðsemjandi, ráðningarform og kjarasamningar eru allt aðrir. Miðað við núverandi umsvif í rekstri flugvalla og flugleiðsögn má ætla að um 300 manns verði gert að skipta um vinnuveitanda. Með frumvarpinu er gerð bein aðför að starfsmönnum.

Upplýsingaréttur almennings og upplýsingaskylda stjórnvalda fellur brott svo og andmælaréttur og lögboðinn uppsagnarfrestur sem og skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn.

Í greinargerð með frumvarpinu er undirstrikað að gæði og öryggi flugþjónustu og rekstri flugvalla hér á landi séu með því allra besta sem gerist. Sé það ekki hvað síst góðu starfsfólki að þakka. Með háeffun flugvallaþjónustunnar er einmitt fyrst og fremst verið að ráðast á ráðningarform og starfskjör þessa fólks sem þar vinnur. Vinstri græn líta á flugvelli og flugleiðsögn sem grunnþætti almenningssamgangna. Fyrirhuguð einkavæðing þessara þátta gengur þvert á hagsmuni bæði starfsmanna og íbúanna vítt og breitt um landið.

*Höfundur er þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns*

# Hver vill skólafatnað?

**UMRÆÐAN**
SKÓLAFATNAÐUR



**MARSIBIL SÆMUNDSDÓTTIR**

*Einstaklingseðli og sköpun blómstrar þegar börnum líður vel og upplifa sig samþykkt.*

B-listinn í Reykjavík vill að Reykjavíkurborg komi til móts við þá skóla sem vilja taka upp skólafatnað.

Einelti vegna efnamunar á ekki að viðgangast og í skólanum ættu allir að vera á jafningjagrundvelli. B-listinn vill ekki setja boð eða bönn í þessu máli en vill að kostir þess að taka upp skólafatnað í grunnskólum Reykjavíkur verði kannaðir. Skólastjórnendur og samtök foreldra taki þá ákvörðun fyrir hvern skóla fyrir sig, en Reykjavíkurborg taki þátt í kostnaði við skólafatnað hjá þeim sem þess óska.

Hingað til hafa það yfirleitt verið foreldrafélög viðkomandi skóla sem hafa átt frumkvæðið og ákveðið innleiðingu skólafatnaðar í samráði við skólastjórnendur. Þeir íslensku grunn- og leikskólar sem hafa innleitt skólafatnað sýna fram á betri árangur nemenda sinna og bættara andrúmsloft innan skólans.

Skólafatnaður fer að sjálfsögðu eftir skólastiginu en getur verið buxur, bolir, flíspeysur, hettupeysur o.s.frv. Skólafatnaður yrði alltaf ódýrari kostur fyrir foreldra þar sem um magninnkaup er að ræða.

Mín tilfinning er sú að skólafatnaður geti aukið samkennd meðal nemenda og styrkt tilfinningu þeirra fyrir því að tilheyra samfélagi skólans. Ég tel að nemendurnir ættu að hafa eitthvað um málið að segja og mikilvægt að þeir fái að taka þátt í að velja skólafatnaðinn. Á unglingastigi grunnskólanna má eflaust búast við skiptum skoðunum á skólafatnaði en í þeim tilfellum finnst mér áhugaverður möguleiki að hafa skólafatnað valkvæðan.

Einstaklingseðli og sköpun blómstrar þegar börnum líður vel og upplifa sig samþykkt. Skólafatnaður hjálpar til við það þar sem börn ættu ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að þau séu ekki í réttu tískufötunum til að tilheyra í skólanum. Það eru ekki umbúðirnar sem skipta máli er setning sem hefur sjaldan átt meira erindi til barna en í dag.

*Höfundur skipar 3. sæti B-listans í Reykjavík.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



## BER UMHYGGJU FYRIR HÚÐINNI

Verslunin Hygea á sér lengri sögu en nokkur önnur snyrtivöruverslun í landinu. Hún flutti nýlega í Smáralindina.

TÍSKA 6

## FRÁ HÖMLULEYSI TIL HEILSU

Esther Helga Guðmundsdóttir hefur opnað meðferðar- og fræðslumiðstöð fyrir matarfíkla.

HEILSA 2





## ALLT HITT

**[HEILSA OG TÍSKA]**

**Heimasíðan** skemmtilega men. style.com birti nýlega tíu boðorð sem hafa ber í huga ef klæðast á jakkafötum. Boðorðin eru flest afar einföld og ættu því allir karlmenn hæglega að geta farið eftir þeim.

**Ný** átta vikna námskeið hefjast í World class í byrjun næstu viku. Meðal forvitnilegra námskeiða má nefna dansjóga, bodyshape og peak Pilates. Skráning fer fram í Laugum og Spöng og í síma 553 0000 og 553 5000.

**Tískuvika** stóð yfir í Sidney í Ástralíu um síðastliðna helgi. Þar kynntu margir áhugaverðir hönnuðir framleiðslu sína fyrir sumarið 2006/2007 en eins og flestir vita er sumar í Ástralíu á sama tíma og vetur er hjá okkur á norðurhveli. Nálgast má myndir og aðrar upplýsingar um tískuvikuna á heimasíðunni www.afw.com.au.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 2. maí, 122. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.57 | 13.25 | 21.55 |
| Akureyri | 4.29 | 13.09 | 21.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Jóna Kristín Heimisdóttir heldur sér í góðu formi þessa dagana enda keppir hún um titilinn Ungfrú Ísland þann 25. maí næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Prófar hjólið í sumar

***Jóna Kristín Heimisdóttir æfir þessa dagana af kappi fyrir keppnina Ungfrú Ísland. Hún segir að þétt æfingaáætlun undanfarið hafi haft góð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu sína.***

Jóna, sem nýlega var valin ungfrú Reykjavík, segir að náið sé fylst með keppendum og þeim veitt ráðgjöf. „Svo er líka undir okkur komið hvort við viljum vera í góðu formi eða ekki,“ segir Jóna, en hún bætir því við að flestar stúlkurnar í keppninni æfi um sex sinnum í viku.

Þessi þétta æfingaáætlun er reyndar ekki mikil viðbrigði fyrir Jónu því hún æfði handbolta með FH í fjölda ára. „Ég hætti reyndar fyrir einu og hálfu ári en hef verið í ræktinni síðan. Mér finnst rosalega gott að hreyfa mig og í raun nauðsynlegt.“ Í ræktinni lyftir Jóna og hleypur, en hún segir þó að af hinu síðarnefnda hafi hún mest gaman. Jóna segist hins vegar lítið hafa stundað líkamsrækt utandyra, en þó er ýmislegt sem kann að breyta því. „Ég fékk hjól í verðlaun þannig að kannski á ég eftir að nota það eitthvað fyrst sumarið er að koma,“ útskýrir Jóna og brosir.

Mataræðið er eitt af því sem keppendur í fegurðarsamkeppnum þurfa að huga vel að. „Ég reyni að borða mjög hollan mat og borða reglulega eða á um tveggja tíma fresti. Mér finnst mikilvægast að borða sem fjölbreyttasta fæðu og að sleppa sætindum, skyndibitamat og öðru slíku.“

Jóna segist ekki vera í vafa um að hún muni halda áfram þessu heilbrigða líferni þó að fegurðarsamkeppnirnar verði að baki. Hún segist ekki einungis finna mun á líkamlegu ástandi sínu heldur hafi hún einnig fundið fyrir minni þreytu. Jóna vinnur sem kennari í Kársnesskóla og segir hún að þessi bætta líðan hafi einmitt komið henni til góða í starfinu. „Já, ég get haldið uppi meiri aga,“ svarar Jóna að lokum og hlær.

*steinthor@frettabladid.is*

# Félagsfælni falið vandamál

NÝR FRÆÐSLUBÆKLINGUR ER KOMINN ÚT Á VEGUM ACTAVIS UM FÉLAGSFÆLNI.



„Félagsfælni er sennilega eitt algengasta form af sjúklegum kvíða og líklega ein algengasta kvíðaröskun sem til er. Þrátt fyrir það leita sjúklingar sér ekki alltaf meðferðar og rétt sjúkdómsgreining getur farið fram hjá læknum,“ segir meðal annars í nýjum bæklingi um félagsfælni sem kominn er út hjá Actavis. Hann er skrifaður af Ólafi Þór Ævarssyni geðlækni. Í fréttabréfi um bæklinginn kemur fram að nýlegar rannsóknir bendi til að 5 til 15% manna séu haldnir kvillanum og einungis þunglyndi og áfengisfíkn séu algengari. Þrátt fyrir það virðist sem kvillinn sé oft falinn og uppgötvist ekki en með faglegri meðferð er þó verulegs árangurs að vænta.

Sá sem þjáist af félagsfælni forðast aðstæður þar sem hann er innan um fólk eða er sjálfur miðpunktur athyglinnar. Það leiðir til skerðingar á samskiptum, lífsgæðum og getu. Í bæklingnum segir og: „Fyrir utan mikla andlega vanlíðan af völdum kvíðans veldur félagsfælnin oft umtalsverðri skerðingu á getu. Til dæmis kom fram í stórri rannsókn í Bandaríkjunum að þessi sjúkdómur er ein meginástæða þess að ungar konur hætta háskólanámi.“






**Hlaupabrettin** mega missa sín þegar vel viðrar. Ef heitt er í veðri farðu þá út að skokka. Það er miklu skemmtilegra.


allt heimili
Alla fimmtudaga

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6





www.svefn.is
IQ-CARE HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa





STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn








Hreinsiprógram fyrir líkamann
**Vaðgelmir** fyrir ristilinn - **Suttungamjöður** fyrir blóðið - **Þaraduft** fyrir húðina
JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Frá hömluleysi til heilsu

***Esther Helga Guðmundsdóttir hefur opnað meðferðar- og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar í Ármúla 15. Hún ber heitið MFM miðstöðin.***

„Matarfíkn er fíknsjúkdómur og ég vil vinna út frá því sjónarmiði,“ segir Esther Helga og heldur áfram: „Sérfræðingar hafa vissulega unnið gott starf með fólki sem á við alls konar átraskanir að stríða, anorexíu, búlemíu og ofát en lítið sem ekkert framboð er af meðferðarúrræðum fyrir þá sem eiga við matarfíkn að etja og því er þörfin brýn. Í grunninn er þetta fíkn á borð við þá sem alkóhólistar stríða við, matarfíklar þola ekki ákveðnar fæðutegundir og lenda í þráhyggjuhegðun. Ef alkóhólisti vill vinna í sínum málum þá fer hann í meðferð og jafnvel eftirmeðferð og síðan taka AA-samtökin við. Ég vil meina að slíkt meðferðarferli vanti algerlega hér á Íslandi fyrir matarfíkla og með þessari miðstöð minni er ég að opna vísi að því.“

Sjálf kveðst Esther Helga hafa barist við matarfíkn allt sitt líf en verið í bata síðustu þrjú ár og hafa lést um 60 kíló. „Ég hef bæði verið í anorexíudeildinni og ofátsdeildinni þannig að ég er búin að vera í átröskun alveg frá unga aldri og er nú 51 árs.“

Bakgrunnur Estherar í menntun er í söng- og tónlistarfræðum en hún hefur fært sig inn í ráðgjafastörf hin síðari ár og unnið mikið í sjálfshjálparsamtökum. Nú hefur hún lokið námi við Ráðgjafaskóla Íslands en hvað ætlar hún að bjóða upp á í hinni nýju stöð? „Í byrjun býð ég upp á greiningu og einstaklingsmiðaða meðferð. Einnig upp á fræðslu með fyrirlestrum, námskeiðahaldi og útgáfu á efni um matarfíkn. Mig dreymir um að í framhaldinu verði hægt að opna einhvers konar göngudeild eða meðferðarheimili. Síðan vísa ég á 12 spora samtök til stuðnings. Sé þessi sjúkdómur fyrir hendi þá gildir það sama um hann og aðrar fíknir að fólk þarf áframhaldandi stuðning og vinnu með vandamálið sem er undirliggjandi.“ Heimasíða Estherar Helgu er www.matarfikn.is.

*gun@frettabladid.is*



Esther Helga gefur fólki með matarfíkn góð ráð og talar af reynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Það ættu allir að hugsa fyrir endalokunum og hvernig þeir vilja .

# Skipuleggðu endalokin strax

***Gerðu ráðstafanir núna um síðustu ævidagana.***

Enginn hefur gaman af því að hugsa um andlát, síst sitt eigið. Það er þó skynsamlegt að hugsa til þeirra sem eftir munu standa og setja á blað nokkur atriði sem gætu auðveldað aðstandendum að taka næstu skref, fallir þú frá.

Taktu saman skuldir, tryggingar og önnur mikilvæg skjöl og geymdu á einum stað. Það auðveldar ekki bara aðstandendum að ganga frá þínum málum, heldur hjálpar líka til við næsta skattframtal. Skrifaðu erfðaskrá. Gerðu líka aukaskjal þar sem þú lýsir því hvernig umönnun þú vilt á þínum síðustu ævidögum, hvar þú vilt vera við andlátið og allar óskir sem þú hefur um útför þína.

Ræddu við vini og vandamenn um það hver muni taka við börnum þínum, gerist þess þörf. Hafðu þessar upplýsingar líka skriflegar. Settu á blað nokkur orð um ævi þína, jafnvel bestu minningar þínar líka, og teiknaðu upp ættartréð. Að lokum getur þú tekið ákvarðanir sem snúa að líffæragjöf og séð til þess að nánustu aðstandendur viti hverjar óskir þínar eru í því efni.

Þau atriði sem greint hefur verið frá hér eru ekki síður ætluð ungu fólki í blóma lífsins til íhugunar. Fráfall ungs fólks er oft meira áfall fyrir aðstandendur og erfiðara getur verið að greiða úr málum hins látna ef engar ráðstafanir hafa verið gerðar.



Enn og aftur sannast hollustugildi fisksins. Hann inniheldur mikið af fjölómettuðum fitusýrum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Minni líkur á MND

ÞEIR SEM BORÐA RÍFLEGA AF FÆÐUTEGUNDUM SEM INNIHALDA MIKIÐ AF FJÖLÓMETTUÐUM FITUSÝRUM OG E-VÍTAMÍNI ERU MUN ÓLÍKLEGRI TIL AÐ FÁ MND.

MND er samheiti yfir sjúkdóma sem leggjast á hreyfitaugar. Þeir orsaka vöðvarýrnun og leiða sjúklinga að lokum til dauða. Hollenskir vísindamenn hafa nú komist að því að mataræði sem inniheldur mikið af E-vítamíni og fjölómettuðum fitusýrum dregur úr líkum á MND um allt að 50%. Frá þessu er greint á vef BBC.

Hollendingarnir rannsökuðu 132 sjúklinga sem voru með, eða grunur lá á að væru með, taugasjúkdóminn ALS. Til samanburðar rannsökuðu þeir 220 heilbrigða einstaklinga. Í ljós kom að sjúklingarnir höfðu almennt borðað mun minna af fæði sem innihélt fitusýrurnar og E-vítamín. Enginn munur virtist á hópunum tveimur að öðru leiti.

Það er vitað að MND-sjúkdómar orsakast af erfðum og umhverfisþáttum. Þessi uppgötvun er því skref fram á við í baráttunni við umhverfisþættina.



Í Reyksímanum 800 6030 getur þú fengið aðstoð fagaðila til að hætta að reykja. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hætt að reykja í gegnum síma

***Reyksíminn 800 6030 hjálpar fólki við að losna við nikótínfíknina.***

Reyksíminn var fyrst stofnaður sem tilraunaverkefni árið 2000 af Tóbaksvarnanefnd og heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Núna rekur heilbrigðisstofnunin reyksímann í samstarfi við Lýðheilsustöð, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Landlæknisembættið.

„Þetta hefur gengið mjög vel en þó er misjafnt hve margir hringja og fer það eftir því hve mikið er auglýst,“ segir Guðrún Árný Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi, sem hefur faglega umsjón með reyksímanum. Þjónustunni er þannig háttað að fólk getur hringt milli klukkan fimm og sjö alla virka daga og fengið persónulega ráðgjöf um hvernig best sé að hætta að reykja.



Guðrún Árný Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur hefur faglega umsjón með Reyksímanum.

„Langflestir sem hringja eru þegar búnir að ákveða að þeir vilji hætta og við reynum að styrkja fólk í þessari ákvörðun. Það sem við gerum er að lesa út úr því munstri sem fólk er í, hvernig það reykir og hvað það hefur reynt til að hætta og við byggjum okkar meðferð á því,“ útskýrir Guðrún og upplýsir að ívið fleiri konur en karlar hringi í símann þó að munurinn sé ekki mjög mikill. Þá hringi fólk á öllum aldri en hins vegar fáir unglingar.

Boðið er upp á þá þjónustu að hringja í fólk reglulega í allt að ár og er það sú aðferð sem hefur borið mestan árangur, að sögn Guðrúnar. Þó að ekki sé stöðugt gæðamat gert á Reyksímanum var gerð úttekt árið 2003 sem leiddi í ljós um 30 prósenta árangur sem Guðrún telur nokkuð góðan.

Hjá Reyksímanum vinna sjö hjúkrunarfræðingar með sérþekkingu á tóbaksbindindi en þjónustan er endurgjaldslaus.

Þeir sem vilja kynna sér starfsemina enn frekar geta leitað sér upplýsinga á www.8006030.is

# Út með megrun, inn með heilsu

***Megrunarlausi dagurinn er á laugardaginn.***

Alþjóðlegur megrunarlaus dagur hefur verið haldinn víða um heim 6. maí og nú mun minnt á hann hér á Íslandi í fyrsta skipti. Tilgangur dagsins er sá að minna fólk á að til er önnur og betri leið til að bæta heilsu og líðan en að fara í megrun. Hún er sú að láta sér þykja vænt um líkama sinn eins og hann er og huga að hollum lifnaðarháttum án þess að hafa megrun að sérstöku markmiði. Sú leið hefur minni hættu í för með sér en megrunarleiðin, einkum í sambandi við átraskanir og árangurinn veltur ekki á jafn hverfulu takmarki og þyngdartapi.

Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur er verkefnisstjóri megrunarlausa dagsins. Hún telur of mikið um að fólk sé dæmt eftir útliti sínu og bendir á að holdafar sé ekki hegðun. „Stöðug áhersla á grannan vöxt elur líka á slæmri sjálfsmynd meðal þeirra sem hafa meira að bera. Það býður heim hættu á að þeir sem eru óánægðir með sinn kropp sinni honum verr,“ segir hún og bætir við: „Fólk hugsar betur um það sem því þykir vænt um en eitthvað sem því finnst lítið í spunnið.“



Markmið dagsins er að efla jákvætt viðhorf til eigin líkama og annarra.



Crocs-sandalar eru einstaklega þægilegir enda styðja þeir vel við fótinn. Þeir henta þeim vel sem þurfa að standa mikið í vinnunni.

# Sandalar með hámarksdempun

***Nýir og hálf byltingarkenndir sandalar komu fyrir stuttu á íslenskan markað.***

Crocs-inniskór virðast ætla að verða að einhvers konar æði. Vinsældir þeirra hafa breiðst hratt út, bæði austan hafs og vestan. Skórnir komu á markað fyrir rúmlega fjórum árum og vöktu strax athygli fyrir vandaða hönnun. Í upphafi voru það helst gæði skónna og hversu góður stuðningurinn er við fótinn sem gerðu þá vinsæla.

Crocs-skórnir eru einnig einir þeir léttustu sem hægt er að fá, ef ekki þeir allra léttustu, aðeins 150 grömm. Skórnir eru framleiddir úr sérstöku efni sem líkist millisóla í hlaupaskóm og það veldur því að sandalinn gefur mjög góða dempun. Þetta gæðaefni gerir þá einnig endingargóða og þægilega.

Ingimar Ísaksson, hjá Altexi, sem nýlega fékk umboð hér á landi fyrir skónum, segir að vinsældir sandalanna hafi aukist enn frekar eftir að nokkrar Hollywood-stjörnur sáust oft í þeim. Fjölbreytt litaúrval og sérstakt útlit sandalanna telur Ingimar helstu ástæðurnar fyrir því að stjörnurnar sækja í skóna. Hann gerir þess vegna fastlega ráð fyrir að fljótlega megi finna eftirlíkingar á Crocs-skónum og segist þegar hafa séð þá. „Þeir komast þó ekki með tærnar þar sem Crocs hafa hælana.“





























Björn, Páll Eygló og Eyjólfur eru fólkið bak við persona.is FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Persona.is stendur vörð um sálartetur landsmanna

***Vefurinn persona.is hefur komið mörgum til hjálpar sem eiga við andlega vanlíðan að stríða enda er vefurinn borinn uppi af virtum sálfræðingum og þerapista.***

„Það kemur manni á óvart hversu mörgum líður illa en efast um að vandamálið sé nógu stórt til að fá aðstoð vegna þess. Fólk bíður oft lengi með að leita sér hjálpar," segir Björn Harðarson, einn þeirra sem standa að vefnum. Hinir eru Eygló Guðmundsdóttir, eiginkona hans, Páll Einarsson og Eyjólfur Örn Jónsson.

Persona.is er stærsti sálfræðivefur landsins. Björn segir hann í grófum dráttum skiptast í fjóra hluta, greinar, spurt og svarað, próf og fréttir og hann er beðinn um að lýsa þessum liðum nánar. „Greinasafnið er um sálfræðileg málefni og Spurt og svarað er mikið notað. Þar sendir fólk inn fyrirspurnir um allt í sambandi við sálræn vandamál. Ýmist er það að velta fyrir sér eigin líðan eða einhvers nákomins, spyrja út í aðferðir við uppeldi eða fá ráð vegna einhverra erfiðleika. Prófin eru til að skima eftir ýmsum einkennum, til dæmis þunglyndi. Svo er að aukast að við setjum inn fréttir um nýjustu rannsóknir á hinu og þessu sem vekur áhuga fólks og gætum þess að vefurinn sé vel aðgengilegur."

Vefurinn www.persona.is hóf göngu sína á árunum 1999-2000. Mikið var í hann lagt og margar góðar greinar settar inn á hann. Hann var mjög virkur í tvö ár en dalaði síðan og fyrir um það bil ári ákváðu Björn, Eygló og Páll að kaupa hann og hressa hann við. „Við breyttum vefnum úr því að vera geðheilsuvefur í það að vera sálfræðivefur. Hann var mannlegur en við vildum gera hann enn mannlegri og leggjum meiri áherslu á stutt og hnitmiðað efni en áður var." Björn segir hluta af drifkrafti hópsins byggjast á þörf fyrir að láta vita af því hvað sálfræðingar séu yfirleitt að gera. En hvað skyldi helst brenna á fólki sem hefur samband við vefinn? „Vandamálin eru af margvíslegum toga. Fólk er að leita sér vitneskju um alls konar fíknir, þunglyndi og kvíði er alltaf stór þáttur og ýmsir eiga í vandræðum í sínum samböndum, vita ekki hvernig skuli ræða ákveðin mál og hvert þeir eiga að leita. Vefurinn er svipaður hjálparsíma. Hann er oft fyrsta skrefið í þá átt að horfast í augu við vandann og rjúfa múr þagnarinnar."

*gun@frettabladid.is*

# Pilla fyrir karla

***Rannsóknir sýna að ný gerð getnaðarvarna getur hentað karlmönnum.***

Þær tvær varnir sem hingað til hafa staðið karlmönnum til boða, smokkar og ófrjósemisaðgerðir, henta ekki öllum. Það er því gleðiefni að samkvæmt bandarískri rannsókn verður innan tíðar hægt að framleiða einhvers konar pillu sem gerir karlmenn tímabundið ófrjóa. Frá þessu er greint á vef BBC.

Hægt er að hafa áhrif á sæðisframleiðslu með því að taka inn karlhormónin andrógen og prógesterón. Sæðisframleiðsla minnkar við það, niður fyrir þau mörk sem nauðsynleg eru til frjóvgunar, og stöðvast jafnvel.

Kostir meðferðarinnar eru augljósir. Fyrir utan það að geta tekið virkari ábyrgð á barneignum sínum er meðferðin afturkræf. Þeir karlmenn sem prófaðir voru urðu ófrjóir en 3-4 mánuðum eftir að meðferð var hætt var sæðisframleiðslan orðin eðlileg. Ýmsir þættir höfðu áhrif á tímann sem það tók karlmenn að ná sér að fullu. Svo virðist sem eldri karlmenn verði fyrr frjóir aftur, sem og styttri tími meðferðar og það að vera af asískum uppruna.



Vonir standa til að brátt verði hægt að framleiða getnaðarvarnapillu fyrir karlmenn.

## Sigur unninn

**FRAMLEIÐENDUR BRJÓSTAKRABBAMEINSLYFSINS HERSEPTÍN HAFA TRYGGT SÉR STUÐNING EVRÓPSKU LYFJASTOFNUNARINNAR.**

Lyfið hefur um skeið verið notað á síðari stigum brjóstakrabba. Nú hafa yfirvöld gefið grænt ljós á notkun lyfsins á fyrri stigum. Mikill þrýstingur og málaferli hafa fylgt þessu máli en andstæðingar lyfsins halda því fram að kostir þess séu ofmetnir. Tryggingafyrirtæki hafa einnig barist gegn notkun lyfsins en það er mjög dýrt. Nýlega vann Ann Marie Rogers mál fyrir dómstólum í Bretlandi þar sem tryggingafyrirtæki hennar var skikkað til að greiða fyrir lyfið. Þrátt fyrir takmarkað fordæmisgildi málsins hefur almenningsálit í Bretlandi snúist á sveif með notkun lyfinu og þar með sett öðrum tryggingafélögum stólinn fyrir dyrnar með að neita skjólstæðingum sínum um að fá lyfið.



Herseptín virkar í fimmtungi tilvika.

# Segulleir sem hreinsar líkamann

***Í versluninni Góð heilsa gulli betri á Njálsgötu fæst nú leir sem hreinsar ýmis eiturefni úr líkamanum með segulkrafti.***

Segulleirinn sem notaður er í leirböð er bentonite-leir eða eldfjallaleir. Í heiminum eru til margar gerðir af bentonite-leir en flestar þeirra innihalda 67-75% ál, en álmagnið í segulleirnum er innan við 5%. Segulleirinn hefur auk þess mjög mikinn segulkraft og getur dregið þungmálma og ólífræn efni úr vefjum líkamans.

Segulleirinn hefur verið notaður sem meðferð við ýmsum sjúkdómum sem taldir eru orsakast af uppsöfnun eiturefna í líkamanum. Eftir að fólk hefur farið í leirböðin hafa greinst í leirnum ýmsir málmar og eiturefni sem fólk hefur fengið í sig úr umhverfinu, matvælum og snyrtivörum.

Segulleirinn má fá í átta mismunandi tegundum og meðal annars er ein gerðin sérstaklega ætluð þeim sem vilja hætta að reykja. Á heimasíðunni http://www.magneticclay.com/index.php er að finna allar frekari upplýsingar um leirinn og virkni hans.




Magnetic Clay segulleirinn er seldur í versluninni Góð heilsa gulli betri.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Lýðheilsustöð segir þá Íslendinga sem borða nægan mat ekki þurfa nauðsynlega á fæðubótaefnum að halda.

# Fáum nóg af vítamíni

***Fæðubótarefni eru ekki nauðsynleg flestum Íslendingum sem fá nóg af vítamínum og steinefnum úr fæðu sinni.***

Í kjölfar umfjöllunar Blaðsins um fæðubótarefni hefur Lýðheilsustöð birt eftirfarandi á heimasíðu sinni.

Í umfjöllunin Blaðsins kemur fram að þær þrjár opinberu kannanir sem gerðar hafa verið á síðasta aldarfjórðungi sýni að Íslendingar fái ekki nægjanlegt magn vítamína, steinefna og trefjaefna úr fæðunni og þurfi því lífsnauðsynlega að taka fæðubótarefni. Landskönnun á mataræði 2002 sýnir að flest vítamín og steinefni eru í nægu magni í fæði flestra en að þó sé almennt of lítil neysla D-vítamíns, sem erfitt er að fá í nægu magni úr fæðunni. Enda er fólk hvatt til að taka lýsi eða annan D-vítamíngjafa í ráðleggingum Lýðheilsustöðvar.

Yngsti aldurshópurinn í Landskönnuninni, 15-19 ára, er hins vegar sá hópur sem fær of lítið af nokkrum öðrum vítamínum og steinefnum, það er kalki, járni, fólasíni og joði auk D-vítamíns. Þetta á sér í lagi við um stúlkur en þær eru einnig líklegastar til að sleppa úr máltíðum og eru margar hverjar einfaldlega ekki að borða nóg. Hvetja þarf ungt fólk til að bæta fæðuvenjur sínar, huga að aukinni fiskneyslu, hæfilegu magni mjólkurmatar og borða enn meira af ávöxtum og grænmeti í stað þess að hvetja til þess að fólk í þessum aldurshópi noti fæðubótarefni. Bætiefni úr fæðubótarefnum öðrum en fljótandi lýsi reiknast ekki með í niðurstöðum Landskönnunar en um 64% landsmanna taka einhver bætiefni af og til. Þar eru lýsi, lýsispillur, fjölvítamín og C-vítamín algengust en annars konar fæðubótarefni eru tiltölulega sjaldgæf.

(af www.lydheilsustod.is)






**Léttari** efni eru vel við hæfi nú þegar sumarið fer að koma.



## Nýtt andlit Chanel

SKÝRT VAR FRÁ ÞVÍ FYRIR SKÖMMU AÐ CHANEL HEFÐI GERT RISASAMNING VIÐ LEIKKONUNA KEIRU KNIGHTLEY.



Síðan Coco Mademoiselle ilmvatnið kom á markað árið 2001 hefur hin umdeilda Kate Moss verið andlit þess. Eftir hin meintu eiturlyfjavandamál Moss var hins vegar ákveðið að endurnýja ekki samninginn við hana. Þess í stað ákvað Chanel-fyrirtækið að leita til ungu leikkonunnar Keiru Knightley. Mun Knightley verða andlit ilmvatnsins í auglýsingaherferð sem hefst í byrjun árs 2007.
Forsvarsmenn Chanel-fyrirtækisins hafa lítið viljað tjá sig um brotthvarf Moss og um vandmál hennar, en fyrirtækið sendi þó nýlega frá sér yfirlýsingu þar sem Moss er þakkað fyrir samstarfið. Einn af aðalstjórnendum Chanel, Christine Dagousset, sagði hins vegar nýlega að fyrirtækið væri himinlifandi yfir samningnum við Knightley. „Okkur finnst Keira vera hin fullkomna Coco Mademoiselle-kona því hún er ætíð afar heillandi og lokkandi."

Keira Knightley hefur heldur betur gert það gott að undanförnu og hefur varla undan við að skrifa undir samninga við hin ýmsu tískufyrirtæki.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES










# Ber umhyggju fyrir húðinni

***Verslunin Hygea á sér lengri sögu en nokkur önnur snyrtivöruverslun í landinu. Lengst af var hún í hjarta borgarinnar en er nú í verslunarmiðstöðvunum. Nýjasta deildin er snyrtistofa í Smáralindinni.***



Helga býður upp á margs konar meðferð fyrir húðina í hinni nýju snyrtistofu Hygeu í Smáralind. Hér er hún í nuddinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við bjóðum upp á alla snyrtingu nema fótaaðgerðir, meðal annars andlitsböð og það nýjasta er ýmis góð meðferð í „Lift"-tæki frá snyrtivöruframleiðandanum Guinot. Þetta er viðbót fyrir okkar viðskiptavini sem hefur verið afar vel tekið og hefur spurst svo vel út," segir Helga Óladóttir, snyrtifræðingur hjá Hygeu. Beðin að lýsa nánar þessum meðferðum nefnir hún fyrst Hydra Dermie Lift. „Það er andlitslyfting sem byggist á vöðva- og sogæðaörvun, andlits- og herðanuddi. Hún styrkir andlits- og hálsvöðva og húðin verður sléttari, stinnari og frísklegri," segir Helga og heldur áfram að mæla með hinum árangursríku aðferðum sem beitt er, til dæmis andlitsmeðferð sem felst í þægilegu nuddi á andlit og axlir sem styrkir og róar húðina og hugann. „Í öllu því stressi sem einkennir okkar þjóðfélag er þessi meðferð vinsæl. Hún tekur einn og hálfan tíma og þú nærð að slaka algerlega á. Ilmkjarnaolía og plöntukraftar gera líka sitt." Helga segir stofuna leggja talsverða áherslu á nudd enda hafi starfsfólkið sérhæft sig í því. Þriðja meðferðin sem hún nefnir er Liftosome sem er stinnandi og lyftandi. „Andlitsmeðferðin inniheldur C-vítamín, ginseng og sjávarcollagen sem húðin drekkur í sig vegna leirkennds hitamassa. Svo er nudd á eftir. Húðin fær fallegan gylltan tón og verður alveg endurnærð," lýsir Helga en skyldi þessi fegurð endast eitthvað?
„Já, já. Sumar taka sér kúr og koma einu sinni í viku og jafnvel tvisvar. Árangrinum viðhalda þær svo með góðum kremum. Til þess eru þau. Lift-tækið er alveg frábært og gaman að sjá að hægt er að gera margt án þess að grípa til hnífsins," segir Helga og bætir því við að lokum að Hygea leggi mikið upp úr persónulegri þjónustu. Eflaust einn af lyklunum að langlífi hennar.

*gun@frettabladid.is*

# Nýtt frá Lancôme

***Sumarlegt og glæsilegt.***

Teint Idole andlitsfarðinn gefur húðinni fallega áferð og endist lengi.
L'extrême maskarinn gerir augnhárin sýnilega lengri og aðskilur þau fullkomlega.
Petite Bohème sólarpúðrið gefur húðinni frísklegan og sumarlegan blæ.
Le Crayon Khôl augnskuggablýanturinn er mjúkur með bursta sem dreifir vel úr fallegum litnum.
Petite Nymphe varaglossið gefur vörunum fallegan gljáa og fullkomnar útlitið.




L´extrême maskari.

Petite Nymphe varagloss

Teint Idole andlitsfarði.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Le Crayon Khôl augnskuggablýantur.

Petite Bohème sólarpúður.



Griffith og kjóllinn umdeildi.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Griffith í bobba

HÖNNUÐURINN OG STÍLISTINN NIKLAS PALM HEFUR KÆRT MELANIE GRIFFITH FYRIR SAMNINGSBROT OG VANGOLDNAR SKULDIR.

Griffith klæddist kjól frá Palm á Golden Globe-hátíðinni 2006. Samkvæmt Palm átti hún að borga tæpar tvær milljónir fyrir kjólinn og minnast á hönnuðinn við fréttamenn á rauða dreglinum. Griffith gerði hvorugt. Þvert á móti sagðist hún hafa hannað kjólinn sjálf. Frá þessu er greint á www.fashionunited.co.uk.
Palm segist hafa sent reikning um miðjan janúar en ekki fengið nein svör. Því fór hann þá leið að kæra Griffith, eiginmann hennar Antonio Banderas og framleiðslufyrirtæki þeirra.
Palm var fyrst ráðinn af Griffith og Banderas til þess að endurnýja og stílisera fötin þeirra. Meðal þess sem Palm sá um var að velja föt á þau hjónin fyrir frumsýninguna á The Legend of Zorro, og þegar Banderas fékk stjörnu á Walk of Fame og fyrir ferðalög til Spánar, Aspen og New York.

## Varahlutir




**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar**
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partaland s. 567 4100**
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper o.fl. teg.

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Toyota Coster, afturhleri á Legacy '93, s. 896 8568.

## BÍLAR TIL SÖLU

BÍLABORG.is



Ástmar - Hilmar - Bjarni



**Alfa Romeo** 156 2,0 JTS 165hö, árg.10/02, ek.55þ, 5gíra, álfelgur. Verð 1490þ áhv.1150þ 25þ á mán.



**Honda Civic** 1,5 V-Tech, árg.09/98, ek.105þ, 5gíra, sóllúga. Verð 590þ.



**Jeep Grand** Cherokee LTD, árg.2000, ek.83þ, ssk, álfelgur, leður. Verð 2290þ



**M.Benz C180** Espirit, árg.10/96, ek.175þ, 5gíra, álfelgur. Verð 790þ.



**MMC Lancer** 1,6GLX, árg.05/98, ek.148þ, 5gíra, dráttarkúla. Verð 290þ.



**MMC Pajero** GLS 3500, árg.06/00, ek.65þ, ssk, álfelgur, dráttarkúla. Verð 2490þ.



**MMC Pajero 2,5** TDI 32", árg.11/99, ek.119þ, 5gíra, álfelgur, dráttarkúla, nýyfirfarinn. Verð 1590þ áhv.600þ



**Opel Astra** G-Caravan, árg.09/99, ek.89þ, ssk, dráttarkúla. Verð 550þ 100%LÁN



**Subaru Legacy** GL 2,0, árg.1996, ek.149þ, ssk, álfelgur, dráttarkúla. Verð 490þ.



**Subaru Legacy,** árg.04/00, ek.120þ, ssk, álfelgur. Verð 1090þ.

**Bílaborg.is við Gullinbrú**
**S: 517 1111 • Sölumenn:**
Ástmar Ingvarsson • Hilmar Hólmgeirsson
Bjarni Auðunsson • Opið virka daga 9-18 • Lau. 10-14

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is




Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykku beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrí fittings fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.



Flottir dömuskór í stærðum 42-44, Ásta skósali Súðarvogi 7 S. 553 6060. Opið þriðjud. miðvikud. og fimmtud. 13-18.

Silkiprent Hringekja með 4 örmum , rammar , infra rauð ljós og prentlitir til sölu, kr. 800.000. Tilvalið til að prenta á boli límmiða , húfur og fleira R.Guðmundsson ehf. Sími 896 0242.

**Quiznos auglýsir !**
Áleggshnif með færibandi. Verð 250.000 + vsk. Fjórfaldur súpupottur fyrir veitingahús Verð 50.000 + vsk. Tölvupeningakassi með lyklaborði, skjá,tölvu og prentara. Verð 100.000 + vsk. S. 892 0807.

**NULL**
Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Þvottavél á 10 þ. Uppþvottavél á 8 þ. Nýtt baðkar á 10 þ. 20" sjónv. á 3 þ., 2 stk. 14" 185/70 á 3 þ. S. 896 8568.

Er með 4 miða á lausu til Alicante frá 5/6-26/6, miðinn er á 16 þús., s. 462 6979 & 864 0096.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa Roccoco borðstofuborð og stóla. S. 848 1718.

## Hljóðfæri



BORSINI Superstar 2000 Frábærar harmonikur fyrir þá sem gera kröfur.

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Tölvuviðgerðir frá 1.500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



Sérsmíðaðir þýskir hefilbekkir fyrir grunnskóla. Með eða án hækkunarbúnaðar. Einnig margar gerðir af hefðbundnum bekkjum. Mikið úrval véla og tækja fyrir trésmiði. HJ Hönnun s.824-0561

## Til bygginga



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

Eigum á lager þakull 200 mm á góðu verði. Uppl. í síma 555 6888.

**Birkikrossviður**
Úrvals birkikrossviður tilvalinn til klæðninga innanhúss. 12 mm. Uppl. í s. 895 6594.

Þakgluggar Velux (opnanlegir) 78x140. 5.stk. 40 þús. pr. stk. s. 898 3409 og 898 6337.

Til sölu þakull, um 200 fm, mism. sperrubil. Spónlagðar loftaþiljur úr kirsuberjarvið, breidd 20cm lengd 2,40 cm, ásamt gylltum innfelldum halógenljósum. Panelofnar níu stk. af mismunandi stærðum. Útidyrahurð úr mahóganí 1,60x2,20 cm, upplýsingar í síma 8999 705.

## Ýmislegt

Til sölu blátt skrifborð með lyklaborðsskúffu og hilla í stíl. Einnig línuskautar nr, 38 og hokkiskautar nr. 37. Uppl. sími 557 7826

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




## ÞJÓNUSTA

## Vöruflutningar




## Hreingerningar




Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Hreingerningaþjónusta fyrir heimili og fyrirtæki. Aroma ehf S. 517 78 33

## Ræstingar




## Garðyrkja




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist s. 554 1989, www.gardlist.is.




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna. Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stór-markaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Húsgögn



**Njóttu sumarsins betur**
Garðkörfurnar frá Þýskalandi eru mjög endingagóðar og þola vel íslenska veðráttu. Viðurinn er gagnvarinn og plastið slitsterkt. Litir og mynstur á áklæði eru fjölbreytt. S. 511 4510 & 862 4510. www.fjarkennsla.is/gardur

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi**
Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

Tvöf. ísskápur. Whirlpool hv. H176 B91 D90 vatn/klaki verðh. 100 þ. uppl. s. 696 3572.

Philips 32" wide screen 100mhz - tæplega árs gamalt frábært tæki!! Uppl. í síma 863-5593 eða á stefansi@internet.is

Ísskápur og Þvottavél til sölu, ísskápurinn er nýlegur en þvottavélin er eitthvað eldri en í góðu standi fyrir það. Uppl. Skúli í síma 848 0275

## Dýrahald



Til sölu; þessir Dalmatiner hvolpar. Ættbók HRFÍ, örmmerktir, bólusettir o.a.t.h. Upplýsingar: 8933985. Tilboðsverð þessa helgi. www.hibyliogskip.is & addiat@islandia.is



Hreinræktaðir langhundahvolpar til sölu, heilsufarssk. og ættbókafærðir. Frábærir fjölsk.hundar. Uppl. í s. 868 4782.

Til sölu Stóri Dan hvolpar. Rétt litablanda. Húsvanir. Visa/Euro. Uppl. í s. 895 1441 e.kl. 12.

**Karlhundar**
Einn chiuahua karlhundur 2 ára annar 9 mánaða og einnig árs gamall Papilon til sölu á vægu verði á gott heimili. Uppl. í s. 554 2117.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn







**Komdu að veiða!**
Uppl. á www.strengir.is og ellidason@strengir.is. Sími 567 5204 eða gsm 660 6890.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# ATVINNA

**SÖLUFÓLK**

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

## Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## Við þurfum her !

Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og hafa gilt bílpróf, einnig væri kostur að þeir hefðu eigin bíl til umráða. Áhugi og/eða þekking á tæknimálum er ótvíræður kostur. Bæði er í boði aðalstarf og aukavinna sem hentar vel t.d. með námi.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá klukkan 09-17 á virkum dögum. Umsóknir skulu sendar á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

Okkur vantar þjónustulipra, samviskusama, harðduglega og metnaðargjarna einstaklinga í vaxandi "þjónustuher" Digital Ísland.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# HÚSNÆÐI

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is




## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum og einnig rúmgott herbergi við Suðurlandsbraut. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til sölu mjög vönduð skrifstofuhúsgögn úr magnhony. Tilboð óskast. Uppl. í síma 892 5616.

## Geymsluhúsnæði







Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kentucky Fried Chicken Kópavogi & Mosfellsbæ**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. **KFC Kópavogi s. 554 4700 & KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.**

**Mothers and Others!**
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com **www.123ibo.com**

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Fiskvinnsla Reykjavík**
Óska eftir starfsfólki til fiskvinnslu í Reykjavík. Frábær vinnuaðstaða og mikil vinna.
**Uppl. í s. 863 8605.**

**Bortækni**
Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
**Uppl. í s. 892 7544.**

**Sumarstörf**
Við óskum eftir þroskuðum einstaklingum til úthringistarfa í þjónustuverum okkar í sumar. Starfssvæði: Reykjavík, Akureyri, Blönduósi, Keflavík Vinnutími 17:00 - 22:00 mán - fös 12:00 - 16:00 lau
**Umsóknum skal skila á netfangið bm@bm.is sem fyrst merkt starfsstöð sem óskað er eftir. BM ráðgjöf eh.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. **Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Aðstoðarmaður í eldhús**
Aðastoðarmaður í eldhús ósksat í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi í 75% starf. Vinnutími 10.30-16.30.
**Upplýsingar veitir leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**Kokkarnir**
Kokkarnir veisluþjónusta leitar eftir starfsfólki í aukavinnu seinnipart viku og um helgar í Osta og sælkeraborðunum í Hagkaupum Kringlunni og Smáralind. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 20 ára.
**Áhugasamir hafið sambandi í síma 511 4466 eða sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is**

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Au pair England. Ísl læknahjón óska eftir barngóðri stúlku t a gæta 8 mán drengs í 3-4 klst á dag í 6-12 mán. Uppl í s 004419922746723 og lapsurg@blueyonder.co.uk

Starfskraftur óskast aðra hverja helgi í matvælaframl. Uppl. í síma 820 2323.

**Útkeyrsla**
Vanur bílstjóri óskast til útkeyrslu. Nánari uppl. í s. 577 3300, Gæðafæði ehf.

**Afgreiðsla**
Vanur maður óskast til afgreiðslustarfa í kjötvinnslu. Nánari uppl. í s. 699 1705, Gæðafæði ehf.

**Sumarstarfsmaður óskast**
Óskum eftir starfsmanni í útkeyrslu og á lager. Upplýsingar hjá Sigurði sím 8965400 Verslunartækni, Draghálsi 4 s.5351300 www.verslun.is Vinsalegast birta þriðjudaginn 2 mái

**Múrgæði ehf**
Óskar eftir að ráða Múrara eða menn vana múrverki, mikil vinna , góð laun í boði. Uppl í s 660 4490. 660 4494 660 4469.

**Húsgagnaverslun starfsmaður óskast**
Heima ehf óskar eftir starfskrafti í glæsilega verslun að Suðurlandsbraut 48, viðkomandi þarf að vera eldri en 25 ára, vera reyklaus, þarf einnig að hafa góða þjónustulund og reynslu af verslunarstörfum. Nánari uppl gefur Klara í síma 860-1108.

Óskum eftir kranamanni á 40 tonna skipskrana. Uppl. í síma 860 2971

**Verkmúr ehf**
Óskum eftir múrara, flísalagningamanni og manni vönum múrverki. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

**Trésmiður**
eða laghentur maður óskast strax,helst eldri maður. Einnig óskast lærlingur. Upplýs í s:892-4624

Smíðanemi, aðstoðarmaður. Óska eftir manni í smíðavinnu, nema eða aðstoðarmanni. Uppl. í 895-5511

Jákvætt og hresst starfsfólk vantar í vellaunaða aukavinnu. Áhugasamir hafi samband í s. 844 6547. Sláttumenn Garðaþjónusta

Veitingahúsið Hornið vill ráða snyrtilegan og reglusaman starfskraft (aðstoðarkokk) í eldhús. Reynsla æskileg, vaktavinna, uppl. í síma 864.0499

**ÖJ Arnarsson ehf**
Vantar aðila til að sjá um launaútreikninga 4-5 tíma í mánuði á kvöldin, unnið er eftir launakerfi netbókhalds.is. Viðkomandi, þarf að geta byrjað strax. Vel borguð vinna, uppl í síma 893 8327.

Vélstjóra vantar á 113 tonna humarbát, uppl. í s. 552 1548 & 862 0748.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Viltu vera memm eða viltu vera alein/einn? leitaru að vini ferðafélaga eða lífsförunaut? Hafðu samband. Einkamála þjónninn s. 661 8371.

# AFÞREYING




# TIL SÖLU









2 2+ 2 BÍÓ NFS SIRKUS SÝN




# SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI






Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

## HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?

– Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
– Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
– NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN



Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir,
löggiltur fasteignasali og hdl.



Pálmi B. Almarsson,
löggiltur fasteignasali



Linda B. Stefánsdóttir,
sölu- og markaðsstjóri

# Sölusýningar í dag

## Laufvangur 15 Hafnarf.



domus FASTEIGNASALA
AKRANES AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJAVÍK

**Sölusýning**
**í dag kl. 16-18**

Mjög góð 5 herbergja 167,6 fm efri sérhæð ásamt 20,3 fm bílskúr. Samtals birt stærð 187,9 fm. Fjögur rúmgóð herbergi, stórar stofur, þvottahús innaf eldhúsi, Tvennar svalir, Hér er um að ræða mjög góða eign á barnvænum stað þar sem er stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla.

**Óskað er eftir tilboðum. Bjalla merkt Gauti og Þórdís**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
halldor@domus.is
sími 840 2100/440 6014

## Berjarimi 4, 3 hæð - 112 Rvk.



domus FASTEIGNASALA
AKRANES AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJAVÍK

**Sölusýning**
**í dag kl. 18-19**

Glæsileg 3ja herb. 86,3 fm. íbúð ásamt 27,9 fm. bílageymslu. Eikarparket á gólfi nema baðherbergi en þar eru flísar á gólfi. Falleg kirsuberjainnrétting í eldhúsi. Hér er um að ræða gullfallega og vel skipulagða íbúð sem staðsett er á vinsælum stað í Grafarvogi. **Verð 20,9 millj.**



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Sölufulltrúi
elsa@domus.is
sími 698 0585/ 440 6013

## Kórsalir 3 - íbúð 504



domus FASTEIGNASALA
AKRANES AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJAVÍK

**Sölusýning**
**í dag kl. 19.30-20.30**

Gullfalleg 3ja herb íbúð á fimmtu hæð ásamt bílskýli.. Rúmgott eldhús með Magnony innréttingu. Parket og nátturstteinn á gólfum. Maghony innihurðar. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Skápar í herbergjum Rúmgóðar svalir og glæsilegt útsýni.

**Verð 24,9 millj.**



Linda B Stefánsdóttir
Sölu- og markaðsstjóri
linda@domus.is
sími 664 6015/440 6015

## Njálsgata 49 101 Rvk



domus FASTEIGNASALA
AKRANES AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJAVÍK

**Sölusýning**
**í dag kl. 18-19**

Gullfalleg 2-3ja herb íbúð á 3ju hæð í mikið endurnýjuðu fjölbýli. Húsið hefur algjörlega verið tekið í gegn að utan jafnframt því sem skipt hefur verið um pípulagnir og raflagnir. Íbúðin sjálf hefur einngi verið endurnýjuð og má þar nefna ný gólfefni, nýjir gluggar og nýr sólskáli innaf eldhúsi auk þess sem baðherbergi hefur algjörlega verið tekið í gegn. Eign sem vert er að skoða. **Verð 23,7 millj.**



Linda B Stefánsdóttir
Sölu- og markaðsstjóri
linda@domus.is
sími 664 6015/440 6015

Frum

**Domus fasteignasala • Laugavegi 97 • 101 Reykjavík • Sími 440-6000 • www.domus.is**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Sími: 586 8080
Fax: 586 8081
www.fastmos.is

Félag Fasteignasala



**Einar Páll Kjærnested**
*Löggiltur fasteignasali*

# OPIN HÚS Í REYKJAVÍK Í DAG

## Jöklafold 15 - 338 m2 parhús





Stórt og glæsilegt parhús 2 hæðum auk kjallara með gríðarmiklu útsýni við Jöklafold 15 í Grafarvogi. Um er að ræða 240,6 m2 parhús á 3 pöllum auk 28 m2 bílskúrs. Auk þess er 70 m2 rými í kjallara sem samþykki er fyrir að gera að aukaíbúð. Íbúðin er fallega innréttuð með 3 svefnherbergjum og baðherbergi á efri palli, forstofu, eldhúsi og þvottahúsi á miðpalli og stórri stofu með arni og mjög stóru húsbóndaherbergi á neðri palli. Í kjallara er stórt rými sem nýtist sem unglingaherbergi, tómstundarherbergi og geymslur. Lagt er fyrir gufubaði í kjallara. Úr húsinu er mjög mikið og fallegt útsýni til suðurs. VERÐTILBOÐ ÓSKAST.

**Einar Páll, s. 899-5159, tekur á móti gestum í kvöld á frá kl. 20-20:30.**

## Flétturimi - 4ra herb. + bílskúr.





Mjög falleg 108,4 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 25,3 m2 bílskúr við Flétturima 34 í Grafarvogi. Íbúðin er fallega hönnuð með rauðeikarparketi á stofu, borðstofu og eldhús. Þrjú góð svefnherbergi, sér þvottahús og baðherbergi með kari. Eldhúsinnrétting, baðinnrétting og innihurðar eru í mahony. Frábær staður stutt í þjónustu og leikvöllur rétt við húsið. Íbúðin er merkt 0302.Verð kr. 26,9 m.

**Davíð, s. 660-3877og Elísabet, 660-3876**
**taka á móti gestum í kvöld frá kl. 20-21.**

**Kjarna, Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ**

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhrauni 22
Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali
Kristín Pétursdóttir, lögg. fasteignasali

## SKOÐAÐU NÝJA OG GLÆSILEGA HEIMASÍÐU HÖFÐA - www.hofdi.is


Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafræðingur, lögg. fast.- og skipasali


Ásmundur Skeggjason sölustjóri


Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali


Davíð Davíðsson sölumaður


Gústaf Adolf Björnsson sölumaður


Daði Rúnar Jónsson Viðskiptafr./sölumaður


Arnhildur Árnadóttir, ritari/skjalagerð


Eyrún Ragnarsdóttir, ritari/skjalagerð

**Sími 533 6050 • 565 8000**

### Eyrarskógur - sumarhús




Vorum að fá í einkasölu fallegan 38,2 fm sumarbústað á fallegum útsýnisstað. Nýlegir gluggar og hurðar. Húsið skiptist í góða stofu með eldhúsi, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Húsinu hefur verið vel viðhaldið og er umhverfið sérlega fallegt. **Verð 7,5 millj.**

### Gautavík - 3ja




Falleg, vel skipulögð 103 fm 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús inn í íbúðinni Falleg eldhúsinnrétting. Stutt í alla þjónustu. Sér garður, afgirtur. Góð aðkoma, bílastæði malbikuð. **Verð 24,5 millj.**

### Rósarimi - 3ja




Björt og falleg 3ja herbergja 80 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Hellulögð verönd. Afgirtur garður. Flísar og dúkur á gólfum. Góð aðkoma. Bílastæði malbikuð. Stutt í alla þjónustu. **Verð 18,5 millj.**

### Álfholt - raðhús - Hfj.




Til sölu sérlega fallegt og vel skipulagt 209 fm raðhús í þessu barnvæna hverfi. Hér er hátt til lofts og vítt til veggja. 4 svefnherbergi. Fallegt útsýni. Innbyggður bílskúr. Laus STRAX. **Verð 36,9 millj.**

### Breiðvangur - 4ra - Hfj.




Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 1.hæð á þessum eftirsótta stað. Stofa er parketlögð. Eldhús er korklagt, borðkrókur, eldri innrétting. Sér þvottahús í íbúð. Laus STRAX. **Verð 18,9 millj.**

### Opið Hús - Safamýri - sérhæð




Vorum að fá í sölu sérlega fallega og vel skipulagða 142 fm sérhæð ásamt 25 fm bílskúr. Sér inngangur. Tvennar svalir. Sér þvotthahús. Rúmgóð herbergi og stofur. **Verð 39,9 millj.**
**Opið hús í dag á milli 17 og 19. Sölumaður Höfða verður á staðnum. Allir velkomnir.**

### Berjavellir 3 - Hfj.




Glæsilegt og vel hannað 16 íbúða fjögurra hæða fjölbýlishús með lyftu. Í kjallara eru sér og sameiginlegar geymslur. Stórar svalir. Vandaðar innréttingar. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar í apríl 2006, án gólfefna en þó verða baðherb. og þvottah. flísalögð. Bílastæði malbikuð. Lóð frágengin. Ein 2ja-herb. íbúð 73,7m2, sjö 3ja-herb. íbúðir 88,2-95,4m2 og átta 4ra-herbergja íbúðir 127,2-130m2. **Verð frá 16,9-25,4 millj.**

### Þorláksgeisli - parhús




Sérlega fallegt 185,3 fm parhús á tveimur hæðum með rúmgóðum innbyggðum bílskúr. Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar. Gólfhiti í öllu húsinu, parket og flísar. Mikil lofthæð í bílskúr. Suðurgarður og stutt í ósnortna náttúru. **Verð 47,9 millj.**

### Grjótasel - einbýli




Nýkomið í sölu einstaklega vel staðsett og stórglæsilegt mikið endurnýjað hús. Mögulegt er að hafa tvær íbúðir í húsinu. Húsið stendur á skjólsömum rólegum stað við fallegt óbyggt útivistarsvæði. Nýlega endurgerð lóð með 78 fm. palli og nuddpotti. **Verð 59,5 millj.**

### Engimýri - einbýli - Gbær.




Vorum að fá í sölu sérlega fallegt og fjölskylduvænt 220 fm einbýli með bílskúr á þessum eftirsótta stað. Fimm svefnherbergi. Hér er gott að búa og stutt í alla þjónustu. **Verð 49,5 millj.**

Frum

**Suðurlandsbraut 20 Sími 533 6050 Fax 533 6055 Bæjarhrauni 22 Sími 565 8000 Fax 565 8013**

# TOPP 5: THE CLASH


The Clash á sviði Laugardalshallar.

1. London Calling (1979). Myndin á framhlið plötunnar er stæling á framhlið fyrstu plötu Elvis Presley. Var tvöföld. Platan var á lista yfir tíu bestu rokkplötur allra tíma hjá tímaritinu Rolling Stone árið 2003.

2. The Clash (1977). Fyrsta plata hljómsveitarinnar. Reggí-goðsögnin Lee Perry vann með hljómsveitinni að gerð plötunnar og lag Perrys, Police and Thieves, er á plötunni. Platan var bönnuð í Bandaríkjunum en seinna endurútgefin þar með öðrum lagalista.

3. Sandinista! (1980). Kom út sem þreföld vínylplata en var seinna endurútgefin sem tvöfaldur geisladiskur. Fyrsta plata hljómsveitarinnar þar sem hver af fjórum meðlimum sveitarinnar er aðalsöngvari í einhverju lagi. Lagið The Magnificent Seven hefur stundum verið nefnt fyrsta breska hiphop-lagið.

4. Combat Rock (1981). Mest selda plata hljómsveitarinnar. Átti upprunalega að vera tvöföld og heita Rat Patrol from Fort Bragg. Síðasta plata sveitarinnar áður en trommaranum, Topper Headon, var sparkað úr sveitinni vegna eiturlyfjaneyslu.

5. Give ´em Enough Rope (1978). Fékk ekki góða dóma þegar hún kom út en náði þó í annað sætið á breska vinsældalistanum. Sandy Pearlman sá um upptökustjórn á plötunni en hann er helst þekktur fyrir að hafa unnið með sveitunum Blue Öyster Cult og The Dictators.

allt matur
Alla föstudaga

## VISSIR ÞÚ...

...að þrír menn eiga mestan heiður að upphafi geimferða og eldflauga?

...að fyrst ber að nefna Johannes Kepler sem árið 1609 reiknaði út jöfnur fyrir ferðalög á sporbaug?

...að kenningar Isaacs Newton um þyngdarafl og hreyfikrafta styrktu kenningar Keplers og bættu við grunninn að geimferðum?

...að sá sem kom fram með allar grunnjöfnur eldflaugavísinda hét Konstantin Tsiolkovsky?

...að hann var rússneskur kennari?

...að kenningar sínar setti hann fram árið 1903?

...að hann skaut aldrei upp eldflaug sjálfur? Allur hans fróðleikur var úr bókum kominn.

...að Ameríkaninn Robert Goddard komst að sömu niðurstöðum og Tsiolkovsky? Eini munurinn var sá að hann smíðaði og skaut upp eldflaug sem gekk fyrir fljótandi eldsneyti.

...að það gerði hann árið 1926?

...að þrátt fyrir það var vinna hans litin hornauga og hann hlaut að launum mikla gagnrýni?

...að sá sem fyrst gaf út bók um geimferðir sem vel var tekið hét Hermann Oberth?

...að hann komst einn og sér að sömu grundvallarreglum eldflaugavísinda og samtímamenn hans?

...að hann var sá eini frumkvöðlanna þriggja sem lifði það að sjá mann lenda á tunglinu?

...að Wernher Von Braun var sá sem fyrstur skaut eldflaug út í geiminn?

...að það gerði hann ásamt stórum hópi vísindamanna í Peenemunde í Þýskalandi?

...að þetta var V2-eldflaugin sem Þjóðverjar nýttu síðar í loftárásum í síðari heimsstyrjöldinni?

...að Wernher Von Braun var nemandi Hermanns Oberth?

...að hann flúði til Bandaríkjanna í lok síðari heimsstyrjaldarinnar?

...að það gerði hann vegna þess að hann taldi það skárri kostinn af tveimur slæmum? Valið stóð milli Bandaríkjamanna og Rússa.

...að hann var verkefnastjóri í þróun Satúrn-eldflauga í Bandaríkjunum?

...að Satúrn-flaugar eru einu eldflaugarnar sem aldrei hafa sprungið í flugtaki?

...að 12. apríl árið 1961 varð Sovétmaðurinn Yuri Gagarin fyrsti maðurinn til að komast út í geim?

...að 20. júlí 1969 urðu Bandaríkjamenn fyrstir allra til að senda mannað geimfar til tunglsins?

...að fyrstur allra til að ganga á tunglinu var Neil A. Armstrong?







Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

**Fréttablaðið** kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Skortur á samkeppni?

**UMRÆÐAN**
RÍKISUMSVIF



**GEIR ÁGÚSTSSON**
VERKFRÆÐINGUR

Eitt af því sem Íslendingar virðast illa þola er fákeppni og almennur skortur á samkeppni. Olíu- og tryggingafélögin, bankarnir og matvöruverslanir fá gjarnan illt augnaráð frá neytendum sem þurfa að reiða fram háar fjárhæðir við kaup á vörum og þjónustu, og viðkvæðið er oftar en ekki það að samkeppni skorti og verið sé að okra á almenningi með samráði og öðrum svikum. Til að sporna við hinum meinta skorti á samkeppni stofnar ríkið heila ríkisstofnun og starfsfólk hennar fær víðtækt umboð til að brjótast inn í fyrirtæki, yfirheyra menn og þvinga verð til að hækka, lækka eða standa í stað, allt eftir aðstæðum.

Eitt stingur samt í stúf. Hvaða aðili er stærsti og sterkasti einokunaraðilinn á íslenskum markaði? Vitaskuld er svarið hið íslenska ríkisvald. Ólíkt einkaaðilum getur ríkið sett lög sem hreinlega banna einkaaðilum að standa í ákveðnum rekstri. Ólíkt einkaaðilum getur ríkið innheimt fyrir þjónustu sína, eða skort á henni, og fengið sínar tekjur hvort sem greiðendum líkar betur eða verr. Ólíkt einkaaðilum getur ríkið búið þannig um hnútana að enginn ógnar umsvifum þess, hvort sem skjólstæðingar þess eru ánægðir með sín skipti eða ekki. Engu að síður eru fáir sem skammast yfir stöðunni. Sú þjónusta sem ríkisvaldið veitir, eða segist vilja veita, virðist á einhvern hátt vera friðþegin frá hinni óvægu gagnrýni sem frjáls einkafyrirtæki verða fyrir.

*Lögvarin og skattstyrkt einokun er einhver sú mesta hörmung sem er hægt að bjóða íslenskum almenningi. Þeir sem telja að verkföll, troðningur, biðraðir og okurverð eigi að fá að ríkja á tilteknum markaði ættu einfaldlega að taka höndum saman og stofna illa rekið fyrirtæki.*

Staðreyndin er sú að á hinum frjálsa markaði, þar sem reglur og opinber afskipti eru víðs fjarri, ríkir bullandi samkeppni. Öll fyrirtæki sem njóta ekki verndar hins opinbera geta átt von á því að nýr samkeppnisaðili skjóti upp kollinum og nái til sín arðbærum viðskiptum. Á Íslandi eru rekin fjögur olíufélög, tvö símfyrirtæki sem ná út um allt land, mýgrútur útvarps- og sjónvarpsstöðva og fleiri matvöruverslanir en tölu verður á komið. Fyrirtæki eru stofnuð og fara á hausinn á undraverðum hraða. Samkeppnin um neytandann, hlustandann og notandann er slík að ný tilboð, sérkjör og afslættir vaða uppi. Ekkert frjálst einkafyrirtæki getur gert ráð fyrir sömu tekjum frá ári til árs eða látið sem viðskiptavinir þess muni alltaf skipta við það.

Þegar kemur að ríkisrekstrinum horfa málin þveröfugt við. Hið opinbera hefur skattkerfið til að afla teknanna og lögregluna til að hafa upp á þeim sem neita að borga. Löggjafarvaldið getur verndað opinber fyrirtæki fyrir samkeppni og skattlagt þannig að fáir hafi efni á að leita út fyrir ríkisreksturinn. Ríkið er, í stuttu máli, einokunaraðili sem þarf ekki að óttast samkeppni. Kosningar á fjögurra ára fresti á milli slæmra valkosta eru engin sérstök ástæða til að óttast óánægju viðskiptavinanna, fyrir utan þá staðreynd að flestir þingmenn á Alþingi vilja beinlínis auka umsvif hins opinbera enn frekar. Ríkisreksturinn nýtur samúðar, stuðnings og friðþágu sem neytendur eru (skiljanlega og sem betur fer) ekki tilbúnir að sýna neinum öðrum rekstri.

Rökin sem iðulega heyrast til stuðnings ríkisrekstrinum eru þau að ríkið sinni á einhvern hátt mikilvægari rekstri en hinn frjálsi markaður. Heilbrigðis- og menntaþjónusta þykir það mikilvæg miðað við allt annað að biðraðir, verkföll, hækkandi verð og versnandi þjónusta verði hreinlega að fylgja sjúklingum og nemendum. Fólk sem þarf lán, vill leggja fyrir, kaupa fasteign, setja bílinn í viðgerð, kaupa klæðnað og tryggja sig fær hins vegar undanþágu frá hinum ríkisrekna vanmætti. Þeir sem eru hvorki sjúklingar né nemendur mega, af mikilli náð stjórnmálamanna, eiga frjáls samskipti og viðskipti sín á milli án þess að skattkerfið og lögin hafi gert ráð fyrir því fyrirfram.

Lögvarin og skattstyrkt einokun er einhver sú mesta hörmung sem er hægt að bjóða íslenskum almenningi. Þeir sem telja að verkföll, troðningur, biðraðir og okurverð eigi að fá að ríkja á tilteknum markaði ættu einfaldlega að taka höndum saman og stofna illa rekið fyrirtæki. Hver eru rökin fyrir því að nemendur og sjúklingur séu neyddir til að skipta við hið illa rekna fyrirtækið, ríkisvaldið?





SFFÍ

SKIPULAGSVERÐLAUNIN 2006

**Skipulagsverðlaunin 2006 verða afhent í Ráðhúsi Reykjavíkur miðvikudaginn 3.maí kl.17 - Allir velkomnir.**

DAGSKRÁ:

**17.00** Móttaka.

**17.15** Setning. Sigríður Kristjánsdóttir, formaður Skipulagsfræðingafélags Íslands, býður gesti velkomna.

**17.25** Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, flytur erindi.

**17.35** Afhending skipulagsverðlaunanna 2006, umhverfisráðherra afhendir verðlaunin.

**17.40** Hulda Björk Garðarsdóttir Söngkona tekur lagið

Boðið verður upp á léttar veitingar.



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000





| | | |
|---|---|---|
| ✓ | 11. apríl | Árborg |
| ✓ | 18. apríl | Akureyri |
| ✓ | 25. apríl | Fjarðarbyggð – Reyðarfjörður |
| | 2. maí | Ísafjörður |
| | 9. maí | Reykjanesbær |
| | 16. maí | Hafnarfjörður |
| | 23. maí | Kópavogur |
| | 26. maí | Reykjavík |

Það styttist í sveitarstjórnarkosningar á Íslandi árið 2006. NFS leggur land undir fót og heimsækir marga af helstu stöðum landsins til þess að kynnast því hvað brennur þar helst á fólki. Við verðum á Ísafirði í kvöld, strax eftir fréttir.

X 2006
BORGARAFUNDIR
Alla þriðjudaga á NFS

NFS
digital ísland
vísir VEF TV

JOSEPH MCCARTHY (1908-1957), LÉST ÞENNAN DAG.

*„McCarthy-ismi er ameríkuismi með uppbrettar ermar.“*

***McCarthy var upphafsmaður baráttunnar gegn „rauðu hættunni“ og fór á nornaveiðar í leit að mögulegum kommúnistum í Bandaríkjunum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 2. MAÍ 1803

# *Louisiana verður hluti Bandaríkjanna*

Á þessum degi árið 1803 keyptu Bandaríkin Louisiana af Frökkum. Ráðstöfunin reyndist hin mestu kostakaup enda tvöfaldaðist stærð Bandaríkjanna við viðbótina.

Áhugi gamla heimsins á Louisiana náði vel aftur á sautjándu öldina þar sem franskir landnemar höfðu komið sér fyrir og kannað landið í kringum Mississippi-ána. Nokkur titringur var í kringum eignarhald á Louisiana í kjölfar sjö daga stríðsins. Spánn fékk landsvæðið vestan Mississippi 1762 og árið eftir tók Bretland við því sem eftir var. Í kjölfar valdatöku Napóleóns Bónaparte í Frakklandi fengu Frakkar aftur yfirráð yfir svæðinu árið 1800.

Mikilvægi svæðisins var óumdeilanlegt og þá sérstaklega ármynni Mississippi upp að Nýju Orleans og áin sjálf sem Bandaríkjamenn notuðu sér óspart til flutninga á ýmsu vörum. Til þess að þurfa ekki að greiða tolla eða flutningsgjöld vegna afnota á svæðinu var Bandaríkjunum mjög í hag að eignast svæðið. Ljóst er að Bandaríkjamenn fengu þetta gríðastóra landsvæði á góðu verði og hafa margir velt því fyrir sér hvaða hvatir hafi legið að baki ákvörðun Napóleóns Bónaparte um sölu Louisiana.



KORT AF LOUISIANA FRÁ ÁTJÁNDU ÖLD

Af samningi Bandaríkjanna og Frakka er ekki hægt að ráða nákvæm mörk landsvæðisins sem kallað var Louisiana. Innan svæðisins falla þó óumdeilanlega nútímaríkin Louisiana, Missouri, Arkansas, Iowa, Norður-og Suður-Dakóta, Nebraska og Oklahoma, og stærstur hluti landsvæðis Kansas, Kólóradó, Wyoming, Montana og Minnesóta.

## MERKISATBURÐIR

**1497** John Cabot heldur af stað til Norður-Ameríku.
**1679** Jón Ólafsson Indíafari deyr, 86 ára.
**1780** William Herschel uppgötvar fyrsta tvístirnið.
**1902** Vísindaskáldsaga kvikmynduð í fyrsta skipti.
**1919** Ljósmæðrafélag Íslands stofnað. Það er elsta stéttarfélag faglærðra kvenna.
**1933** Fréttir herma að sést hafi til Loch Ness-skrímslisins.
**1952** Fyrsta farþegaþotan hefur áætlunarflug milli Lundúna og Jóhannesarborgar.
**1970** Búrfellsvirkjun er vígð.
**1992** Jón Baldvin Hannibalsson undirritar samning um Evrópska efnahagssvæðið, með fyrirvara um samþykki Alþingis.

## AFMÆLI



**Jón Böðvarsson** íslenskufræðingur er 76 ára.



**Sigurður Grétarsson** knattspyrnumaður er 44 ára.



**Cecil B. Haraldsson** prestur er 63 ára.



**Sigrún Inga Hrólfsdóttir** listakona er 33 ára.



**Garðar Thór Cortes** söngvari er 32 ára.

## ANDLÁT

**Elísabet Benediktsdóttir**, frá Erpsstöðum, Dalasýslu, Álfheimum 36, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 21. apríl.

**Franz Gíslason**, Kjartansgötu 7, Reykjavík, lést á Landspítala við Hringbraut miðvikudaginn 26. apríl.

**Magnús Guðnason**, Sléttuvegi 13, áður Heiðargerði 12, lést að morgni laugardagsins 29. apríl á Landspítala við Hringbraut.

**Magnús Ingvar Jónasson**, Unnarbraut 26, Seltjarnarnesi, lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 28. apríl.

**Victor Sigurjónsson**, Egilsgötu 10, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 29. apríl.

**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**, Sóltúni 2, áður Hörðalandi 14, er látin. Útför fór fram í kyrrþey.

**Sigþrúður Kristín Thordersen** (Dúa), áður til heimilis í Drápuhlíð 10, lést á dvalarheimilinu Kumbaravogi laugardaginn 29. apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Árni G. Stefánsson**, Brautarlandi 15, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.00 **Kristín Ásta Ólafsdóttir**, Aðalstræti 9, Reykjavík, áður Fálkagötu 28 í Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Regína Thorarensen** verður jarðsungin frá Eskifjarðarkirkju.

14.00 **Guðrún Sigþrúður Agnarsdóttir** verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Oddur Sigurðsson**, frá Kolviðarnesi, síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju.

14.00 **Páll Gísli Stefánsson**, frá Vatnsenda í Ólafsfirði, verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju.

15.00 **Adolf Smith** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Guðlaugur Guðmundsson**, Hringbraut 50, áður Baldursgötu 17, verður jarðsunginn frá kirkju Óháða safnaðarins við Háteigsveg.

15.00 **Margrét Magnúsdóttir**, Hrafnistu, fyrrverandi apótekarafrú á Húsavík og Sauðárkróki, verður jarðsungin frá Grensáskirkju.



**SÓLBORG LILJA STEINÞÓRSDÓTTIR HÓTELSTJÓRI** Hótel Loftleiðir hefur skotið rótum í Vatnsmýrinni en þar er þó alltaf eitthvað nýtt að gerast og stendur starfsfólkið frammi fyrir spennandi verkefnum á afmælisári. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## HÓTEL LOFTLEIÐIR: FJÖRUTÍU ÁRA Í GÆR

# Sóknin frá Vesturheimi til Austurlanda fjær

Í fjörutíu ár hefur Hótel Loftleiðir staðið eins og klettur í Vatnsmýrinni. Fjölmargir hafa sótt hótelið heim á þessum áratugum, hvort sem er til að sitja fundi, sprikla í sundi eða eyða nótt í einu af herbergjunum.

„Hótel Loftleiðir er heill heimur út af fyrir sig. Við erum með veislusali, verslun, sundlaug með gufubaði, hárgreiðslustofu og ráðstefnusali, svo eitthvað sé nefnt. Svo erum við stutt frá miðborginni en á sama tíma fyrir utan hana með Öskjuhlíðina og Nauthólsvíkina í næsta nágrenni,“ segir Sólborg Lilja Steinþórsdóttir hótelstjóri. Hún segir að mikill kraftur og bjartsýni hafi sameinast þegar ofurhugarnir hjá Loftleiðum tóku fyrstu skóflustunguna að hótelinu í nóvember 1964. „Hótelið reis á sextán mánuðum sem þótti mikill hraði á þeim tíma. Herbergin, sem voru 114 en fjölgaði í 220 árið 1971, voru mörg miðuð við það að taka á móti ferðamönnum frá Ameríku sem flugu yfir Atlantshafið með Loftleiðum.“

Sóknin flyst nú úr Vesturheimi til Austurlanda fjær og hótelið með, því nú á afmælisári eru miklar breytingar í vændum. „Þessa dagana erum við að búa okkur undir breytta tíma þar sem ljóst er að við erum að sækja stærri kúnnahóp til Austurlanda. Samfara því erum við að fara út í spennandi breytingar á hótelinu. Í framhaldi af afmælisdeginum byrjum við að undirbúa starfsfólkið í kínverskri viku þar sem því verður kynnt saga og menning landsins ásamt því að boðið verður upp á kínverskan mat í starfsmannamötuneytinu.“



**HÓTEL LOFTLEIÐIR** Segja má að Hótel Loftleiðir sé heill heimur út af fyrir sig.

Samhliða heimshornaflakkinu innan hótelveggjanna eru á döfinni fleiri breytingar sem byggja á gömlum merg, í orðsins fyllstu merkingu. „Við erum með annað spennandi verkefni í gangi í tilefni af afmælisárinu en það eru ferðir fyrir eldri borgara. Ég var áður hótelstjóri á Edduhótelum þar sem ég kynntist þessum hópi vel og hlakka mikið til að bjóða upp á dvöl fyrir eldri borgara. Þetta verður alveg sérlega skemmtilegt og mikil dagskrá með bæjarferðum, heimsókn á Þjóðminjasafnið og til eldri borgara í borginni, eitthvað sem þetta fólk er kannski ekki vant að gera þegar það kemur hingað til Reykjavíkur.“

Einnig er verið að gera upp nokkur herbergi þar sem listamenn verða kynntir fyrir erlendum ferðamönnum. „Við erum búin að fá þessa listamenn til að vera með eftirprentanir af verkum sínum inni á herberginu og verðum með kynningu á þeim líka. Þetta eru allt samtímalistamenn sem okkur langar að kynna fyrir gestunum okkar. Þetta er í svipuðum stíl og skáldaherbergin sem hafa verið hjá okkur í um tíu ár þar sem við kynnum nokkur af ástsælustu skáldum þjóðarinnar.“

Því má segja að alltaf sé eitthvað nýtt á seyði á hótelinu þrátt fyrir árin fjörutíu. „Að mínu mati byggja breytingarnar á þessari löngu sögu og stöðugleikanum sem fylgir því að vinna með rótgróið fyrirtæki. Við erum líka svo heppin að vera með frábært starfsfólk og marga sem hafa unnið hérna mjög lengi.“ Sólborg segir að festan í starfsliðinu skapi heimilislegt yfirbragð á hótelinu þó að herbergin séu mörg og gestagangurinn sem því nemur. „Til dæmis er ein alveg frábær þerna sem á fjörutíu ára starfsafmæli í haust og hefur því unnið hjá okkur næstum því frá upphafi.“

# Upplestrarhátíð í Garðabæ

Bókin og birtan er yfirskrift upplestrarhátíðar sem haldin verður í Garðabæ í kvöld. Þekktir rithöfundar lesa þar upp úr verkum sínum en Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur verður kynnir kvöldins.

Hátíðin verður haldin í Garðabergi, félagsmiðstöð eldri borgara í Garðabæ, að Garðatorgi 7. Rithöfundarnir sem lesa upp úr verkum sínum eru þau Jón Kalman Stefánsson, Kristín Marja Baldursdóttir og Ólafur Gunnarsson. Þau eru öll þjóðþekkt og margverðlaunuð hér á landi fyrir framlag sitt til ritlistarinnar.

Auk upplestursins kemur Garðakórinn, kór Félags eldri borgara í Garðabæ, fram á hátíðinni og syngur nokkur lög.



**GARÐATORG Í GARÐABÆ** Upplestrarhátíðin Bókin og birtan verður haldin í Garðabergi, félagsmiðstöð eldri borgara í Garðabæ, að Garðatorgi 7.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Vilt þú betri vexti til að klára dæmið?

TILBOÐS VEXTIR!

# 13,6%*

**Dæmi um greiðslubyrði**

| Fjöldi ára | 200.000 kr. | 400.000 kr. | 600.000 kr. | 800.000 kr. | 1.000.000 kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 19.101 | 37.454 | 55.807 | 74.161 | 92.514 |
| 2 | 10.385 | 20.143 | 29.901 | 39.658 | 49.416 |
| 3 | 7.480 | 14.372 | 21.265 | 28.158 | 35.050 |
| 4 | 6.027 | 11.487 | 16.947 | 22.407 | 27.868 |
| 5 | 5.155 | 9.756 | 14.357 | 18.957 | 23.558 |
| 6 | 4.574 | 8.602 | 12.629 | 16.657 | 20.685 |
| 7 | 4.159 | 7.790 | 11.396 | 15.014 | 18.633 |
| 8 | 3.848 | 7.159 | 10.471 | 13.782 | 17.093 |

**Forsendur:** 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 13,6% vextir - Kostnaður lánaður

**Sæktu um lán...**

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**533 2424 – Sætún 1**

*Miðað við vaxtatöflu S24 11.04.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 31.05.2006.

LÍFLAND

# Aðalfundur Mjólkurfélags Reykjavíkur hf.

Aðalfundur Mjólkurfélags Reykjavíkur hf. verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 4. hæð, þriðjudaginn 9. maí n.k. og hefst hann kl. 14.00
Dagskrá aðalfundar er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

**Stjórn Mjólkurfélags Reykjavíkur hf.**

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000




FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið




vísir
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

## STUÐ MILLI STRÍÐA Þunnur 1. maí

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HEFUR ALDREI FARIÐ Í KRÖFUGÖNGU.



Ég hef aldrei farið í kröfugöngu þó ég hafi getað, með góðri samvisku, skilgreint mig sem verkamann í ellefu ár. Allra síst þá hvarflaði það að mér og vinnufélögum mínum að þramma niður Laugaveginn með iðnnemum, menntskælingum og öðru hræsnaraliði sem aldrei hefur dýft hendi í kalt vatn en finnst voða kúl að blanda hagsmunum sínum við verkalýðsbaráttu sem kemur því ekkert við.

Við sáum líka enga ástæðu til að fylkja liði undir gunnfánum grútmáttlausrar verkalýðsforystu til þess að hlusta á hagsmunagæslumenn okkar, sem þáðu margföld laun okkar fyrir að gera ekki neitt af viti í okkar málum, gaspra digurbarkalega í hátalara.

Við náðum mestu út úr fyrsta maí með því að detta ærlega íða með ódýrum landa 30. apríl, stofna til slagsmála í miðbænum og fara svo heim með blóðbragð í munninum og sænga hjá konunum okkar. Verkalýðsdaginn notuðum við til þess að sleikja sárin og sofa úr okkur þynnkuna.

Já, við vorum sko alvöru verkamenn sem neituðum að taka þátt í skrípaleiknum enda höfðum við ekki orðið varir við það í launaumslögunum okkar að þessi dagur, kröfugöngur og verkalýðsforystan yfirleitt hefðu skilað okkur neinu.

Partíin okkar þann 30. maí voru samt oftast assgoti góð þar sem við komum saman í Breiðholtinu, angandi af bensíni með smurolíubrák undir nöglunum. Þar sveif alvöru verkalýðsandi yfir vötnum þegar við sungum Stál og hnífur með Bubba, töluðum illa um jakkafataskrílinn sem stjórnaði okkur og vel um Jóa í Bónus sem var, ásamt Bubba, hetjan okkar og hafði á örfáum árum bætt kjör okkar meir en öll verkalýðsforystan samanlögð.

Það var gaman að vera verkamaður en því miður of dýrt til þess að ég hefði efni á því til lengdar enda er ég enn að borga niður yfirdráttinn sem ég þurfti að nota til þess að leiðrétta kjör mín sjálfur og framfleyta fjölskyldu minni. Annars bara til hamingju með gærdaginn, þið sem eigið það skilið.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Pú og Pa** Eftir SÖB




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# NEYÐARHJÁLP ÚR NORÐRI

## heldur fjölskylduskemmtun í LOFTKASTALANUM

laugardaginn 6. maí 2006 kl. 14.00

**Fram koma:**

100 félagar úr:
Stúlknakór Reykjavíkur
Gospelsystrum Reykjavíkur
og Vox Feminae
undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur

Kynnar:
Stefán Jón Hafstein og
Gísli Marteinn Baldursson

**Björgvin Franz Gíslason**
**Bardukha**
**Bubbi Morthens**
**Hjörleifur Valsson**
**Lenka Matéová**
**South River Band**

**Maríus H. Sverrisson**
**Peter Maté**
**Ragnheiður Gröndal**
**Rósa Guðmundsdóttir**
**Snorri Snorrason, Idolstjarna Íslands 2006**

Miðasala í Loftkastalanum hefst kl. 12.00
Styrktarreikningur: 0135-05-72000

Aðgangseyrir, kr. 1.500.-
rennur óskiptur til fólks í Tékklandi sem í flóðunum í mars og apríl hefur misst aleigu sína í þriðja sinn á tæpum níu árum vegna flóða.


Crawford Hurðir - Hurðaborg
Loft Kastalinn
Bæjarins beztu pylsur
Iceland Express
Hljóðfærahúsið
a2b bílaleiga
Tékk Kristall Kringlunni
Bylgjan 20 ára
365
VISA
Minicards maximum iceland

**Kl. 20.00**

*Upplestrarkvöldið „Bókin og birtan“ í Garðabergi við Garðatorg. Fram koma rithöfundarnir Kristín Marja Baldursdóttir, Ólafur Gunnarsson og Jón Kalman Stefánsson. Kynnir er Kristín Helga Gunnarsdóttir. Allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Rúnturinn og rætur hans*

Nú stendur yfir sýningin Rætur rúntsins í Myndasal Þjóðminjasafns Íslands. Hollenski ljósmyndarinn Rob Hornstra ferðaðist um Ísland á síðasta ári og á sýningunni gefur að líta sýn hans á íslenskan samtíma og hversdagsleika sem heimamenn munu ef til vill ekki gefa gaum að eða kjósa að skrásetja í myndum.

Hornstra beinir því ekki sjónum sínum að heillandi landslagi eða glæsileika heldur að íslenskum raunveruleika og atvinnuvegunum sem nú eru mannaðir liðsauka úr fjarlægari löndum. Atvinna var meginþema verkefnisins og beinir myndasmiðurinn vél sinni einkum að fiskverkafólki í smábæjum á landsbyggðinni en rúnturinn vakti einnig áhuga hans enda kom það honum spánskt fyrir sjónir að sjá íslensk ungmenni keyra í hringi til þess eins að drepa tímann.

Sýningin er samstarfsverkefni evrópska ljósmyndaverkefnisins International Photography Research Network og Þjóðminjasafnins og stendur til 11. júní. Myndasalurinn er opinn alla daga nema mánudaga, frá kl. 11-17.



**HORNSTRA MYNDAÐI ÍSLENSKAN VERULEIKA** Fjölþjóðlegar fiskvinnslustöðvar á Íslandi. MYND/ ROB HORNSTRA

## > Ekki missa af...

aukasýningum á leikritinu Hungur eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann. Sýnt er á Litla sviði Borgarleikhússins.

listahátíðinni List án landamæra sem nú stendur yfir um borg og bý. Fjölbreyttir viðburðir á öllum listsviðum.

sýningunni í gluggagalleríinu Draugalest. Listaverk eftir Huldu Vilhjálmsdóttur, Greg Nolan og Valgarð Bragason prýða galleríið sem er alltaf opið en samt lokað.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Fim. 4/5, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5, fös. 12/5 örfá sæti laus.
**Sýningum fer fækkandi.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Aukasýningar fös. 5/5 uppselt**, **lau. 6/5** nokkur sæti laus.
**Aðeins þessar 2 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
**Frumsýning fim. 4/5 kl. 18:00 uppselt** og **kl. 20:00 uppselt**, fös. 5/5 kl. 15:00 uppselt, lau. 6/5 kl. 13:00 og kl. 15:00, sun. 7/5 kl. 13:00 og 15:00.
**Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbburinn Múlinn - Kvintett Jóels Pálssonar.** Mið. 3/5 kl. 21:00
**Leiklistarsamband Íslands/Fræðsludeild Þjóðleikhússins:**
**Hvað kemur okkur þetta við?** Lau. 6/5 kl. 15:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER LOKUÐ Í DAG 1. MAÍ. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 7/5 KL. 14 Su 14/5 kl. 14
AÐEINS ÞESSAR SÝN. MIÐAVERÐ 1.900

TYPPATAL
Fö 5/5 KL. 20 Lau 13/5 kl. 20
MIÐAVERÐ 2.500

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Lau 6/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Lau 27/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR Í MAÍ
Fi 4/5 kl. 22:30 UPPISTAND
Þorsteinn Guðmundsson
Björk Jakobsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir

Fi 11/5 kl. 22:30 PÍKUSÖGUR OG PÖRUPILTAR
Halldór Gylfason, Friðrik Friðriksson og Björgvin Franz flytja Píkusögur og Pörupiltarnir troða upp.

Fi 18/5 kl. 22:30 LEiKTU FYRIR MIG
Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
MIÐAVERÐ 1.000

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

# Söguþing á vordögum

**Hilma Gunnarsdóttir sagnfræðingur er verkefnisstjóri Söguþings sem áhugafólk og fræðimenn á sviði sagnfræði standa fyrir á næstunni.**



**HILMA GUNNARSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR** Skipuleggur Söguþing um allt milli himins og jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL

Þetta er í þriðja sinn sem Sagnfræðistofnun, Reykjavíkur-Akademían, Sögufélag, Sagnfræðingafélag Íslands og Félag sögukennara standa að slíku þingi en það var síðast haldið árið 2002. „Sem fyrr er markmið Söguþingsins að gefa fræðimönnum tækifæri til þess að kynna sínar nýjustu rannsóknir og leiða saman sagnfræðinga og aðra áhugamenn um sagnfræði til þess að ræða það sem hæst ber í faginu,“ segir Hilma. Mjög breiður hópur áhugafólks hefur jafnan sótt þingið. „Fólk utan úr bæ og af landsbyggðinni sem hefur mikinn áhuga á menningu og sögu hefur þegar skráð sig til leiks og flestir okkar akademísku sagnfræðingar munu ýmist vera með erindi eða mæta á staðinn.“

Söguþingið er kærkomið tækifæri fyrir fólk til þess að kynna störf sín og rannsóknir fyrir öðrum áhugasömum gestum en boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá með á annan tug málstofa auk stakra erinda og pallborðsumræðna en í ár er hún styrkt af Landsbankanum. Dagskráin munu fara fram í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands og hátíðarsal Háskólans.

„Það verða þrír viðburðir eða efnisflokkar í gangi í einu, allt frá umræðum um neyslumenningu og sjúkdóma á miðöldum til málstofa um aðferðafræði sem efst er á baugi í sagnfræði erlendis, landbúnaðarsögu og ljósmyndafræði,“ segir Hilma.

„Ég verð sjálf með erindi í málstofu sem heitir „Frá endurskoðun til upplausnar“ en yfirskriftin er tilvísun í samnefnda bók sem kemur út í tilefni af þinginu. Bókin fjallar um þróun hugvísinda síðasta aldarfjórðunginn og í henni tekur hópur ungra fræðimanna til umræðu knýjandi málefni sem snerta stöðu sagnfræðinnar.“ Hilma ritstýrir bókinni ásamt sagnfræðingunum Sigurði Gylfa Magnússyni og Jóni Þór Péturssyni.

„Það er mjög mikið að gerast í íslenskri sagnfræði, í klassískri sagnfræði er fólk enn að fást við Landnámu og Íslendingabók og spá í þær á nýjan hátt og svo er ýmislegt nýtt að gerast. Eins og bókin okkar sýnir fram á er ákveðin gerjun, til dæmis á sviði ljósmyndafræðanna, en Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur verður einmitt um málstofu um þau fræði á þinginu,“ útskýrir Hilma.

Söguþingið stendur frá 18-21. maí og er öllum velkomið að skrá sig og taka þátt. Fullt ráðstefnugjald er 7.000 krónur en skráðir nemendur við Háskóla Íslands og eldri borgarar greiða aðeins 5.000 krónur.

Skráningarfresturinn rennur út 4. maí en hægt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið: hilmag@hi.is og nálgast frekari upplýsingar um dagskrá og viðburði á heimasíðu þingsins: http://www.kistan.is/soguthing.

kristrun@frettabladid.is

# Samkeppni með friðarboðskap

Í tilefni af alþjóðlegum áratugi Sameinuðu þjóðanna sem tileinkaður er rétti barna til lífs án ofbeldis og friðarmenningar, stendur Goi-friðarstofnunin í Japan fyrir alþjóðlegri ritgerðarsamkeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 15-25 ára. Umfjöllunarefni ritgerðanna er að koma fram með hugmynd að verkefni eða aðgerðum ungs fólks til að stuðla að því að fólk af mismunandi uppruna og menningu geti búið saman í sátt og samlyndi. Miðar slíkt verkefni að því að vega upp á móti því hvernig fordómar og fáfræði, útilokun og mismunun, og skortur á aðlögum útlendinga og innflytjenda í viðtökulandi getur orðið uppspretta mikilla vonbrigða og örvæntingar sem getur ýtt undir vítahring átaka á milli ungs fólks af ólíkum uppruna og frá öðrum menningarheimi. Nánari upplýsingar um keppnina má finna á vefsvæði friðarstofnunarinnar Goi http://www.goipeace.or.jp en þar verður jafnframt tilkynnt um úrslit hennar. Allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal en auk þess verða veitt peningaverðlaun sem og gjafir fyrir bestu ritgerðirnar. Fyrstu verðlaun eru um 70.000 íslenskar krónur og verður þeim sem vinna til verðlauna, boðið á sérstaka verðlaunaafhendingu í Tókýó í Japan í nóvember þeim að kostnaðarlausu. - bb



**FRIÐARSTOFNUNIN GOI Í JAPAN** Ritgerðarsamkeppni fyrir ungmenni um allan heim.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

29 30 1 **2** 3 4 5

**Þriðjudagur**

### LEIKLIST

21.30 **Leikfélagið Frú Emilía** sýnir leikritið **Hundrað ára hús** eftir **Jón Atla Jónasson** í **Nauthólsvík**. Leikstjóri er **Hafliði Arngrímsson**.

### SÝNINGAR

10.00 **Tryggvi Ólafsson** sýnir málverk í **Gallerí Fold** við **Rauðarárstíg**. Sýningin er opin virka daga 10-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga 14-16.

10.00 Innsetningar hjónanna **Ilja** og **Emiliu Kabakov** og bandaríska konseptlistamannsins **Joseph Kosuth** á **Kjarvalsstöðum**. Sýningin er tileinkuð og unnin út frá hugarheimi **H.C. Andersen**.

### NÁMSKEIÐ

Skógræktarnámskeið **Björns Jónssonar** verður haldið í húsnæði **Skógræktarfélags Íslands** í **Skúlatúni 6**. Á námskeiðunum er fjallað um alla helstu þætti ræktunarstarfsins. Nánari upplýsingar á **skog.is** og í síma 551 8150.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.
























fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Tom Cruise** hefur í hyggju að gera kvikmynd ásamt unnustu sinni **Katie Holmes** á næstunni en hún verður frá næstu vikur vegna fæðingu dóttur þeirra Suri. Samkvæmt IOL.com getur Cruise ekki beðið eftir því að vinna með Katie en eins og flestum ætti að vera kunnugt er Cruise mjög ástfanginn af spúsu sinni. „Ég held að samstarf okkar sé ekki slæm hugmynd. Öll sambönd þola einhverja pressu ef fólk elskar hvort annað nægjanlega mikið.“



**Eminem** hyggst grafa stríðsöxina milli sín og móður sinnar, **Debbie Nelson**, en hún háir nú mikla baráttu við krabbamein. Eminem hyggst greiða fyrir öll lyfin hennar en mæðginin hafa ekki ræðst við í mörg ár og varð samband þeirra frægt þegar rapparinn sendi henni tóninn í nokkrum lögum. Samkvæmt heimildum götublaðsins The Sun var það móðirin sem hafði frumkvæðið að þessum endurfundum en hana langar mikið til að ná sáttum við son sinn áður en það verður um seinan. „Þau hafa talað saman í síma nokkrum sinnum og hún vonast eftir heimsókn frá honum,“ hefur blaðið eftir heimildarmanni sínum.



**Guy Ritchie** ætlar að gera kvikmynd með eiginkonu sinni **Madonnu** aftur en mörgum er enn í fersku minni hörmungin Swept Away þar sem hjónakornin sneru bökum saman. Sú kvikmynd var rökkuð niður af gagnrýnendum og ekki sýndu kvikmyndahúsagestir henni meiri skilning. Reyndar er hér um að ræða heimildarmynd um gerð plötunnar Confessions on the Dance Floor sem hefur slegið í gegn um allan heim. Samkvæmt slúðurblöðunum á Bretlandi gæti þetta verið lokaúrræðið hjá þeim hjónum til að bjarga sambandinu en stirt hefur verið á milli þeirra að undanförnu.





**SLÓ Í GEGN** Garðar Thór sýndi að það var engin tilviljun að frumraun hans skyldi verða söluhæsta platan hér á landi um síðustu jól.



**GEISLANDI** Katherine Jenkins geislaði á sviðinu í Laugardalshöll og hreif áhorfendur með sér.

FRÉTTABLAÐIÐ / ÓMAR

# *Garðar og Jenkins í eina sæng*

**Garðar Thór Cortes hélt stórtónleika í Laugardalshöll ásamt bresku dívunni Katherine Jenkins að viðstöddu fjölmenni. Nýjar dyr hafa í kjölfarið opnast fyrir óperusöngvarann unga.**

Mikil eftirvænting ríkti meðal tónleikagesta í Laugardalshöll enda seldist frumraun Garðars Thórs ótrúlega vel fyrir síðustu jól. Engu síðri var spennan fyrir að sjá hina ungu Katherine Jenkins enda söluhæsti tónlistarmaðurinn í sígildri tónlist á Bretlandseyjum. Áhorfendur fengu mikið fyrir sinn snúð því tvíeykið fór hamförum á sviðinu og var dynjandi lófaklapp í lok tónleikanna.

Að sögn Einars Bárðarsonar hafa tónleikarnir opnað nýjar dyr fyrir Garðar Thór en fyrir skömmu var greint frá því að plötufyrirtækið EMI hefði hug á að fá óperusöngvarann til liðs við sig. „Jenkins og hennar fólk hafa boðið Garðari að verða sérstakur gestur á stórri og mikilli tónleikaferð um Bretland í haust,“ segir Einar en þetta er mikil lyftistöng fyrir söngvarann því auglýsingarnar í kringum þá tónleika hlaupa á fleiri tugum milljóna. Að sögn Einars kemur þetta sér mjög vel fyrir alla kynningu á Garðari en áætlað er að fyrsta platan með honum erlendis komi út haustið 2007. „Miðar á tónleikaferðina fóru í sölu í síðustu viku og nú þegar er uppselt á alla tónleika hennar í heimalandi hennar, Wales,“ segir Einar.



**GÓÐ SAMAN** Greinilegt er að aðstandendur Jenkins hafa hrifist mikið af þessari blöndu því Garðar Thór mun verða sérstakur gestur á tónleikaferð Jenkins um Bretlandseyjar.

# Óður til gleðinnar í Borgarleikhúsinu

Það má búast við glymjandi hlátrasköllum úr Borgarleikhúsinu í maí en Hláturhátíð stendur yfir í húsinu út mánuðinn. Hátíðin var sett með pomp og prakt á föstudaginn þar sem hver uppákoman rak aðra með slíku offorsi að gestir náðu vart andanum á milli atriða og fólk var á köflum við það að drepast úr hlátri. Tækifærið var einnig notað til þess að opna tvær skopmyndasýningar eftir býsna ólíka en bráðskemmtilega listamenn, þá Hugleik Dagsson og Sigmund.



**ALLT AÐ GERAST** Það var mikið um að vera á fyrsta degi Hláturhátíðarinnar og hvert atriðið rak annað.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**JÁ, HEMMI MINN** Dívan Elsa Lunda var kynnir opnunarhátíðarinnarog vakti að vonum mikla athygli enda hefur lítið farið fyrir þessari háværu og heillandi frauku frá því að hún var Hemma Gunn til halds og trausts í sjónvarpsþáttunum Á tali fyrir margt löngu. Þjóðin elskaði hana þá og gerir greinilega enn.



**HAHAHAHAHAHA** Þegar grínið stóð sem hæst var ekki um annað að ræða en að grípa til vasaklútsins enda runnu gleðitárin stríðum straumum.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32452 04/2006

MUNIÐ MANCHESTER-TÓNLEIKANA
Í LAUGARDALSHÖLL 6. MAÍ
FRÁ KL. 17:30–00:00




2.600 KR. Í STÆÐI
3.700 KR. Í STÚKU

Miðasala á midi.is, í BT og í verslunum Skífunnar.

WWW.ICELANDAIR.IS




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |
| PRIME | kl. 8 og 10.30 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 4, 6 og 8 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 6 og 10 |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| INSIDE MAN | kl. 8 og 10.25 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 8 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Extras sigursæl

Þáttaröðin Extras var mjög sigursæl á sjónvarpshátíðinni Rose d'Or í Lucerne í Sviss en hún fékk verðlaun sem besta gamanþáttaröðin og Ashely Jensen sem besta gamanþáttaleikkonan. Extra kemur úr smiðju Ricky Gervais en hann er af mörgum talinn einn fyndnasti maður heims um þessar mundir og gerði The Office sem sýnd var á Ríkissjónvarpinu við miklar vinsældir. Gervais hlaut sjálfur engar tilnefningar en var heiðraður fyrir framlag sitt til afþreyingar. ■



**EXTRAS** Þáttaröðin var valin sú besta á Rose d'Or hátíðinni auk þess sem leikkonan Ashley Jensen sigraði í sínum flokki fyrir leik sinn.
FRÉTTALBLAÐIÐ / GETTY IMAGES






# Hið fullkomna rán

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Spike Lee er af mörgum talinn frumkvöðull í kvikmyndagerð bandarískra blökkumanna. Kvikmyndir hans um sambúðarvandamál ólíkra kynþátta í Bandaríkjunum opnuðu nýjar dyr í bandarískri kvikmyndagerð. Ekki voru allir svartir menn melludólgar eða glæpamenn. Lee hefur verið ansi misjafn undanfarin ár og því þótti mörgum kominn tími á að leikstjórinn sýndi hvað í honum býr. Þeir hinir sömu hafa eflaust rekið upp stór augu þegar fyrstu myndbrot úr Inside Man birtust því leit allt út fyrir að Spike Lee væri að gera hasarmynd.

Dalton Russell er fluggáfaður þjófur sem hefur lagt mikið á sig til að fremja hið fullkomna rán. Hann brýst inn í banka á Manhattan ásamt þremur vitorðsmönnum og heldur þar í gíslingu yfir fimmtíu manns. Lögregla borgarinnar er kölluð á vettvang og þeirra á meðal er Keith Frazier, samningamaður sem er undir eftirliti eftir að peningar hurfu við síðustu gíslatöku. Í fljótu bragði virðist ránið vera mjög venjulegt, lögreglan tefur fyrir glæpamönnunum sem krefjast sígildra hluta á borð við mat, rútu og flugvél. Frazier fer fljótlega að gruna að ekki sé allt með felldu í ljósi þess að borgarstjórinn kippir í spotta til að koma öryggisfulltrúanum Madeline White í kynni við gíslatökumennina og auðkýfingurinn Arthur Case hefur óvenju mikinn áhuga á ráninu. Þrátt fyrir að Frazier vilji komast til botns í málinu eru hendur hans bundnar enda gætu þessi valdamiklu öfl auðveldlega kippt undir honum stoðunum ef Frazier seilist út fyrir sitt svið. Hér verður látið staðar numið fyrir þá sem vilja bregða sér í bíó, hálfgerð synd að upplýsa jafn gott plott á síðum blaðanna, því miður.

Inside Man er gleðitíðindi fyrir unnendur góðra trylla. Í fyrstu er ekki margt sem bendir til að um Spike Lee mynd sé að ræða fyrir utan þá augljósu staðreynd að hún gerist í New York. Þegar líða fer á myndina kemur handbragð leikstjórans hins vegar alltaf betur og betur í ljós. Öruggar samræður og stirt samband mismunandi menningarsvæða og kynþátta er fyrirferðarmikið, eitthvað sem jafnan prýðir góðar Spike Lee myndir. Leikstjórinn fær til liðs við sig Denzel Washington en tvíeykið þekkist vel enda unnið saman við nokkrar myndir leikstjórans. Washington gerir að venju vel sem lögreglumaðurinn Frazier, þótt leikarinn sé í þann mund að falla í þá gryfju sem mörgum stórleikaranum hættir til; að leika bara eins og Denzel Washington gerir alltaf. Clive Owen er góður sem glæpamaðurinn Dalton Russell og nær að sannfæra áhorfendur um að persóna hans sé mjög róleg og yfirvegað án nokkurar tilgerðar. Jodie Foster vinnur vel úr sínu hlutverki sem hin framagjarna Madeline White og Willem Dafoe þarf ekki að hafa mikið fyrir sínu sem lögregluforinginn John Darius.

Þegar jafn þéttur leikhópur og raun ber vitni safnast saman á einn stað ætti fátt að fara úrskeiðis en hversu oft hefur það ekki gerst? Inside Man sker sig frá þeim myndum með mjög vel skrifuðu handriti og leikstjóra sem veit hvað hann vill. Hún er laus við alla tilgerð og klisjur heldur flýtur áfram á mjög eðlilegan hátt. Það er því kærkomið að fá eina svona „jónu" frá Lee í öllu þessu flóði af lélegum myndum sem herjað hafa á kvikmyndahúsagesti að undanförnu.

Freyr Gígja Gunnarsson



**INSIDE MAN**

LEIKSTJÓRI: SPIKE LEE

**Aðalhlutverk:** Denzel Washington, Clive Owen og Jodie Foster

**Niðurstaða:** Spike Lee sýnir hvað í honum býr. Þegar leikstjórinn kemst í jafn bitastætt handrit er ekki að sökum að spyrja og leikhópurinn skilar sínu með miklum glæsibrag. Inside Man er kærkomin gæðamynd í öllu þessu flóði af drasli sem herjað hefur á kvikmyndahúsagesti að undanförnu.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




# Chris á skólabekk

Chris Martin hyggst setjast á skólabekk þegar hann verður fertugur og ætlar kappinn að stunda nám í sígildri tónlist. „Fertugt er hreinlega of hár aldur til að vera rokkstjarna,“ sagði söngvari Coldplay á tónleikum Fílharmóníusveitar New York borgar sem lék lög úr myndum Stevens Spielberg en leikstjórinn er einmitt guðfaðir Gwyneth Paltrow, eiginkonu Martins. Hjónin sóttu tónleikanna einungis þremur vikum eftir að annað barn þeirra, Móses, kom í heiminn en þau eiga fyrir stúlkubarnið Apple.

Coldplay hefur verið gera það gott að undanförnu en lagasmíðar hljómsveitarinnar voru nýlega tilnefndar til hinna virtu Ivor Novello-verðlauna. Lagið þeirra Speed of Sound af plötunni X&Y var tilnefnt sem besti alþjóðlegi smellur ársins en Fix You, sem er af sömu plötu, fékk útnefningu sem besta lagið. ■


**CHRIS MARTIN** Sagðist ætla að setjast á skólabekk þegar hann yrði fertugur enda væri það of hár aldur fyrir rokkstjörnu.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Springsteen ósáttur

Rokkarinn Bruce Springsteen sendi bandarískum yfirvöldum tóninn á tónleikum sínum í New Orleans en þar fer nú fram árleg djass-hátíð. Sakaði hann þau um glæpsamlegt afskiptaleysi þegar fellibylurinn Katrín gekk yfir og varð 1.300 manns að bana. „Ég hef séð hluti hérna sem ég bjóst aldrei við að sjá í Bandaríkjunum,“ sagði Springsteen sem hefur lagt sitt á vogarskálarnar til að bæta líf fórnarlamba fellibylsins.■


**SPRINGSTEEN OG BONO** Var ekki par ánægður með bandarísk yfirvöld og sakaði þau um glæpsamlegt afskiptaleysi vegna viðbragða þeirra í New Orleans.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# *Iggy Pop spilar í Listasafninu*

Tónleikar Iggy Pop og The Stooges, sem verða haldnir á miðvikudag, hafa verið færðir frá Laugardalshöllinni yfir í Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu í Tryggvagötu.

Sæti og stæði gilda áfram þrátt fyrir þessa breytingu.

Húsið opnar kl 19.30 og Dr. Spock sem hitar upp hefur sinn flutning um 20.30. Búast má við mikilli sýningu frá þeim, nýjum búningum og ýmsum óvæntum atburðum.

Iggy og the Stooges koma til landsins í dag og munu nýta daginn vel til að líta í kringum sig og ætla út á lífið um kvöldið. Sirkus mun bjóða upp á sérstakt Iggy-kvöld frá 22.00 til 1.00 þann daginn með ýmsum uppákomum og hugsanlega munu þeir félagar kíkja þangað.

Miðasala er enn í gangi en fáir miðar eru til eftir þennan flutning og eru miðar í sæti uppseldir.

Rúm þrjátíu ár eru liðin síðan The Stooges hætti starfsemi en Iggy Pop hefur allt frá árinu 1977 átt farsælan feril upp á eigin spýtur. Endurkomu sveitarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu en hún hætti þegar leikurinn stóð sem hæst 1974. Iggy hefur haft áhrif á fjölmarga tónlistarmenn í gegnum tíðina, meðal annars vegna skemmtilegrar sviðsframkomu. Hafði hann til að mynda mikil áhrif á Bubba Morthens þegar hann var í Utangarðsmönnum.


**IGGY POP** Pönkarinn mikli spilar í Listasafni Reykjavíkur á miðvikudaginn.

Sölustaðir á tónleikana eru eftirfarandi: Mál og menning Laugavegi, Penninn á Akureyri, Hljóðhúsið Selfossi, Hljómsýn Keflavík, Tónspil Neskaupstað og citycentre.is.





## Heyrst hefur...

Að þriðji danski knattspyrnumaðurinn sé væntanlegur í herbúðir Fylkis í dag. Um er að ræða vinstri bakvörð, en þá stöðu hafa Fylkismenn átt í mesta basli með að fylla eftir að Kjartan Ágúst Breiðdal sleit krossbönd í hné fyrir skemmstu.

sport

sport@frettabladid.is

VEIGAR PÁLL GUNNARSSON: GERIR ÞAÐ GOTT MEÐ STABÆK Í NORSKU ÚRVALSDEILDINNI

# *Leiðist ekki að taka aukaspyrnurnar*



Knattspyrnumaðurinn Veigar Páll Gunnarsson hefur farið á kostum með liði sínu Stabæk það sem af er norsku úrvalsdeildinni en eftir fyrstu fjórar umferðirnar situr Stabæk, öllum að óvörum, á toppnum og hefur ekki tapað leik. Ásamt sóknarmanninum Daniel Nannskog er Veigar Páll markahæsti leikmaður liðsins í ár, en báðir hafa þeir skorað þrjú mörk. Veigar Páll skoraði tvö mörk í 4-1 útisigri Stabæk gegn Lyn á sunnudaginn, þar af annað beint úr aukaspyrnu.

„Já, ég náði að setja hann í vinkilinn,“ sagði Veigar Páll auðmýktin uppmáluð þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, en norskir fjölmiðlar segja að um eitt af mörkum ársins hafi verið að ræða. Þess má geta að þetta er annað markið sem Veigar skorar úr aukaspyrnu á tímabilinu.

„Sá sem er vanur að taka aukaspyrnurnar er meiddur og því fékk ég tækifærið. Vonandi fæ ég að halda áfram að taka þær því það er ekki eins og mér leiðist það,“ segir Veigar og hlær.

Norskir fjölmiðlar lofa Veigar Pál í hástert fyrir frammistöðu sína í vor og hjá dagblaðinu Verdens Gang er hann í 12.-24. á lista yfir bestu leikmenn tímabilsins, en Veigar er með 5,5 í meðaleinkunn en efstu menn eru með einkunnina 6. Og það áhugaverðasta við þennan árangur Veigars er að hann hefur verið að spila á vinstri kantinum í sumum leikjanna. „Ég er samt í nokkuð frjálsri stöðu og þetta er ekkert ósvipað því sem ég var að gera hjá KR. En mér líkar þetta mjög vel. Það gengur vel hjá mér og liðinu og því kvarta ég ekki,“ segir Veigar en umræddur Daniel Nannskog hrósar honum einnig í hástert í viðtali við VG. „Hann er ótrúlega tekniskur og boltinn er sem límdur við tærnar á honum,“ segir hann.

## > Heimir Örn til Danmerkur

Fylkismaðurinn Heimir Örn Árnason hefur gert tveggja ára samning við danska úrvalsdeildarfélagið Bjerringbro. „Ég hreinlega varð að prófa atvinnumennskuna áður en ferlinum lýkur. Þetta hefur verið í gangi í nokkurn tíma og þeir komu og skoðuðu mig í einum leik, þar sem ég var reyndar slakur. Þeir gerðu mér tilboð, ég gerði gagntilboð og þeir samþykktu það. Þetta gekk því fljótt og vel fyrir sig. Ég talaði við nokkra íslenska leikmenn í Danmörku og þeir báru lífinu í Danmörku góða söguna, þetta er því allt jákvætt,“ sagði Heimir en Bjerringbro tekur þátt í Evrópukeppni á næstu leiktíð eftir að hafa komist í úrslit bikarkeppninnar í Danmörku.





**LANDSBANKADEILDIN** Fjörið hefst á eftir aðeins tvær vikur.

Landsbankadeild karla:

## Niðurtalningin hefst í dag

**FÓTBOLTI** Í dag hefst umfjöllun Fréttablaðsins um liðin sem leika í Landsbankadeild karla í sumar. Að þessu sinni er blaðið í samvinnu við sjónvarpsstöðina Sýn í spá sinni um lokastöðu deildarinnar.

Í dag er sagt frá þeim liðum sem Fréttablaðið og Sýn spá neðstu sætunum í sumar, Breiðabliki og ÍBV. Spáin var unnin á þann veg að íþróttafréttamenn miðlanna spáðu fyrir um lokastöðu deildarinnar og fengu liðin 1-10 stig samfara því. Stigin voru síðan lögð saman og út frá því ákvarðaðist spáin. Á næstu dögum mun síðan birtast umfjöllun um þau lið sem Fréttablaðið og Sýn spá betra gengi í sumar.

# Kominn tími á að aðrir taki við

**Íslenskir eigendur Stoke City eiga nú í viðræðum við tvo aðila um hugsanlega kaup á félaginu. Sjö ár eru síðan íslenskir fjárfestar keyptu Stoke fyrir 3,7 milljónir punda en nú er komin þreyta í mannskapinn.**

**FÓTBOLTI** Útlit er fyrir að sjö ára veru íslendinga hjá enska félaginu Stoke sé á enda runnin. Fyrir sjö árum festi fjárfestingahópur, undir leiðsögn Magnúsar Kristinssonar, kaup á félaginu en hann er nú stjórnarformaður Stoke Holding sem á meirihlutann í félaginu. Gunnar Þór Gíslason er stjórnarformaður félagsins en hann viðurkennir að viss þreyta sé komin í mannskapinn.

„Fyrir Íslendingana gæti þessu farið að ljúka. Það er komin ákveðin þreyta í menn eftir sjö leiktímabil. Ég held að þetta sé ekki slæmur tími til að hætta, það er búið að bæta klúbbinn á þeim tíma og við erum mjög ánægðir með það. Ég held að það sé komið að næstu mönnum að taka við,“ sagði Gunnar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Peter Coates vonast nú til að eignast félagið á nýjan leik en hann var einn af þeim sem Gunnar og félagar keyptu félagið af á sínum tíma. Johan Boskamp, knattspyrnustjóri félagsins, lýsti því yfir eftir glæsilegan 5-1 sigur á Brighton í lokaleik tímabilsins um helgina, að hann væri á förum frá félaginu. „Boskamp fór fram úr sjálfum sér með ummælum sínum. Hann byggir þetta á því að Coates kaupi félagið en það er ekki frágengið en auk Coates eru erlendir aðilar sem hafa sýnt klúbbnum áhuga. Hversu alvarlegur sá áhugi er kemur í ljós í næstu viku,“ sagði Gunnar sem segir að félagið sé ekki byrjað að skoða nýja knattspyrnustjóra. „Við þurfum fyrst að bíða og sjá hvort eitthvað verði úr viðræðunum við fjárfestana. Það kemur einnig alveg til greina að okkar hálfu að Boskamp verði áfram,“ sagði Gunnar.

Samskipti Boskamps við undirmenn sína stirðnuðu til muna á sínum tíma og á endanum voru þeir látnir fara frá félaginu. John Rudge var yfirmaður knattspyrnumála og Jan de Koning, aðstoðarþjálfari Boskamp, en þremenningunum sinnaðist og því varð eitthvað undan að láta.

hjalti@frettabladid.is



**BRITANNIA VÖLLURINN** Íslensku fjárfestarnir eru að öllum líkindum á leiðinni frá Stoke eftir sjö ára veru hjá félaginu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## | 9- 10. SÆTI | BREIÐABLIK

FRÉTTABLAÐIÐ Sýn besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

### LEIKMANNAHÓPURINN

**MARKMENN:**
Hjörvar Hafliðason
Þorsteinn Einarsson

**VARNARMENN:**
Arnór Sveinn Aðalsteinsson
Árni Kristinn Gunnarsson
Guðmann Þórisson
Kári Ársælsson
Pétur Magnús Birgisson
Stig Krohnhaland
Pétur Magnús Birgisson

**MIÐJUMENN:**
Birgir Hrafn Birgisson
Birkir Vagn Ómarsson
Guðmundur Kristjánsson
Gunnar Örn Jónsson
Hjalti Kristjánsson
Magnús Páll Gunnarsson
Steinþór Freyr Þorsteinsson
Ragnar Heimir Gunnarsson
Petr Podzemsky

**SÓKNARMENN:**
Marel Baldvinsson
Viktor Unnar Illugason
Steinþór Freyr Þorsteinsson
Kristján Óli Sigurðsson

**KOMNIR:** Marel Baldvinsson (frá Lokeren), Birkir Vagn Ómarsson (frá Völsungi), Pétur Mar Pétursson (frá KR), Sigurður Höskuldsson (frá Bolungarvík)
**FARNIR:** Errol McFarlane, Hans Fróði Hansen (til Færeyja), Hjalti Kristjánsson (Hættur)

### ÞJÁLFARINN

## Bjarni Jóhannsson

Tók við Blikum fyrir sumarið 2004 og kom liðinu upp úr 1. deildinni í fyrra með glæsibrag. Bjarni er margreyndur þjálfari og hefur meðal annars stýrt ÍBV, Fylki og Grindavík. Þekktur fyrir að laða fram það besta í sínum mönnum.



# Við höfum allt að vinna

**Breiðablik vann 1. deildina í fyrra án þess að tapa leik. Engu að síður spá Fréttablaðið og Sýn því að liðið muni ekki staldra lengi í Landsbankadeildinni.**

**LANDSBANKADEILDIN** Fréttablaðið og Sýn spá ungu liði Breiðabliks falli rakleitt niður í 1. deild í sumar. Hjörvar Hafliðason, markvörður og fyrirliði liðsins, minnir þó á að slíkar spár gangi sjaldnast upp.

„Ég held að það sé ágætt að ekki sé búist við miklu af okkur. Við höfum allt að vinna í sumar og það er ekkert verra að vera spáð neðarlega en þetta er fjarri því sem við ætlum okkur. Við höfum sett okkur markmið að vera fjarri fallslagnum og við höfum alla burði til að koma á óvart,“ sagði Hjörvar í gær.

Breiðablik hefur þéttan hóp leikmanna en liðið fékk aðeins á sig þrettán mörk í átján leikjum í 1. deild í fyrra. Þá vann liðið þrettán leiki og gerði fimm jafntefli.



**YFIRBURÐALIÐ Í 1. DEILD Í FYRRA** Blikar töpuðu ekki leik í 1. deildinni í fyrra og fengu aðeins 13 mörk á sig allt tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nú má segja að út í alvöruna sé komið og prófsteinn liðsins sé Landsbankadeildin.

„Við erum með sterka liðsheild og góðan þjálfara. Það er hægt að sjá hversu langt það skilar sér með því að líta á handboltalið Fram, sem varð Íslandsmeistari á dögunum með slíka blöndu. Við erum mjög brattir fyrir sumarið,“ sagði Hjörvar, sem hrósar Marel Baldvinssyni, sem er kominn heim úr atvinnumennskunni og í sitt gamla félag á nýjan leik.

„Marel hefur verið sjóðandi heitur og ef hann lendir ekki í neinum meiðslavandræðum er hann tvímælalaust besti sóknarmaðurinn á Íslandi. Hann er tröll að burðum en samt með mikla tækni. Það gerist ekki mikið betra en það,“ segir Hjörvar. - hþh

### LYKILMAÐURINN

## Marel Baldvinsson



Kominn á heimaslóðir eftir nokkura ára dvöl úti í heimi sem atvinnumaður. Marel hefur verið mjög öflugur á undirbúningstímabilinu og sýnt og sannað að hann kann enn að skora mörk. Sem nánast eini sóknarmaður Breiðabliks sem býr yfir almennilegri reynslu verður Marel að halda því áfram í sumar til að Breiðablik verði ekki í vandræðum í sóknarleiknum.

### FYLGSTU MEÐ....

## Viktori Illugasyni

Aðeins 16 ára gamall en samt sem áður hefur hann átt fast sæti hjá Blikum á undirbúningstímabilinu. Gríðarlega efnilegur framherji sem hefur verið yfirburðamaður í yngri flokkunum á undanförnum árum.

**Sóknin:**
Marel Baldvinsson ber uppi sóknarleikinn og ef marka má undirbúningstímabilið er hann vel hæfur til að gera það.

**Vörnin:**
Fékk á sig aðeins þrettán mörk í 1. deildinni í fyrra en hefur misst lykilmann úr henni, Hans Fróða Hansen. Erfitt verður að fylla skarð hans.




**Miðjan:**
Blikar héldu Petr Podzemsky og er hann happafengur. Liðið hefur skæða kantmenn á borð við Kristján Sigurðsson og hinn markheppna Olgeir Sigurgeirsson.

**Markið:**
Hjörvar hefur ekki sannað sig í efstu deild en hann var besti markmaður 1. deildarinnar í fyrra. Góður markmaður þegar hann nær sér á flug og gæti reynst drjúgur.

**Bekkurinn:**
Bekkurinn er ekki mjög breiður nema þá helst hvað miðjumenn varðar. Ef Blikar lenda í meiðslavandræðum gæti það þýtt vandræði.



**SIGURÐUR** Er ánægður með að hafa klófest Ahandour á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Knattspyrnudeild Grindavíkur:

## Semur aftur við Ahandour

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar hafa ákveðið að semja aftur við Mounir Ahandour sem lék með liðinu í Landsbankadeildinni í fyrra. Franski sóknarmaðurinn skoraði tvö mörk í sautján leikjum á síðasta tímabili en Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, hreifst af kappanum í æfingaferð í Tyrklandi í apríl.

„Hann er ótrúlega fljótur og duglegur leikmaður. Hann leit vel út í Tyrklandi og því ákváðum við að fá hann. Það hefur sýnt sig með þessa erlendu leikmenn að þeir eiga erfitt með að fóta sig á sínu fyrsta ári. Við væntum þess að hann standi sig betur í sumar en hann gerði í fyrra,“ sagði Sigurður, en Ahandour kemur til landsins á morgun.

Grindvíkingar hafa fengið til sín fjóra leikmenn frá síðasta ári, Jóhann Helgason og Jóhann Þórhallsson frá KA, Kristján Valdimarsson frá Fylki og Andra Stein Birgisson frá Víking auk þess sem Orri Freyr Hjaltalín og Ray Anthony Jónsson verða með liðinu á nýjan leik eftir langa fjarveru vegna meiðsla. - hþh

Handknattleiksdeild Þórs:

## Á von á hárri sekt frá HSÍ

**HANDBOLTI** Handknattleiksdeild Þórs má eiga von á því að vera sektuð um 250 þúsund krónur fyrir fjarveru liðsins í leiknum gegn ÍBV í DHL-deildinni á laugardag. Áætlað var að liðið tæki flug til Eyja skömmu eftir hádegi á leikdag en um hádegið skall á svartaþoka sem ekki var hægt að fljúga í. Leikurinn var því flautaður af og ÍBV dæmdur 10-0 sigur.

Í reglum Handknattleikssambandsins kemur skýrt fram að mæti lið ekki til leiks í móti og hefur ekki löglega ástæðu fyrir fjarverunni, skal liðið greiða 250 þúsund króna sekt til HSÍ. „Þetta mál verður tekið fyrir hjá stjórn HSÍ,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, spurður um málið. Hann vildi ekkert segja til um hverjar lyktir málsins yrðu en benti á að það væri á ábyrgð liðsins að koma sér á leikstað.

Ef lokaleikur móts fer fram í Eyjum er það viðtekin venja að lið komi sér þangað daginn fyrir leikdag. Skapti Hallgrímsson, formaður handknattleiksdeildar Þórs, segir að liðið hafi verið meðvitað um áhættuna sem það tók. „Þetta var þýðingarlítill leikur og veðurspáin um morguninn var góð. Því miður skall á þoka og því fór sem fór. En auðvitað er súrt að þurfa hugsanlega að sætta sig við svona háa sekt,“ sagði Skapti. - vig

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

29 30 1 **2** 3 4 5

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.15 **ÍBV** og **Valur** mætast í deildabikar kvenna í handbolta í Vestmannaeyjum.

**SJÓNVARP**

- ☐ 17.00 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- ☐ 18.50 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Blackburn** og **Chelsea.**
- ☐ 20.10 **Handbolti** á Rúv. Bein útsending frá síðari hálfleik í viðureign **ÍBV** og **Vals.**

# Miklir yfirburðir United dugðu ekki ekki til sigurs

**Manchester United tókst ekki að leggja Middlesbrough af velli á Old Trafford í gærkvöldi. Bradley Jones, markmaður Boro, var hetja gestanna í leiknum.**

**FÓTBOLTI** Gestirnir á Old Trafford voru betri aðilinn í fyrri hálfleiknum og óheppnir að komast ekki yfir. Ítalinn Massimo Maccarone fékk besta færi hálfleiksins þegar hann hafði betur gegn Rio Ferdinand í einvígi en Edwin van der Sar varði vel og bjargaði United.

United átti slakan fyrri hálfleik og greinilegt var að liðið saknaði Wayne Rooney sem er meiddur. Allt bit og hugmyndaflæði skorti í sóknarleikinn sem var ekki beysinn. Það átti þó eftir að breytast til muna.

Þegar flautað var til síðari hálfleiks komu United-menn mjög ákveðnir til leiks og hófu stórsókn að marki gestanna. Í vegi þeirra var Bradley Jones, markmaður Boro, sem átti stórleik og bjargaði meistaralega frá leikmönnum United hvað eftir annað. Lee Cattermole gerði sig síðan sekan um fáránleg mistök þegar hann ætlaði sér að blaka hornspyrnu Ryans Giggs frá að hætti blakmanna en uppskar einungis vítaspyrnu vegna hendi. Ruud van Nistelrooy tók hana en Jones varði meistaralega frá Hollendingnum. Þetta var lýsandi fyrir síðari hálfleikinn og þrátt fyrir fjöldamörg tækifæri náðu leikmenn United ekki að skora.



**ÓHEPPINN** Ruud van Nistelrooy var óheppinn að skora ekki gegn Boro í gær. Auk þess að brenna af fjölda færa lét hann verja frá sér vítaspyrnu. NORDICPHOTOS/AFP

Arsenal átti ekki í neinum vandræðum með að leggja dapurt lið Sunderland af velli með Thierry Henry fremstan í flokki. Hann átti þátt í öllum þremur mörkum Arsenal í leiknum. Fyrst skallaði Danny Collins boltann í eigið net eftir aukaspyrnu Henrys, þá sendi Henry stungusendingu á Cesc Fabregas sem skoraði gott mark áður en hann kórónaði stórleik sinn með marki beint úr aukaspyrnu. Frakkinn var í algjörum sérflokki en Arsenal hafði mikla yfirborði í leiknum gegn Sunderland, sem þegar er fallið. - hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| SUNDERLAND-ARSENAL | 0-3 |
| 0-1 Danny Collins (29.), 0-2 Cesc Fabregas (40.), Thierry Henry (43.). | |
| MAN. UTD-MIDDLESBROUGH | 0-0 |
| WBA-WEST HAM | 0-1 |
| 0-1 Nigel Reo-Coker (42.). | |

Ensku landsliðsþjálfaramálin:

## McClaren talinn líklegastur

**FÓTBOLTI** Samkvæmt fjölmiðlum í Englandi verður það Steve McClaren sem tekur við enska landsliðinu í sumar eftir að Sven Göran-Eriksson lætur af störfum.

McClaren er nú í þjálfarateymi enska landsliðsins og hefur náð frábærum árangri með Middlesbrough og meðal annars komið liðinu í úrslitaleik UEFA-bikarkeppninnar. Búist er við því að tilkynnt verði um næsta stjóra í þessari viku en Sam Allardyce er talinn vera sá eini sem geti velt McClaren úr sess.

Luiz Felipe Scolari hætti snögglega við að taka við liðinu eftir ágang fjölmiðla, en hann var fyrsti kostur enska knattspyrnusambandsins í starfið. - hþh



## LEIKMANNAHÓPURINN

**MARKMENN:**
Hrafn Davíðsson
Guðjón Magnússon

**VARNARMENN:**
Adólf Sigurjónsson
Matt Garner
Páll Þorvaldur Hjarðar (fyrirliði)
Andrew Mwesigwa
Jonah Long
Anton Bjarnason
Davíð Egilsson
Hafþór Jónsson

**MIÐJUMENN:**
Andri Ólafsson
Arilíus Marteinsson
Atli Jóhannsson
Bjarni Geir Viðarsson
Pétur Runólfsson
Bjarni Hólm Aðalsteinsson
Ingi Rafn Ingibergsson
Thomas Lundbye
Chris Vorenkamp

**SÓKNARMENN:**
Bjarni Rúnar Einarsson
Bo Henriksen
Sævar Eyjólfsson

**KOMNIR:** Ingi Ingibergsson (frá Selfossi), Arilíus Marteinsson (frá Selfossi), Bo Henriksen (frá Fram), Sævar Eyjólfsson (frá Þrótti), Andrew Mwesingwa (frá Úganda), Jonah Long (frá Bandaríkjunum)

**FARNIR:** Magnús Már Lúðvíksson (Þrótti), Andrew Sam, Rune Rasmussen Lind, Birkir Kristinsson (Hættur), Steingrímur Jóhannsson (Hættur), James Robinson.

## ÞJÁLFARINN

### Guðlaugur Bjarnason

Tók við ÍBV eftir sumarið 2004 en þetta er hans fyrsta verkefni sem meistaraflokksþjálfari. Aðeins 33 ára gamall og því er reynsluleysi helsta vandamálið. Hans bíður ærið verkefni að púsla saman liði ÍBV í sumar.

## | 9- 10. SÆTI | ÍBV

FRÉTTABLAÐIÐ SÝN besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

# Blásum á hrakspárnar

**Fréttablaðið og Sýn spá ÍBV falli úr Landsbankadeildinni í ár. Fyrirliði liðsins, Páll Hjarðar, er þó ekki á þeim buxunum að dansa við falldrauginn í sumar.**

**LANDSBANKADEILDIN** „Sumarið leggst mjög vel í mig. Ég er þó nokkuð bjartsýnn, og töluvert bjartsýnni í fyrra. Mér líst miklu betur á allt í kringum liðið," sagði Páll við Fréttablaðið í gær. ÍBV bjargaði sér frá falli í lokaumferðinni í fyrra á ævintýralegan hátt en það hefur Páll ekki í hyggju að endurtaka.

„Við erum ákveðnir í því að lenda ekki í sama basli og í fyrra. Við ætlum okkur að vera alveg lausir við fallbaráttuna og stefnum á efri hluta deildarinnar," sagði Páll sem telur að erlendu leikmennirnir sem ÍBV teflir fram í sumar komi til með að ráða miklu um gengi liðsins.

„Útlendingarnir eru happa og glappa og það veltur mikið á því hvernig þeir koma út. Ef við erum heppnir með útlendinga í sumar erum við allt eins líklegir til að vera í einu af fjórum efstu sætunum," sagði Páll en óðum er að koma mynd á ÍBV-liðið sem hefur verið að styrkja sig að undanförnu.

„Okkur hefur gengið mjög vel á undirbúningstímabilinu. Við höfum spilað mjög vel þótt við værum án lykilmanna í lengri tíma. Það er því erfitt að meta liðið eins og staðan er í dag."

Páll telur að Hásteinsvöllur verði, líkt og undanfarin ár, nánast óvinnandi vígi fyrir liðin ofan af landi í sumar. „Völlurinn hefur verið gryfja og við vitum að það er alltaf erfitt fyrir lið að koma til Eyja," sagði Páll. **- hþh**



**BJARNI HÓLM AÐALSTEINSSON** Stóð sig vel síðasta sumar og mun líklega spila á miðjunni eða í vörn ÍBV í sumar.

## LYKILMAÐURINN

### Atli Jóhannsson



Með brotthvarfi Ians Jeffs fær Atli enn meiri ábyrgð en áður – ábyrgð sem hann verður að axla. Atli hefur verið besti leikmaður liðsins síðustu ár og einn af örfáum leikmönnum liðsins sem geta búið eitthvað til upp úr engu. Hefur verið að spila mest inni á miðri miðjunni í vetur. Frábær fótboltamaður, tekniskur og fljótur og með baneitraðan vinstri fót.

## FYLGSTU MEÐ....

### Andrew Mwesigwa

Fyrirliði landsliðs úganda kemur til Eyja án þess að vita neitt um Ísland – hvað þá fótboltann sem er spilaður hér. Þess vegna verður afar fróðlegt að sjá hvernig honum mun ganga að aðlagast gjörbreyttu umhverfi.

**Sóknin:**
ÍBV skoraði aðeins 18 mörk í jafn mörgum leikjum í fyrra en freistar þess að laga það með Bo Henriksen. Ef Bo fer ekki í gang gæti þetta orðinn einn helsti höfuðverður ÍBV í sumar.

**Vörnin:**
ÍBV var stálheppið að falla ekki í fyrra en liðið fékk á sig 30 mörk í 18 leikjum. Andrew Mwesingwa þarf að binda vörnina saman.




**Miðjan:**
Mikið mun mæða á Atla Jóhannssyni eftir að Ian Jeffs fór frá liðinu. Atli verður að leika vel ef miðja Eyjaskeggja á ekki að hrynja.

**Markið:**
Hrafn hefur verið í U21 árs landsliði Íslands og hafði góðan lærifóður en Birkir Kristinsson lagði skóna á hilluna eftir síðasta sumar. Skortir reynslu.

**Bekkurinn:**
ÍBV hefur átt erfitt með að manna lið sitt og engin breyting verður á því í ár. Líklegt er að lunginn úr bekkjarsetumönnum verði ungir og óreyndir strákar.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursеiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf." Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

### Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu hálsog bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GG ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S40 bensín.**
**Verð frá 2.595.000 kr.***

**Volvo S40 dísil.**
**Verð frá 2.965.000 kr.***



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**MAGNAÐUR** Kobe Bryant gat leyft sér að fagna í leikslok eftir stórkostleg tilþrif á lokasprettinum sem tryggðu Lakers sigurinn gegn Phoenix. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Kobe Bryant átti stórkostlegan leik fyrir LA Lakers:

# Þetta var dásamlegt

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant sýndi og sannaði að hann er svo sannarlega ekki dauður úr öllum æðum þegar hann afgreiddi Phoenix Suns einn síns liðs í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. Bryant var stórkostlegur á lokasprettinum á meðan verðmætasti leikmaður deildarinnar, Steve Nash, gerði afdrifarík mistök sem kostuðu Phoenix sigurinn. Hann átti frábæran leik en tapaði boltanum tvisvar á afdrifaríkum augnablikum.

Bryant jafnaði metin á lokasekúndum leiksins og tryggði Lakers framlengingu þar sem spennan var í fyrirrúmi. Undir lok hennar tókst Bryant, á ótrúlegan hátt, að skora sigurkörfuna og nú vantar Lakers aðeins einn sigur til að slá Phoenix út úr keppninni í fyrstu umferð úrslitakeppni Vesturdeildarinnar.

„Þetta var dásamleg tilfinning af því að við erum að vinna þessa leiki saman sem lið,“ sagði Bryant en Lamar Odom var stigahæstur í liði Lakers með 25 stig og Kobe Bryant skoraði 24 stig. „Ég hef spilað marga körfuboltaleiki en ég hef sjaldan eða aldrei hitt svona,“ bætti Bryant við en margir telja að hann verði valinn verðmætasti leikmaður NBA-deildarinnar í ár.

Phil Jackson, þjálfari Lakers, hefur unnið níu meistaratitla í NBA-körfuboltanum, þar af þrjá með Lakers. „Ég hef séð marga ótrúlega leiki og þessi fer klárlega í sögubækurnar,“ sagði hinn margrómaði Phil Jackson í leikslok og sparaði ekki hrósið. **- hþh**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

30%
AFSLÁTTUR

Íslenskt stjórnborð

TILBOÐSVERÐ
kr. 114.800
Listaverð kr. 164.000

# Verðlaunavél

**Test**, blað þýsku neytendasamtakanna gaf nýju Miele W2241WTS þvottavélinni hæstu einkunn sem þvottavél fékk árið 2005.

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.**

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You're making me angry. You wouldn't like me when I'm angry."**

**Svar:** Bruce Banner úr Hulk frá 2003.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR HEFUR UPPGÖTVAÐ TÖFRA 24**

## *Grænjaxl í Bauer fræðum*

Það hefur tekið mig ansi langan tíma að uppgötva snilld Jacks Bauer og félaga í 24. Ég missti algjörlega af fyrstu seríunni þar sem sjónvarpið mitt náði ekki Stöð 2 í þá tíð og ég hef því forðast það að horfa á seinni þætti. Nú hef ég hins vegar dottið í hina djúpu 24-gryfju sem ósköp erfitt er að komast upp úr og við kærastinn eyðum nú ansi miklum tíma og peningum í Laugarásvídeó og leigjum 24. Reglulega er því „Jack Bauer Power Hour" í nokkra tíma í röð hjá okkur og þættirnir eru svo rosalegir að ég á ekki til aukatekið orð. Reyndar minnir bíp-stefið sem kemur á milli senanna mig ansi mikið á útvarpssketsa Tvíhöfða þar sem ég heyrði stefið jú þar áður en ég sá 24.

Mér finnst þættirnir svo vel gerðir og raunverulegir að þegar ég kem út í myrkrið á leið heim úr Bauer Power-kvöldi þá líður mér eins og ég þurfi að fela mig og hlaupa á milli bílanna. Því annars muni einhver koma og skjóta mig. Auk þess dreymir mig ekkert annað en bófa og byssur og vakna illa sofin og búin á því. Þetta eru bara Bauer-áhrifin skilst mér og ekkert óeðlilegt fyrir grænjaxla í 24-fræðum. Þeir sem eru vanir Bauer-áhrifunum finna ekki fyrir þessum aukaverkunum og ég býst við því að verða búin að losa mig við þá þegar ég er búin að rústa tveimur seríum af þessari snilld. Mikið er ég heppin að eiga þetta allt saman eftir.



**24** Kiefer er flottur sem Jack Bauer í 24, þáttum sem ég á blessunarlega eftir að sjá meirihlutann af. Góðar sjónvarpsstundir framundan.

Annars eru Prison Break eiginlega jafn góðir þættir og þeir státa líka af hinum fallega Michael Scofield sem fær allar stúlkur til að kikna í hnjáliðunum. Ég verð að segja að Scofield er eiginlega sætari en Bauer þar sem Kiefer er því miður örlítið líkur föður sínum, Donald Sutherland, sem var að öllum líkindum naggrís í fyrra lífi. Ef hann er það ekki bara enn.



▶ **19.35** *Dægurmál*

KASTLJÓS



▶ **20.15** *Kapphlaup*

AMAZING RACE



▶ **22.15** *Gaman*

DUDE, WHERE'S MY CAR?



▶ **20.00** *Veruleiki*

HOW CLEAN IS YOUR HOUSE




▶ **20.10** *Skýringar*

KOMPÁS

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (34:52) **18.25** Draumaduft (9:13)

**18.30 Gló magnaða (49:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35 Kastljós**
**20.15 Deildabikarinn í handbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik í úrslitakeppni kvenna.
**21.10 Mæðgurnar (9:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Tvíeykið (8:8)** (Dalziel & Pascoe IV) Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál. Aðalhlutverk leika Warren Clarke og Colin Buchanan.

**23.10** Dýrahringurinn (1:10) **0.05** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improve-ment **13.30** Veggfóður **14.20** Amazing Race **15.05** Supernanny **16.00** Töframaðurinn **16.25** Shin Chan **16.50** Nornafélagið **17.15** Músti **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.50 Strákarnir**
▶ **20.15 Amazing Race (6:14)**
**21.00 Las Vegas (10:22)** (For Sail By Owner) Lífið gengur sinn vanagang á Montecito spilavítinu og hótelinu í Las Vegas – eða þannig.
**21.45 Prison Break (14:22)** (Bak við lás og slá) Nýr bandarískur framhaldsþáttur sem vakið hefur mikla athygli. B. börnum.
**22.30 The Robinsons** (Robinsons) Breskur gamanmyndaflokkur um hina skrautlegu meðlimi Robinson-fjölskyldunnar.

**23.00** Twenty Four (13:24) (Str. b. börnum) **23.45** Bones (1:22) **0.30** 30, Still Single (B. börnum) **2.00** Ladyhawke **3.55** Mimic 2 (Str. b. börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.25 Þrándur bloggar**
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (20:24)** (Vinir 8) Rachel fær sjokk þegar hún áttar sig á því hversu lítið hún er undirbúin fyrir komu barnsins.
**20.30 Tívolí**
**20.55 Þrándur bloggar**
**21.00 Bernie Mac (4:22)**
**21.30 Supernatural (12:22)** (Faith) Bönnuð börnum.
▶ **22.15 Dude, Where's My Car?** (Hey, hvar er bíllinn minn?) Þessi sprellfjöruga gamanmynd fjallar um Jesse og Chester sem þykir svo sannarlega gaman að skemmta sér. Aðalhlutverk: Ashton Kutcher, Seann William Scott, Jennifer Garner.

**23.35** Extra Time – Footballers' Wive **0.00** Þrándur bloggar **0.05** Friends (20:24) (e) **0.30** Tívolí

### SKJÁREINN

**8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.45** Sigtið – lokaþáttur (e) **16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier – 1. þáttaröð**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
▶ **20.00 How Clean is Your House – tvöfaldur lokaþáttur**
**21.00 Innlit / útlit** Nadia, Þórunn og Arnar Gauti leiða áhorfendur í allan sannleika um það nýjasta í hönnun, praktískar lausnir á öllu sem við kemur heimilinu og kynna áhorfendur fyrir bráðskemmtilegu og skapandi fólki.
**22.00 Close to Home** Dæmdur nauðgari flytur í hverfið og þegar stúlku er nauðgað liggur hann sterklega undir grun.
**22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Frasier – 1. þáttaröð (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal.

**13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

**19.40 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.
**20.00 Fréttir**
▶ **20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS, Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Men With Brooms **8.00** On the Line **10.00** Scorched **12.00** Raising Helen **14.00** Men With Brooms **16.00** On the Line **18.00** Scorched **20.00 Raising Helen** Gamanmynd með Kate Hudson í hlutverki Helenar, ungrar einhleyprar framakonu. **22.00 Dís** Íslensk kvikmynd frá 2004 sem byggð er á metsölubókinni Dís. Með aðalhlutverk fara Álfrún Örnólfsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Þórunn Clausen og Árni Tryggvason. **0.00** Cheats (Bönnuð börnum) **2.00** Rules of Attraction (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Dís

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **17.00** Big Hair Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** The Soup **21.30** 10 Ways **22.00** Number One Single **22.30** Number One Single **23.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Bolton – Charlton frá 22.04 **16.00** Everton – Birmingham frá 22.04 **17.50** Þrumuskot (e)

**18.50 Blackburn – Chelsea (b)**
**21.00 W.B.A. – West Ham frá 01.05** Leikur frá því í gær.

**23.00** Liverpool – Aston Villa frá 29.04 **1.00** Að leikslokum (e) **2.00** Dagskrárlok


Skautafélagið Björninn

Býður alla stráka og stelpur á aldrinum 6-14 ára velkomin á SUMAR SKAUTA NÁMSKEIÐ

Námskeiðin eru haldin í Egilshöll

EGILSHÖLLIN

Línuskautaskóli (línuskautahokkí)

Námskeið 1: 12.-16. júní

Námskeið 2: 19.-23. júní

Hvert vikulangt námskeið er boðið á 9.500 kr. (Innifalið í verði: linuskautaæfingar, yoga, fræðsla, hádegismatur, sund og meira)



Íshokkí og Listskautaskóli

Námskeið 1: 8.-13. ágúst

Námskeið 2: 14.-19. ágúst

Hvert vikulangt námskeið er boðið á 12.900 kr. (Innifalið í verði: ísæfingar, þrekæfingar, fræðsla, sund, hádegismatur or meira)

Verð fyrir byrjendanámskeið er: 4.900- (08:00-12:00) (Innifalið í verði: ísæfingar, þrekæfingar, fræðsla)

Þátttakendur sem eru Sportklúbbí LÍ fá 1.000 kr afslátt

Skráning á www.bjorninn.com

Upplýsingar í síma: 5949696 og 8475366

Landsbankinn

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Prison Break **Stöð 2** kl. 21.45



Fáir nýir þættir hafa notið jafn gífurlegra vinsælda og Prison Break. Sjónvarpsáhorfendum almennt virðist líka vel við spennuþætti enda hefur framboð góðra spennuþátta nær aldrei verið eins gott. Prison Break fjallar um ungan verkfræðing sem lætur loka sig inni í fangelsi sem hann sjálfur átti þátt í að hanna. Ástæðan er sú að hann ætlar að hjálpa bróður sínum, sem bíður aftöku fyrir glæp sem hann framdi ekki, að sleppa út. Í þættinum í kvöld biðja Veronica og Nick dómara um að fresta aftöku Lincolns og Sara biður föður sinn, fylkisstjórann, að fara yfir mál Lincolns á ný. Michael gengur jafnvel enn lengra og reynir að fresta aftöku bróður síns með því að fikta í vírum rafmagnsstólsins.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 3 | | | 1 | | |
| 5 | | 9 | 7 | 4 | | | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | 1 | | | 6 | | | |
| 7 | | 3 | | | | 4 | | 9 |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| | | | | | | | 3 | |
| | | | | 8 | 4 | 9 | | 6 |
| | | 2 | | | 9 | | 8 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 8 | 9 | 6 | 2 | 3 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 7 | 1 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 5 | 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 |



▶ 19.30

*Knattspyrna*

LEIÐIN Á HM 2006

SÝN besta sætið

**17.00** Gillette HM 2006 sportpakkinn **17.30** Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Súpercross** Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda.

▶ **19.30** **Leiðin á HM 2006** Í Destination Germany er fjallað um liðin sem taka þátt í mótinu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina. Fjögur lið eru tekin fyrir hverjum þætti.

**20.00** **Íslandsmótið í hnefaleikum 2006** Útsending frá Íslandsmótinu í hnefaleikum sem fram fór laugardaginn 22. apríl.

**22.00** **Sporðaköst II** (Norðurá) Skemmtilegir veiðiþættir þar sem rennt er fyrir fisk víða um land. Umsjónarmaður er Eggert Skúlason en dagskrárgerð annaðist Börkur Bragi Baldvinsson.

**22.30** **Ensku mörkin**

**23.00** World Poker

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Kjarkur, von og söngur **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Kvöldtónar **20.30** Það gisti óður minn eyðiskóg **21.25** Blessað glamrið **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




Sealy Posturepedic

Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

# Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Hversvegna Posturepedic?

Sealy Posturepedic eru **vinsælustu** heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár.
Sealy eyðir meiri fjármunum í vöruþróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.

**Nýjung!** Öll Sealy rúm eru með MicroTech botni sem tryggður er gegn braki.



**Hversvegna** Posturepedic?
Sealy **Posturepedic gormurinn** sem er hjartað í heilsudýnunni, er hannaður í samvinnu við nokkra færustu bæklunarskurðlækna Bandaríkjanna. Hann bregst mismunandi við þyngd og því geta tveir misþungir einstaklingar notað sömu dýnuna.

**Hversvegna** Posturepedic?
Sérhannaður styrktarkantur **Uni Cased** sem tryggir hámarksnýtingu á svefnfleti, ásamt því að kantar dýnunnar veita betri stuðning. „Thermo Bond“ uppbyggingin dregur úr hreyfingu á milli einstaklinga í sama rúmi.

**Hversvegna** Posturepedic?
**MikroTech** neðri dýnan er sterkari og sveigjanlegri en aðrir botnar og með **MicroSpan** dempurum sem festir eru ofan á viðar og stálbita í botni neðri dýnunnar. Stálið og **MicroSpan** efnið sjá um órtúlega langa endingu neðri dýnunnar.

**Hversvegna** Posturepedic?
**DSS gormurinn** gefur tvenns konar stuðning. Léttan stuðning við lögun líkamans og réttan bakstuðning frá sjónarhóli læknavísindanna.

**Hversvegna** Posturepedic?
**No flip**, það þarf aldrei að snúa Sealy dýnu.

Einkaleyfin 4 frá Sealy:




LYSTADÚN Marco

**Opið: mán-fös. 10-18 og lau. 11-15**

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954



## HRÓSIÐ

*...fær Sýn fyrir að gefa nördum tækifæri á að sanna sig í íþróttum í raunveruleikaþættinum FC Nörd.*

## AÐ MÍNU SKAPI: ÁSTA HEIÐRÚN ELÍSABET PÉTURSDÓTTIR TÓNLISTARNEMI OG SIGURSKÁLD FRÉTTABLAÐSINS

# *Katie Melua, Yosoy, Sound of Music og París*



**TÓNLISTIN**
Hmm, ég myndi segja að ég hlustaði á alla tónlist en það er eiginlega lygi. Ég hlusta ekki á rapp eða öskur. Helst hlusta á ég skemmtilegt melódískt rokk. Katie Melua, Radiohead, Damien Rice og Kings of Convenience eru í uppáhaldi. Ég hlusta líka stundum á útvarpið í bílnum og þá er það helst XFM eða RÚV.

**BÓKIN**
Uppáhaldsbókin mín er reyndar barnabók og heitir Mómó. En af því sem ég las nýlega er það til dæmis Yosoy eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Ég les aðallega skáldsögur en les reyndar eiginlega allt of lítið af ljóðum.

**BÍÓMYNDIN**
Sound of Music er uppáhaldsmyndin mín. Ég er svolítið hrifin af söngvamyndum og sérstaklega finnst mér skemmtilegt þegar fólk brestur í söng. Annars eru það myndir eins og Lord of the Rings og Amelié sem ég man eftir.

**BORGIN**
Ég fór til Parísar fyrir skömmu og fannst hún alveg yndisleg. Hún heillaði mig mikið þessa þrjá daga sem ég dvaldi í henni. Andrúmsloftið, Parísarbúar og byggingarnar eru það besta við borgina.

**BÚÐIN**
Búð? Ég fer nú örugglega oftast í Nóatún. En skemmtilegast finnst mér að fara í fornbókabúðir, það eru uppáhaldsbúðirnar mínar. Það er svo gaman að gramsa í þeim.

**VERKEFNIÐ**
Ég er í smá efnafræðinámi í Háskólanum og er að vinna í því að skipta úr stærðfræði yfir í efnafræði. Er því eiginlega bara í einum áfanga núna. Svo ég er reyndar meira í Tónskóla Sigursveins núna að læra á klarinett á milli þess sem ég dunda mér líka svolítið á píanó.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 6,2 kílómetrar
2 Wayne Rooney
3 FC Nörd











**INGVI HRAFN JÓNSSON** Var búinn að koma sér notalega fyrir með Hrafnaþingið sitt eftir hádegi á NFS en flyst nú yfir á kvölddagskrána og ætlar að tjalda öllu til gegn „ríkiskastljósinu". FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## INGVI HRAFN JÓNSSON: FRÉTTAJÁLKUR SETTUR TIL HÖFUÐS KASTLJÓSI

# Krummi krunkar á besta tíma

Með tilkomu nýs fréttatíma klukkan 17 á sjónvarpsstöðinni NFS verða ýmsar breytingar á dagskrá stöðvarinnar en þar ber hæst flutning Hrafnaþings Ingva Hrafns Jónssonar yfir á besta útsendingartíma en hann mun framvegis þruma yfir áhorfendum frá klukkan 19.30 á kvöldin strax á eftir fréttum og Íslandi í dag.

„Allir fjölmiðlamenn vilja auðvitað fá sem mesta lesningu, hlustun eða áhorf," segir Ingvi Hrafn um breytinguna. „Ég er ekkert yfir mig hrifinn af kvöldvinnu en ég geri þetta með mikilli ánægju í þágu góðs málstaðar."

Ingvi segir að Hrafnaþingið verði að mestu óbreytt en hann sé þó að undirbúa ýmsar nýjungar. „Ég byrja áfram með með minn 10 til 15 mínútna inngang og mun svo vafalaust leggja meira út af fréttum dagsins." Ingvi Hrafn heldur svo áfram að fá til sín gesti og mun fara yfir málefni líðandi stundar með þeim. Ekki er loku fyrir það skotið að sá hluti þáttarins verði efldur til muna þannig að það má búast við líflegu pallborði á Hrafnaþinginu.

„Ég er stoltur yfir því að það hafi verið ákveðið að setja kallinn á móti Kastljósi og það þýðir ekkert annað en að tjalda öllu sem til er á móti ríkiskastljósinu. Ég gerði mitt fyrsta Kastljós fyrir einhverjum 27 árum en það er allt öðruvísi núna. Þetta er gríðarlegt apparat sem kostar tugi ef ekki hundruð milljóna á ári að öllum stórkanónum ríkisins er stillt þar upp en kallinn er þéttur á velli og léttur í lundu," segir gamli fréttajaxlinn sem er alvanur því að vera á skjánum á besta tíma enda bæði fyrrverandi fréttastjóri Sjónvarpsins og Stöðvar 2.

Ingvi Hrafn byrjaði með Hrafnaþingið sitt á Útvarpi Sögu fyrir nokkrum misserum og vakti strax athygli fyrir óheflaða framkomu og harða palladóma um menn og málefni. Hann flutti sig svo yfir á Talstöðina og þátturinn varð síðan sjónvarpsþáttur með tilkomu NFS.

„Það er gott að vera fréttastjóri á Hrafnaþingi þar sem ég hef algerlega frjálsar hendur og það er á hreinu að Krummi krunkar ekki í þágu neins þótt hann sé sestur í Baugshreiðrið. Það verður ekki töluð nein tæpitunga frekar en fyrri daginn og ég verð ekki með neinn tepruskap enda væri ég þá að svíkja mína kúnna."

**thorarinn@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vorblótið hófst á Nasa með trukki og dýfu á fimmtudagskvöldið með tónleikum gömlu kempnanna í Mezzoforte. Með sveitinni steig **Óskar Guðjónsson** saxófónleikari á svið og má segja að hann hafi svo sannarlega stolið senunni á tónleikunum. Óskar sýndi afar líflega og flotta sviðsframkomu og var iðulega kominn fremst á sviðið þar sem hann sveiflaði saxófóninum með miklum tilþrifum og dillaði sér í takt við tónlistina. Fannst sumum nóg um taktana sem skyggðu, eins og áður sagði, algjörlega á hina meðlimi sveitarinnar.



Brúðhjón sumarsins geta glaðst yfir því að fljótlega er væntanlegur á markað nýr diskur sem er tilvalinn til þess að skella á fóninn í brúðkaupsveislunni. Árið 2003 kom út diskurinn Íslensk ástarlög og hefur þeim diski verið algjörlega nauðgað í öllum brúðkaupum, sérstaklega laginu Ást með **Ragnheiði Gröndal**. Nýi diskurinn ber heitið Íslensk ástarljóð og skartar hann söngkonunum **Andreu Gylfa, Ellen Kristjánsdóttur, Hildi Völu, Ragnheiði Gröndal og Sigríði Eyþórsdóttur**. Kynningardiskur hefur nú þegar verið sendur á útvarpsstöðvarnar og af þeim lögum sem heyrst hafa af honum er sá diskur jafn líklegur til vinsælda og sá fyrri enda er hann ennþá væmnari ef eitthvað er.



Pólfarinn **Haraldur Örn Ólafsson** er á leið á hæsta fjall Vestur-Evrópu, Mont Blanc, í byrjun ágúst með góðan hóp af fólki. Það er Ferðafélag Íslands og Bændaferðir sem eru að skipuleggja ferðina og er greinilega mikill áhugi meðal útivistarmanna að ganga með Haraldi Erni því ferðin er orðin fullbókuð nú þegar. Þetta verður í þriðja sinn sem Haraldur Örn klífur fjallið en auk hans verður fjöldi þrautþjálfaðra leiðsögumanna með í för þar sem ekki þykir annað ráðlegt en að hafa einn leiðsögumann á hverja tvo þátttakendur þar sem leiðin er svo brött.








# Fetar í fótspor Tarantinos



**CSI: MIAMI** Horatio Crane og félagar í CSI: Miami þykja með þeim vinsælustu í heimi en Egill Örn Egilsson leikstýrir tveimur þáttum í nýjustu þáttaröðinni.

Egill Örn Egilsson kvikmyndatökumaður leikstýrir tveimur þáttum í nýjustu þáttaröðinni af CSI: Miami en þættirnir eru sýndir á Skjá einum. Egill Örn, sem kýs að kalla sig Eagle Egilsson, hefur verið búsettur í Bandaríkjunum í rúm tuttugu ár eða síðan hann fór vestur um haf í nám.

CSI-þættirnir hafa notið mikilla vinsælda hér á landi og hafa þrjár gerðir verið settar í framleiðslu: í New York, Las Vegas og Miami. David Caruso leikur aðalhlutverkið í Miami-þáttunum en þar fer hann með hlutverk Horatio Crane sem er harðskeyttur leiðtogi rannsóknardeildar lögreglunnar í Miami. Frægt er þegar Quentin Tarantino tók að sér leikstjórn í Las Vegas-þáttunum við miklar vinsældir.

Egill hefur verið að störfum hjá þáttunum um þónokkurt skeið og þá aðallega starfað sem tökumaður en hann kom fyrst til starfa árið 2002 og hefur verið fastráðinn hjá þeim síðan 2004. Egill hefur samkvæmt kvikmyndavefnum imdb.com komið að fjölda verkefna og stjórnaði meðal annars kvikmyndatöku í ljósbláu þáttunum Red Shoes Diaries þar sem X-Files leikarinn David Duchovny steig sín fyrstu skref. Þá var hann einnig á bak við kvikmyndatökuvélina í myndinni Delta of Venus sem þótti einnig í erótískara lagi.

Þrátt fyrir að hafa einbeitt sér aðallega að kvikmyndatöku hefur Egill einnig komið að tæknibrellugerð og sá meðal annars um þær í kvikmyndinni Flightplan þar sem Óskarsverðlaunahafinn Jodie Foster fór með aðalhlutverkið auk þess sem Egill hefur gert fjölda auglýsinga fyrir stórfyrirtæki.

**- fgg**



# Vinnubíll getur líka verið sparibíll

## Getum boðið allar útfærslur af nýum Renault vinnubílum á lægra verði.

**Renault Kangoo Express**

1,5L dísel, tauáklæði, rafm. rúður, samlæsingar, gluggar að aftan með rúðuþurkum, tvöföld vsk grind og fellanlegt framsæti, gírafalúga, ABS bremsukerfi, hliðarhurð, ofl.

Listaverð: 1.413.654,- án vsk.
**Okkar verð: 1.283.000.- án vsk.**
**Mismunur: 10% þú sparar 130.654,- Kr.**
*Til á lager.*



**Renault Master L2H2 millilangur háþekju**

2,5L disel, tauáklæði, rafm. rúður samlæsingar, ABS bremsukerfi, rennihurðir á báðum hliðum, Skilrúm með glugga, 270° opnun á afturhurðum.

Listaverð á bíl með þessum búnaði: 2.666.665,- án vsk.
**Okkar verð: 2.320.000,- án vsk.**
**Mismunur: 15% þú sparar 346.665,- Kr.**
*Til á lager.*



**Renault Trafic L1H1 stuttur disel**

1,9L dísel, tauáklæði, rafm. rúður, samlæsingar, gluggar að aftan með rúðuþurkum, ABS bremsukerfi, skilrúm með glugga, plata í botni.

Listaverð á bíl með þessum búnaði: 1.955.986,- án vsk.
**Okkar verð: 1.698.000,- án vsk.**
**Mismunur: 15% þú sparar 257.986.- Kr.**



**Renault Master L2H2 millilangur háþekju**

**- *Nýtt! Sjálfskiptur***

2,5L disel, tauáklæði, rafm. rúður samlæsingar, ABS bremsukerfi, rennihurðir á báðum hliðum, Skilrúm með glugga, 270° opnun á afturhurðum.

Listaverð á bíl með þessum búnaði: 2.763.049,- án vsk.
**Okkar verð: 2.420.000,- án vsk.**
**Mismunur: 14,5% þú sparar 343.049,- Kr.**
*Til á lager.*

**Getum pantað bílinn eins og þú vilt hafa hann.**

SPARI bíll

**www.sparibill.is**

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



BLÁTT ÁFRAM!

**Yfirstígum óttann**

**Ráðstefna á vegum Blátt áfram um kynferðisofbeldi gegn börnum verður haldin 4. maí í Kennaraháskólanum.**

**Skráning á ráðstefnuna: www.blattafram.is**




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Kvenlegar dyggðir*

Eitt kvöldið fylgdi ég þriggja ára dóttur minni í svefninn með því að lesa fyrir hana ævintýrið um Öskubusku. Það kann ég utanbókar eins og flestir, enda hef ég lesið það svona grilljón sinnum fyrir dætur mínar. Áður næstum gagnrýnislaust þar til þetta kvöld. Um miðbik sögunnar rifjaðist upp fyrir mér hvað hún er fáránleg. Ennþá asnalegra að ég skuli sífellt þylja hana yfir sakleysingjunum án athugasemda.

**BOÐSKAPUR** ævintýrisins er að ef þú lætur traðka á þér án þess að mögla og þjónar kvalara þínum af æðruleysi alla daga þá ertu ógeðslega sæt og góð. Á endanum verður aðalgæinn skotinn í þér af því þú ert svo frábær undirlægja, þú verður aldeilis glöð og giftist honum strax. Loks komin í aðstöðu til að jafna um kúgarana en þú fyrirgefur þeim og sannar þannig göfuglyndið.

**VIÐ** nánari umhugsun sést að næstum öll hin klassísku ævintýri innræta stúlkum kvenlegt aðgerðarleysi. Mjallhvít þótti frábær kvenkostur vegna fegurðar sinnar þótt hún væri ekki sérlega skörp; sá aldrei í gegnum vondu stjúpuna sem þó var alltaf í sama sölukonugervinu. Henni þótti hins vegar æðislegt að vaska upp og þrífa eftir sjö litla feita kalla. Þótt hún hefði engan metnað til æðri menntunar hlotnaðist henni æðsta gjaforð landsins bara með því að liggja kjur, halda kjafti og vera sæt.

**ÞYRNIRÓS** notaði svipaðar aðferðir til metorða, nema hún þurfti að liggja töluvert lengur en Mjallhvít. Yfirburðir hennar sem gæðapíu birtust í því að eftir hundrað ára hrotur var hún ekki svo mikið sem andfúl, heldur í rosagóðu formi. Verðlaunin vitaskuld þau að fá að rotna aðgerðarlaus í hásætinu til dauðadags.

**EINU** kvenpersónurnar sem reyna að hafa áhrif á örlög sín eru í ævintýrunum vondar stjúpur, nornir og tröllskessur. Þeim farnast undantekningalaust illa og eru því ekki sérlega freistandi til eftirbreytni. Eina kvenkyns aðalpersónan sem tekur til sinna ráða og meikar það er hún Búkolla gamla. Hún er hins vegar kýr og þess vegna ekkert sérstök fyrirmynd ungra stúlkna.

**ÞETTA** lesum við fyrir börnin okkar alla daga, stolt af bókmenntaarfinum. Skiljum svo ekki alveg af hverju stelpurnar sætta sig alltaf við lægri laun.





**KIA Rio** er magnaður bíll og með aflmikilli 112 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Eins og alltaf fara hér saman gæði, afl og hagkvæmni. Rio er jafnframt búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn og álfelgum.

**KIA er sá bílaframleiðandi** sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það ekkert skrýtið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi*
*3 ára ábyrgð*

KIA MOTORS

HEKLA KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4083

FRJÁLSI

**FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU**

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 2,5%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 3.4.2006

Fíton/SÍA